ELVAR ÞÓR KARLSSON

Tók nýverið þátt í 100 kílómetra hlaupi

heilsa

allt Í MIÐJU BLAÐSINS

VEIÐI

Ódýr veiðisvæði og nýjungar á markaði

Sérblað um veiði

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG

DAVÍÐ ÞÓR JÓNSSON

Aftur í Gettu betur

Þórhallur fær reynslubolta á skjáinn

FÓLK 30

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

8. júlí 2008 — 184. tölublað — 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

ÞRIÐJUDAGUR

Gerir sér glaðan dag

Ragnar Arnalds fagnar sjötugsafmælinu í faðmi dætra sinna.

TÍMAMÓT 18

Lífið er óvissa

„Enginn gerir ráð fyrir ísbjarnarheimsóknum og skjálftum, bæði í viðskiptalífi og jarðskorpunni," segir Jónína Michaelsdóttir.

Í DAG 16

Falleg eins og jökull

Aníta Briem fær góða dóma fyrir leik sinn í Leyndardómum Snæfellsjökuls.

FÓLK 25

Útlitið er orðið slæmt

Fylkir, ÍA og HK eru áfram í þremur neðstu sætum Landsbankadeildarinnar eftir töp í gær.

ÍÞRÓTTIR 26

VEÐRIÐ Í DAG



HÆGVIÐRI ÁFRAM Í dag verður hæg norðlæg eða breytileg átt. Víðast nokkuð bjart veður en hætt við þokulofti með ströndum. Hiti 10-22 stig, hlýjast til landins vestan til en mun svalara í þokunni.

VEÐUR 4



FRÉTTABLAÐIÐ / ÓSKAR FRIÐRIKSSON

LEIÐSLA Í LÓÐSI Til stóð að halda verkinu áfram síðdegis í gær en þungir hafstraumar komu í veg fyrir það. Þess í stað var fyrirhugað að hefjast handa að nýju um klukkan þrjú í nótt.

Lengsta leiðsla sinnar tegundar:

Vatnsleiðsla lögð til Eyja

BYGGÐAMÁL Ný vatnsleiðsla var lögð frá Bakkafjöru til Vestmannaeyja í gær. Leiðslan er um tólf kílómetra löng og því lengsta vatnsleiðsla í heiminum sem liggur eftir hafsbotni.

Leiðslan var dregin úr flutningaskipinu Henry P. Lading upp í Bakkafjöru, og var haldið á floti með sérstökum flotkútum á meðan enda hennar var komið fyrir í fjörunni. Þegar hafist var handa við að leggja sjálfa leiðsluna voru flotkútarnir teknir af og leiðslan látin sökkva til botns. Annar endi leiðslunnar var festur við land á Landeyjasandi í gærmorgun. Gert var ráð fyrir því að lokið yrði við lögn leiðslunnar nú í morgun.

Danska fyrirtækið NTK sér um verkið, en það lagði einnig fyrstu vatnsleiðsluna til Eyja fyrir 40 árum.

- þeb

Ódýr og vistvæn orka seld við hringveginn

Iðnaðarráðuneytið undirbýr í sameiningu við sveitarfélög að koma á fót fjölorkustöðvum. Þar verður hægt að setja metan, vetni og rafmagn á bifreiðar.

ORKUMÁL „Við höfum byrjað viðræður við sveitarfélög víðs vegar um landið og olíufélög um að koma fjölorkustöðvum kringum landið. Ökumenn sem kjósi að aka bifreiðum knúnum af innlendum endurnýjanlegum orkugjöfum geti tekið orkugjafa eins og metan, vetni, rafmagn, metanól og lífeldsneyti," segir Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra.

Rætt hefur verið við Akureyrarbæ, Fjarðabyggð, Höfn í Hornafirði, Reykjanesbæ og Hafnarfjörð um samvinnu við að koma á fót slíkum stöðvum.

Vinnan er komin lengst í Hafnarfirði. Metanstöð á vegum N1 á Hellnahrauni á að vera tilbúin í ágúst. Hafnarfjörður vinnur að því að skipta út bílaflota sínum fyrir metanbíla. Stefnt er að því að því verði lokið í lok árs 2009, að sögn Guðmundar Ragnars Árnasonar, innkaupastjóra Hafnarfjarðar.

Guðmundur segir að metan sé helmingi ódýrara en bensín auk þess að vera miklu umhverfisvænna. „Þetta er eitt best varðveitta leyndarmál á Íslandi," segir hann.

Ætlunin er að olíufélögin reki stöðvarnar en að ríki og sveitarfélög tryggi þeim markað á fyrstu skrefunum með því að skipta út opinbera bílaflotanum fyrir bifreiðar sem ganga fyrir endurnýjanlegu eldsneyti. Forsenda þess er að slíkt eldsneyti verði í boði víðar.

Fjölorkustöðvarnar eru hluti af áætlun iðnaðarráðuneytisins um að gera Íslendinga síður háða jarðefnaeldsneyti. „Við höfum verið að búa Ísland undir orkuskiptin. Það er ekki spurning um hvort heldur hvenær það þarf að skipta úr olíu í endurnýjanlega orkugjafa. En það er ekki hægt nema dreifileiðir séu fyrir hendi," segir Össur.

Hann telur að Íslendingar hafi forskot í þessum efnum. „Íslendingar eru mjög framarlega í vetnistækni þar sem Ísland hefur verið tilraunaland með vetnisbíla. Sömuleiðis er metannotkun komin vel á veg," segir hann. „Við höfum einnig gnótt grænnar raforku sem er ódýr í samanburði við rafmagn erlendis."

- gh

Prestar um Paul Ramses:

„Krafa Jesú frá Nasaret að hann fái hæli"

FLÓTTAMENN **Ef íslenskt samfélag getur tekið við þeim Paul, Rosemary og Fídel frá Kenía „þá er það krafa Jesú frá Nasaret að hann fái hæli," segja prestarnir Jóna Hrönn Bolladóttir og Bjarni Karlsson.**

Þetta kom fram í predikun þeirra hjóna í kvöldmessum á sunnudagskvöld og birt er á bloggsíðu þeirra. Þar segir enn fremur að þótt ekki sé hægt að bjarga öllum flóttamönnum, ætti fólk að gera það sem það gæti.

Allsherjarnefnd Alþingis fjallar um flóttamenn í dag, að beiðni þingflokks Vinstri grænna. Kona Keníamannsins Pauls Ramses fór stuttlega á sjúkrahús í gær, en hún segist mjög kvíðin. Brottvísun hans verður kærð til dómsmálaráðherra.

- kóþ /sjá síðu 6

Gamall draumur kvikmyndaleikstjórans Baltasars Kormáks rætist:

Sam Shepard í mynd Baltasars

KVIKMYNDAGERÐ „Hann er goðið," segir Baltasar Kormákur kvikmyndaleikstjóri sem hefur nú ráðið leikskáldið og kvikmyndaleikarann Sam Shepard til að fara með viðamikið hlutverk Hollywood-mynd sem hann er að taka í Nýju-Mexíkó.

Baltasar Kormákur var staddur á Íslandi í stuttu stoppi og brá sér á Landsmót hestamanna á Hellu. Hann er rokinn aftur til Ameríku en tökur á mynd hans Run for her Live eru nú hálfnaðar. Skömmu áður en hann sté í flugvélina til Íslands bárust honum þau tíðindi að gengið hefði eftir það sem hann hafði þá unnið að um skeið: Að fá Sam Shepard til að fara með hlutverk stjórnmálamanns sem er tvöfaldur í roðinu. „Honum leist vel á handritið. Það hlýtur þá að vera eitthvað í því," segir Baltasar og ekki á hverjum degi sem menn fá hrós frá einhverju virtasta leikskáldi veraldar.

Sam Shepard á að baki tilkomumikinn feril sem kvikmyndaleikari en er líklega þekktari sem leikskáld. Eftir hann liggja verk á borð við Fool For Love, Buried Child og True West.

Fyrirhugað er að tökum á Run for her Live ljúki í byrjun ágúst en aðalhlutverk eru í höndum Dermout Mulrony og Diane Kruger. Myndin kostar 80 milljónir dollara í framleiðslu og er líklega sú dýrasta sem íslenskur leikstjóri hefur gert á erlendri grund.

- jbg/sjá síðu 30

SAM SHEPARD Hrósaði Baltasar fyrir handritið að Run for her Live og hefur fallist á að fara með hlutverk í myndinni.

SPURNING DAGSINS



Óskar, verður þetta útvötnuð paradís?

„Þótt það sé ekki margt sem heldur vatni hjá þessum meirihluta þá hlýtur þessi vatnaparadís nú að gera það."

Áform um vatnaparadís sem meirihluti sjálfstæðis- og framsóknarmanna höfðu í hyggju að reisa í Úlfarsárdal eru í uppnámi. Hugsanlega verður þar ekkert meira en hverfissundlaug.

Áfrýjunarnefnd samkeppnismála fjallar um eign Orkuveitu í Hitaveitunni:

Enn deilt um kaupsamning

ORKA Áfrýjunarnefnd samkeppnismála úrskurðar ekki um kaupsamning Orkuveitu Reykjavíkur við Hafnarfjarðarbæ í áliti sem hún skilaði í gær. Hafnarfjarðarbær og Orkuveitan deila því enn um hann.

Kauptilboðið, í um 15 prósenta hlut í Hitaveitu Suðurnesja (HS) hljóðaði upp á 7,5 milljarða.

Úrskurðurinn er að mestu samhljóða úrskurði Samkeppniseftirlitsins, nema helst að Orkuveitu er talið leyfilegt að eiga 10 prósenta hlut í HS.

Eftirlitið hafði leyft 3 prósenta hlut að hámarki. Orkuveitan á nú þegar 16,5 prósenta hlut í HS.

„Þetta er í anda þess sem við höfum sagt," segir Gunnar Svavarsson, bæjarfulltrúi í Hafnarfirði. Þar á bæ sé gengið út frá því að staðið verði við gerða samninga.

Kjartan Magnússon, formaður Orkuveitunnar, segir hins vegar að með úrskurðinum séu forsendur samningsins brostnar.

„Það er mjög skýrt að við þurfum að lækka núverandi hlut okkar. Það getur ekki verið vilji samkeppnisyfirvalda né í samræmi við lögin að við kaupum meira."

Úrskurðurinn sé til „töluverðra bóta" því Orkuveitan fái „aukinn frest til að gera breytingu á eignarhaldi og koma okkar hlut niður í tíu prósent". - kóþ

HITAVEITA SUÐURNESJA Orkuveitan á 16,5 prósenta hlut í fyrirtækinu og þarf ef til vill að kaupa um 15 prósent til viðbótar. Hún má hins vegar bara eiga 10 prósent, segja samkeppnisvöld.

MYND/ÚR SAFNI

Miðaldra hollenskt par:

Dæmt fyrir smygl á 17. júní

DÓMSMÁL Tveir Hollendingar, par á miðjum aldri, voru í gær dæmdir í tíu mánaða fangelsi hvor fyrir að smygla til landsins 300 grömmum af kókaíni.

Kókaínið fannst á Leifsstöð 17. júní þegar fólkið kom til landsins frá Amsterdam. Það var falið í hitabrúsa í ferðatösku mannsins.

Fólkið játaði brotið greiðlega en það hefur ekki komið við sögu lögreglu áður svo vitað sé. Það hefur setið í gæsluvarðhaldi frá 18. júní.

Parið var dæmt til að greiða lögmönnum sínum 350 þúsund krónur hvorum, og sakarkostnað upp á 340 þúsund krónur. - sh

Fyrrum Sniglaleiðtogi örkumlaði félaga sinn

Fyrrverandi varaformaður Sniglanna hefur verið dæmdur í skilorðsbundið fangelsi fyrir að flýja lögreglu á rúmlega tvöföldum hámarkshraða og valda samverkamanni sínum ævarandi lömun. Vélhjól hans var einnig gert upptækt.

DÓMSMÁL Héraðsdómur Suðurlands dæmdi í gær tvo vélhjólamenn fyrir ofsaakstur á Suðurlandsvegi í fyrrasumar sem endaði með því að annar ökumannanna hlaut ævilöng örkuml. Annar mannanna, Ásmundur Jespersson, var jafnframt fundinn sekur um að hafa valdið félaga sínum áverkunum. Ásmundur hafði skömmu áður látið af störfum sem varaformaður Sniglanna.

Mennirnir óku 23 kílómetra vegalengd á tæplega 200 kílómetra hraða, þar sem hámarkshraði er 90 kílómetrar á klukkustund. Þegar lögregla varð þeirra vör gaf hún þeim merki um að stöðva, en þeir sinntu því í engu heldur stungu lögreglubíla af og óku áleiðis til Reykjavíkur. Settir voru upp tveir vegatálmar til að hindra för mannanna en þeir óku í gegnum þá á mikilli ferð svo lögreglumenn áttu fótum fjör að launa.

Þegar komið var á Breiðholtsbraut ók annar maðurinn aftan á fólksbíl, kastaðist af hjóli sínu á götuna, í veg fyrir Ásmund sem ók yfir höfuð hans.

Sá sem ekið var á slasaðist mjög alvarlega. Hann hálsbrotnaði og hlaut mænuskaða sem olli lömun frá hálsi og niður úr, með einhverri hreyfigetu í handleggjum. Hann er auk þess með blöðrulömun og lömun í meltingarvegi vegna mænuskaðans og skerta öndun. Segir í dómnum að hann muni „til frambúðar búa við mjög skerta sjálfsbjargargetu og hreyfigetu og vera háður hjólastól og þurfa mikla aðstoð við athafnir daglegs lífs".

Dómurinn kemst að þeirri niðurstöðu að Ásmundur hafi „orðið valdur að ævarandi lömun og fötlun manns vegna gáleysislegs og vítaverðs aksturs".

Ásmundur hefur tvívegis áður verið dæmdur fyrir að aka á meira en tvöföldum hámarkshraða. Í annað skiptið var þrettán ára farþegi aftan á hjóli hans.

Hann var nú dæmdur í átta mánaða skilorðsbundið fangelsi og til að greiða 420 þúsund króna sekt í ríkissjóð, auk þess sem hjól hans var gert upptækt.

„Ég hef ekkert við þig að segja," sagði Ásmundur og skellti á þegar blaðamaður hafði samband við hann vegna dómsins í gær.

Hinn slasaði var einnig fundinn sekur um ofsaakstur, en ekki gerð refsing þar sem ljóst þykir að hann mun aldrei geta fullnustað hana sökum ástands síns. Hann var þó sviptur ökurétti í hálft ár. Dómurinn var kveðinn upp á Grensásdeild Landspítalans, þar sem hinn slasaði dvelur.

stigur@frettabladid.is

AF SLYSSTAÐ Slysið varð skömmu eftir miðnætti 11. júní í fyrra. Mikil umræða hafði farið fram um ofsaakstur vélhjólamanna og höfðu Sniglarnir margsinnis lýst yfir vilja til að sporna gegn honum.

MYND / STÖÐ 2

HJÓLIÐ GERT UPPTÆKT TIL RÍKISSJÓÐS

Dómarinn úrskurðaði að gera ætti vélhjól Ásmundar upptækt til ríkissjóðs. Þetta er í fyrsta sinn sem reynir á nýja lagaheimild sem tók gildi í apríl, sem kveður á um að gerist ökumaður sekur um ítrekaðan eða stórfelldan háskaeða ölvunarakstur, megi gera ökutæki hans upptækt.

Á HVOLFI Trukkurinn valt á hvolf ofan í stóra og djúpa holuna. FRÉTTABLAÐIÐ / AUÐUNN

Bílstjóra sakaði ekki:

Trukkur í holu

LÖGREGLUMÁL Stærðar trukkur valt ofan í holu við Vesturlandsveg í kringum sexleytið í gærdag. Samkvæmt upplýsingum frá lögreglu sakaði bílstjórann ekki, og þar sem slysið olli engum töfum á umferð lauk afskiptum lögreglu af málinu þar með.

Varðstjóri lögreglu vissi ekki hvernig það atvikaðist að bíllinn valt í holuna, en taldi líklegt að um vangá af hálfu ökumannsins hefði verið að ræða. Unnið var að því í gærkvöldi að ná bílnum úr holunni, en hann mun vera nokkuð laskaður. - sh

Hjúkrunarfræðingar vongóðir:

Samningar við það að takast

KJARAMÁL Góður gangur var í viðræðum Félags hjúkrunarfræðinga og samninganefndar ríkisins í gær. Elsa B. Friðfinnsdóttir, formaður félagsins, er bjartsýn á að samningar takist í dag eða á morgun.

ELSA B. FRIÐFINNSDÓTTIR

„Við erum komin með hugmyndir sem báðir aðilar telja þess virði að vinna áfram með," segir hún.

Kapp verði lagt á að semja áður en fyrirhugað yfirvinnubann tekur gildi á fimmtudag. - sh

Mótmæli vörubílstjóra:

Lögregla skoðar um tíu manns

LÖGREGLUMÁL Um tíu manns sem tóku þátt í mótmælum vörubílstjóra á vordögum sæta rannsókn lögreglu fyrir framgang sinn í mótmælunum. Skýrslutökum yfir mönnunum lýkur í næstu viku, að sögn Kristjáns Ó. Guðnasonar, aðstoðaryfirlögregluþjóns hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.

Vörubílstjórar og stuðningsmenn þeirra mótmæltu háu bensínverði og hvíldartímareglugerð í mars og apríl. Tepptu þeir ítrekað umferð með bílum sínum. Til átaka kom milli þeirra og lögreglu við Rauðavatn 23. apríl.

Mennirnir eru grunaðir um brot á hegningarlögum, lögreglulögum og umferðarlögum. - sgj

MÓTMÆLI VIÐ RAUÐAVATN Um tíu mótmælendur sæta rannsókn lögreglu.

Áhrif lakari efnahags á fjárlög:

Engar miklar breytingar enn

RÍKISFJÁRMÁL Lakara efnahagsástand hefur, enn sem komið er, ekki breytt forsendum fjárlagagerðar að miklu leyti, segir Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra.

„En það eru sex mánuðir eftir af fjárlagaferlinu og því ástæðulaust að slá einhverju neikvæðu föstu," sagði hann.

Lánsfjárkreppan hefði „auðvitað" einhver áhrif. Hagvöxtur yrði til að mynda „mun minni" í ár og jafnvel kæmi til örlítils samdráttar á næsta ári.

Því betur væri ríkissjóður sterkur og vel í stakk búinn fyrir fjölbreytilegar aðstæður. - kóþ

Fyrrverandi háskólakennari verður áfram í varðhaldi:

Níðingurinn myndaði fórnarlömbin sín

DÓMSMÁL Hæstiréttur úrskurðaði í gær að fyrrverandi háskólakennari sem ákærður er fyrir gróf kynferðisbrot gegn sjö stúlkum skuli sæta gæsluvarðhaldi þar til dómur fellur í máli hans, þó ekki lengur en til 13. ágúst. Héraðsdómur hafði áður hafnað beiðni Ríkissaksóknara um framlengingu varðhaldsins.

Ákæra á hendur manninum, sem er um fimmtugt, var þingfest 30. júní. Ákæran er í 22 liðum. Þar er honum gefið að sök að hafa misnotað tvær dætur sínar, stjúpdóttur og fjórar vinkonur þeirra ítrekað yfir margra ára tímabil. Stúlkurnar eru fæddar á árunum 1994 til 1998. Segir í úrskurði Hæstaréttar að nægilega sterkur grunur sé um brotin gegn stjúpdóttur hans til að ástæða sé að halda honum í varðhaldi.

Maðurinn er jafnframt ákærður fyrir vörslu myndefnis. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er myndefnið af einhverjum þeirra stúlkna sem kærðu manninn.

Níu kærðu manninn upphaflega, en mál tveggja gegn honum voru látin niður falla þar sem brotin gegn þeim voru fyrnd. Maðurinn hefur setið í gæsluvarðhaldi frá því að hann var handtekinn 3. apríl.

Maðurinn starfaði áður sem kennari við Háskólann í Reykjavík. Þegar upp komst um málið var honum tafarlaust vikið frá störfum. - sh

HAFNARFJÖRÐUR

Hvar eru átta milljarðarnir?

Bæjarráðsfulltrúar minnihluta Sjálfstæðisflokks í Hafnarfirði vilja fá skriflegar upplýsingar frá bæjaryfirvöldum um stöðu mála varðandi eins árs gamalt samkomulag milli Orkuveitu Reykjavíkur og Hafnarfjarðarbæjar um kaup OR á hlut bæjarins í Hitaveitu Suðurnesja fyrir um 8 milljarða króna.

ÁLFTANES

Bróðir forseta vanhæfur

Nýju skipulagi Vestur-Skógtjarnarsvæðis á Álftanesi hefur verið vísað til endurafgreiðslu hjá skipulags- og byggingarnefnd eftir að bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokks gerðu athugasemdir við að bróðir Kristjáns Sveinbjörnssonar, forseta bæjarstjórnar, hefði tekið þátt í fyrri afgreiðslu nefndarinnar á málinu. Töldu þeir bróðurinn vanhæfan vegna tengsla við Kristján sem eigi hagsmuna að gæta við Skógtjörn.

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

WWW.UU.IS

Jólin 2008

Öll sala farin í gang
til Tenerife & Kanarí
frá okt og fram yfir páska

Besta verðið bókast fyrst!



MasterCard VISA

Parque del Sol - Tenerife

Mjög gott íbúðahótel, vel staðsett í einungis 300 metra fjarlægð frá ströndinni. Ekta fjölskyldustaður þar sem íbúðirnar eru byggðar umhverfis glæsilegt sundlaugasvæði.

Verðdæmi: **115.873,-**

á mann m.v. 2 með 2 börn í 17 nætur, 17. desember
Verð á mann m.v. 2 fullorðna **168.775,-**

Barbados - Gran Canaria



Íbúðahótel sem er á frábærum stað fyrir miðri ensku ströndinni. Hentar vel fyrir þá sem vilja líf og fjör dag og nótt. Í nágrenni er mikið af verslunum, veitingastöðum, kaffihúsum og börum.

Verðdæmi: **85.658,-**

á mann m.v. 2 með 2 börn í 15 nætur, 18. desember
Verð á mann m.v. 2 fullorðna á Hotel Las Camelias **104.273,-**

Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting og íslensk fararstjórn. Verð miðast við að bókað sé á netinu.
Ef bókað er á skrifstofu eða símleiðis er bókunargjald 2.500 kr. fyrir hvern farþega.

Ekkert jafnast á við paradísina Tenerife. Hvítar strandir ná alla eyjuna um kring, villtur gróður þekur miðbikið, en verslanir og veitingahús í hæsta gæðaflokki finnast í borgarbyggðum. Tenerife skortir ekkert.

Gran Canaria er þriðja stærsta Kanaríeyjan en jafnframt sú langvinsælasta hjá íslenskum ferðamönnum. Þetta er engin tilviljun, þessi eldfjallaeyja er rík af ströndum, sól og fagurri náttúru, sem tugþúsundir Íslendinga hafa nýtt sér til hins ýtrasta.

Ódýrustu sætin bókast fyrst!

ÚRVAL·ÚTSÝN

ÚRVAL ÚTSÝN ~ LÁGMÚLA 4 ~ 108 REYKJAVÍK ~ SÍMI 585 4000 ~ FAX 585 4065 ~ INFO@UU.IS

GENGIÐ 07.07.2008

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	76,68	77,04
Sterlingspund	150,9	151,64
Evra	120,01	120,69
Dönsk króna	16,092	16,186
Norsk króna	15,07	15,158
Sænsk króna	12,772	12,846
Japanskt jen	0,7126	0,7168
SDR	124,36	125,1

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
154,351

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Finnska tískuhúsið Marimekko og ítalska tískuhúsið Dolce & Gabbana:

Rífast um rauða blómið

FINNLAND Marimekko og ítalska tískuhúsið Dolce & Gabbana deila um réttinn til að nota heimsþekkta rauða blómamynstrið Unikko en bæði fyrirtækin telja sig eiga það sem skráð vörumerki.

Ítalirnir hafa krafist þess að Evrópusambandið, ESB, ógildi skráningu Marimekko á vörumerkinu en áður hafði Marimekko tekist að stöðva markaðssetningu og sölu á vörum Dolce & Gabbana í Þýskalandi en Dolce & Gabbana kynnti til sögunnar í vor kjól með blómamynstri sem líkist Unikko.

Unikko-blómamynstrið hjá Marimekko á rætur að rekja til ársins 1964 þegar finnski hönnuðurinn Maija Isola hannaði mynstrið. Marimekko hefur átt mynstrið alla tíð síðan og hefur það verið heimsþekkt og eitt vinsælasta mynstrið hjá fyrirtækinu, að sögn finnska dagblaðsins Hufvudstadsbladet.

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem Marimekko greinir á við önnur fyrirtæki en Marja Korkeela, talsmaður Marimekko í Finnlandi, segir að málin hafi sjaldan gengið svo langt sem nú. Marimekko láti þetta ekki raska ró sinni því að tískuhúsið eigi fjöldann allan af öðrum vinsælum mynstrum en vitanlega sé brugðist við þegar aðrir reyni að sölsa undir sig eitt af þekktustu vörumerkjunum. Málarekstur Dolce & Gabbana gildir bæði um blómamynstrið á efni, innréttingum, fatnaði og töskum Marimekko. - ghs

RIFIST UM RAUÐA BLÓMIÐ Blómamynstrið Unikko hjá Marimekko.
FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR BIRKISSON

Einbirni í Kína:

Hundrað milljón án systkina

KÍNA, AP Eins barns stefna kínverskra stjórnvalda, sem tekin var upp fyrir um það bil þremur áratugum, hefur haft þær afleiðingar að meira en hundrað milljónir manna í landinu eiga engin systkini.

Einbirnin eru átta prósent allra íbúa landsins, sem nú eru 1,3 milljarðar.

Einbirnisstefnan var tekin upp til þess að draga úr hraða fólksfjölgunar. Stjórnvöld halda því fram að 400 milljón börn hefðu fæðst í viðbót ef þessi stefna hefði ekki verið í gildi síðustu þrjá áratugina. - gb

HVÍTABJÖRN Á SKAGA Fyrri björninn sem felldur var á dögunum.

Vilja nýta reynsluna:

Ísbjarnarhópur sé í Skagafirði

UMHVERFISMÁL Byggðaráð Skagafjarðar vill að stofnaður verði viðbragðshópur á landsvísu vegna bjarndýra og að aðstaða fyrir búnað slíks hóps verði á Sauðárkróki.

Mikilvægt sé að nýta þá miklu reynslu og þekkingu sem fékkst vegna ísbjarnanna tveggja sem gengu á land á Skaga: „Í ljósi þeirrar reynslu sem hefur skapast telur byggðaráð eðlilegt að viðbragðshópur vegna komu hvítabjarna verði staðsettur á Sauðárkróki í samstarfi við Náttúrustofu Norðurlands vestra. Byggt verði á reynslu lögreglu, björgunarmanna, Náttúrustofu Norðurlands vestra, Umhverfisstofnunar og fleiri.“ - gar

Þúsundir bifreiða skemmast:

Golfkúlustór högl á Golf-bíla

ÞÝSKALAND Tugþúsundir Volkswagen-bifreiða, sem biðu útskipunar, skemmdust þegar risahöglum rigndi yfir þýska bæinn Emden á sunnudag.

Golfkúlustór höglin lentu á þrjátíu þúsund Volkswagen Golf- og Passat-bifreiðum, að því er fréttavefur Der Spiegel greinir frá. Ætla má að kostnaður vegna rispna og dælda nemi sem svarar tugum milljarða króna. Fyrirtækið er tryggt fyrir skemmdum. - gh

Fimm þúsund fleiri bílar aki daglega um Kársnesið

Nýjar tillögur um skipulag á Kársnesi gera ráð fyrir að um 14.000 bílar aki eftir Kársnesbraut daglega og að göngubrú liggi yfir í Nauthólsvík. Bílabrú yfir í Vatnsmýri er ólíkleg nema Reykjavíkurflugvöllur fari.

SKIPULAGSMÁL „Tillögurnar eru nokkurn veginn þær sömu í fyrra, en ganga jafnvel enn lengra,“ segir Arna Harðardóttir, formaður samtakanna Betri byggð á Kársnesi. Kópavogsbær kynnir í kvöld tillögur að skipulagi á Kársnesi á opnum fundi.

Kópavogsbær dró til baka tillögur um skipulag á Kársnesinu í fyrra eftir hávær mótmæli íbúa á svæðinu og hátt í tvö þúsund athugasemdir íbúa við tillögurnar. „Okkur var boðið að taka þátt í að mynda nýjar hugmyndir og fórum í það í vor full bjartsýni. Svo kom bara í ljós að þeir vilja ekki taka neitt tillit til okkar athugasemda,“ segir Arna.

Í nýju tillögunum er gert ráð fyrir að umferð um Kársnesbraut aukist úr átta til níu þúsund bílum á dag í 14.000 vegna fjölgunar íbúða og aukinnar atvinnustarfsemi. Vistgata og gönguleið verði við hlið brautarinnar. Spornað verði við hávaðamengun með girðingum og gróðri.

ARNA HARÐARDÓTTIR

GUNNAR I. BIRGISSON

Göngu- og hjólreiðabrú mun liggja yfir Skerjafjörðinn frá Kársnesinu og koma niður nálægt ylströndinni í Nauthólsvík, segir í tillögunum. „Þú hjólar bara í tíu mínútur, þá ertu kominn í Háskóla Íslands,“ segir Gunnar I. Birgisson bæjarstjóri. Hann segir tillögurnar gjörólíkar þeim sem bærinn dró til baka í fyrra.

Önnur hugmynd er brú fyrir ökutæki frá Kársnesinu yfir í Vatnsmýrina. Brúin yrði gjaldfrjáls fyrir íbúa Kársness en gjaldskyld öðrum. Þaðan yrði hægt að aka um fyrirhuguð Öskjuhlíðargöng.

„Hún er náttúrulega bara framtíðarmúsík,“ segir Gunnar um brúna, sem hann telur ekki koma til framkvæmda næstu áratugi.

Brúin er háð áætlunum Reykjavíkurborgar um framtíð flugvallarins í Vatnsmýri og samstarfi milli sveitarfélaganna, að sögn Birgis Sigurðssonar, skipulagsstjóra Kópavogs.

Jón Júlíusson, bæjarfulltrúi Samfylkingar, segir ljóst að tillögurnar valdi því að umferðarþunginn verði mun meiri. „Við höfum áhyggjur af því að það verði umfangsmikil atvinnustarfsemi þarna. Við viljum ekki sjá meira en tólf þúsund bíla daglega,“ segir Jón.

steindor@frettabladid.is

ÍBÚASAMTÖK MÓTMÆLA Samtökin Betri byggð á Kársnesi mótmæltu fyrri tillögum Kópavogsbæjar harðlega. Íbúar hengdu borða á hús sín í mótmælaskyni. Tillögurnar voru síðar dregnar til baka.

TILLÖGURNAR Í HNOTSKURN

- Íbúðum verði fjölgað og þjónusta efld. Auknar landfyllingar við höfnina. Þá muni 14 þúsund bílar aka um Kársnesbrautina daglega, í stað 8 til 9 þúsund áður. Kársnesbrautinni verði breytt til að minnka hljóðmengun.
- Höfnin á Kársnesi verði ekki lengur fyrir stórskip, heldur einungis minni báta. Hafnartengd starfsemi hverfi því með tímanum.
- Ný göngu- og hjólabrú nái úr Kársnesinu yfir í Nauthólsvík. Fossvogurinn verði útivistarperla.
- Brú fyrir ökutæki nái frá Kársnesi yfir í Vatnsmýri. Brúin verði gjaldskyld fyrir alla nema íbúa Kársness.

Hafið - fiskiprinsinn
kominn í Hafnarfjörðinn
Prinsaspjót - Tígrisrækju spjót
Stór humar - Túnfisk steikur
humarsúpa prinsins
Mikið úrval fiskrétta og grillfisks
Þú getur alltaf treyst á prinsinn
HAFIÐ FISKIPRINSINN
Hlíðasmára 8 • 201 Kópavogi • s: 554 7200
Reykjavíkurvegi 68 • 220 Hafnarfirði • s: 5557220
www.hafid.is

VEÐURSPÁ

Sigurður Þ. Ragnarsson veðurfræðingur

ÓLJÓST MEÐ BREYTINGAR
Tölvuspárnar eru nokkuð úr og í með hvort veðrabreytingar verði á föstudag. Jafnvel má með góðum rökum spá litlum sem engum breytingum á veðri fram á sunnudag. Á hinn bóginn verða hitatölurnar eitthvað lægri en verið hefur en þó áfram mjög hlýtt til landsins.



Á MORGUN 3-8 m/s, stífastur vestan til.

FIMMTUDAGUR 3-8 m/s

HEIMURINN

Kaupmannahöfn	19°
Billund	19°
Ósló	20°
Stokkhólmur	19°
Gautaborg	19°
Helsinki	19°
Eindhoven	20°
Amsterdam	19°
London	18°
Berlín	21°
Frankfurt	20°
Friedrichshafen	20°
París	20°
Basel	21°
Barcelona	25°
Alicante	27°
Algarve	28°
Tenerife	22°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

gci080112_bbtransit_vörulína_bensínverðvernd og bílafrelsi_heilsíða_255x390mm_010708_END.ai

Veldu FordTransit

Kynntu þér sértæka þjónustu Atvinnubíla Ford hjá Brimborg

Ford

Nýtt tákn um gæði

Ford Transit 280S Sendibíll.
2,2TDCi 85 hö 250 Nm, 6 dyra.
5 gíra beinskiptur, CO2 losun 208 g/km.
Eyðsla í blönduðum akstri 7,9 l/100 km.
Staðgreiðsluverð án vsk. 2.710.843 kr.*
Staðgreiðsluverð með vsk. 3.375.000 kr.*
Tilboð. Rekstrarleiga án vsk. 46.506 kr.
á mánuði í 24 mánuði.
Tilboð. Rekstrarleiga með vsk. 57.900 kr.
á mánuði í 24 mánuði.
6 bílar á þessu tilboði.

Hringdu núna í síma 515-7000.

Ford Transit Connect 220S Sendibíll.
1,8TDCi 75 hö 175 Nm, 6 dyra.
5 gíra beinskiptur, CO2 losun 171 g/km.
Eyðsla í blönduðum akstri 6,3 l/100 km.
Staðgreiðsluverð án vsk. 1.886.747 kr.*
Staðgreiðsluverð með vsk. 2.349.000 kr.*
Tilboð. Rekstrarleiga án vsk. 37.912 kr.
á mánuði í 24 mánuði.
Tilboð. Rekstrarleiga með vsk. 47.200 kr.
á mánuði í 24 mánuði.
2 bílar á þessu tilboði.

Hringdu núna í síma 515-7000.

Ford Transit 300S SC Pallbíll.
2,2TDCi 85 hö 250 Nm, 2 dyra, 3 manna.
5 gíra beinskiptur, CO2 losun 208 g/km.
Eyðsla í blönduðum akstri 7,9 l/100 km.
Staðgreiðsluverð án vsk. 2.795.181 kr.*
Staðgreiðsluverð með vsk. 3.480.000 kr.*
Tilboð. Rekstrarleiga án vsk. 58.072 kr.
á mánuði í 24 mán.
Tilboð. Rekstrarleiga með vsk. 72.300 kr.
á mánuði í 24 mánuði.
2 bílar á þessu tilboði.

Við staðgreiðum gamla bílinn veljir þú bíl frá Brimborg

Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt veljir þú bíl frá Brimborg. Þú færð peninginn beint í vasann - eða greiðir upp lánið á gamla bílnum. Þú losnar við allt umstang við að selja og minnkar þinn kostnað. Komdu í Brimborg í dag. Komdu í kaffi og kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan bíl hjá Brimborg í dag.**

Dísilverðvernd Brimborgar 115kr.

Nýjung. Dísilverðvernd Brimborgar: tryggir þér 1.500 lítra af dísiloliu á 115 krónur.

ÓB ódýrt bensín

Sparaðu með Brimborg

Ný rekstrarleiga með bílafrelsi og dísilverðvernd

Í dag. Þú getur skilað bílnum eftir 12 mánuði!

Nýjung

Bílafrelsi Brimborgar: styttri samningstími eða 24 mánuðir í stað 36

Bílafrelsi Brimborgar: ef þú vilt þá geturðu skilað bílnum eftir 12 mánuði eða 24

Bílafrelsi Brimborgar 12-24

Nýtt. Þú getur skilað bílnum eftir 12 mánuði.

Bílafrelsi Brimborgar er ný útfærsla á rekstrarleigu. Nýjungin felst í tvennu: leigan er til 24 mánaða í stað 36 og þú getur skilað bílnum eftir aðeins 12 mánuði ef þú vilt. Öruggara getur það ekki verið. Þú nýtir þér bílafrelsi Brimborgar í dag og færð aukalega dísilverðvernd Brimborgar: Aðeins 115 krónur dísillítrinn. Brimborg tryggir þér dísillítrann á 115 krónur næstu 12 mánuði eða 1.500 lítra og gildir í 12 mánuði. Tilboðin gilda aðeins fyrir kaup eða leigu á nýjum bílum.

Komdu í Brimborg í dag og kynntu þér tilboðin sem fylgja bílafrelsi Brimborgar. Veldu öruggan stað að vera á. Komdu í Brimborg og kynntu þér bílafrelsi og dísilverðvernd Brimborgar. Kynntu þér einnig einstök kjör á nýjum bílum hjá Brimborg.

visthæf skref með Brimborg

Farðu á brimborg.is og þú ert kominn af stað

GCI ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.ford.is

brimborg

Öruggur staður til að vera á

* Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Rekstrarleiga er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 24 mán. sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustueftirlit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 25.000 km akstur á ári. Forsendur útreiknings rekstrarleigu miðast við andvirði fjögurra afborgana í tryggingafé. Ef leigutaki ætlar að nýta sér bílafrelsi eftir 12 mán., þarf viðkomandi að láta Brimborg vita með 15 daga fyrirvara. ** Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Aukabúnaður á myndum af Transit er samlitur á stuðara og grilli og þokuljós í framstuðara. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

KJÖRKASSINN

Var rétt ákvörðun hjá Seðlabankanum að lækka ekki stýrivexti?

Já 30%

Nei 70%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Vilt þú nýja ríkisstjórn?

Segðu skoðun þína á visir.is. VÍSIR

ÖLFUS

Sumarhús í súrheysturni

Skipulags- og byggingarnefnd Ölfuss hefur tekið jákvætt í ósk eiganda súrheysturns í sveitarfélaginu um að breyta turninum í sumarhús svo framarlega að sýnt verði fram á að byggingin þoli breytingar vegna hurða og glugga sem þurfi að koma fyrir.

LÖGREGLUFRÉTTIR

Knapi hlaut opið beinbrot

Þyrla Landhelgisgæslunnar sótti í gær mann, sem hlaut opið beinbrot eftir að hafa fallið af hestbaki skammt suður af Hvolsvelli. Maðurinn var fluttur á Landspítalann í Fossvogi.

BORGARNESI

Bjössaróló endurbyggður

Orkuveita Reykjavíkur mun leggja fram tvær milljónir króna til að endurbyggja hinn fræga Bjössaróló í Borgarnesi. Bjössaróló er upphaflega verk Björns Guðmundssonar sem bjó þar hjá og handsmíðaði öll leiktækin upp á eigin spýtur.

Enn ríkir óvissa um húsnæðismál Fjölsmiðjunnar í Kópavogi:

Ríkið vill leigja húsnæði

SAMFÉLAGSMÁL Árni Mathiesen fjármálaráðherra og Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra hafa fundað um málefni Fjölsmiðjunnar. Niðurstaða fundarins var sú að kanna vilja sveitarfélaganna til að leigja húsnæði fyrir Fjölsmiðjuna. Það ríkir því enn óvissa um húsnæðismál Fjölsmiðjunnar í Kópavogi.

Árni segir að verið sé að skoða þessi mál en það sé ekki sitt að ræða málaflokka sem heyri undir aðra ráðherra jafnvel þótt fjármálin komi við sögu. Árni vill ekki tjá sig um mál Fjölsmiðjunnar fyrr en fjármálin séu frágengin.

Þorbjörn Jensson, forstöðumaður Fjölsmiðjunnar, segir að verst sé hvað það taki ofboðslega langan tíma að leysa húsnæðismálin. Sveitarfélögin hafi samþykkt fyrir sitt leyti að kaupa húsnæði og borga 60 prósent í því en nú vilji ríkið leigja húsnæði og þá þurfi að fá afstöðu sveitarfélaganna til þess.

„Ef þau samþykkja þá verður farið í það ferli að auglýsa eftir tilboði í húsnæði fyrir Fjölsmiðjuna og finna út úr því en við hefðum frekar viljað kaupa húsnæði. Mér finnst miklu hyggilegra að gera það því að þá á Fjölsmiðjan húsnæðið og er tiltölulega örugg í því," segir Þorbjörn.

LEITAR AÐ HÚSNÆÐI Fjölsmiðjan er á leið í sumarleyfi. Þorbjörn Jensson forstöðumaður ætlar að nota sumarfríið til að leita að húsnæði.

Fjölsmiðjan er nú á leið í sumarleyfi og hefst starfsemin ekki aftur fyrr en í byrjun ágúst. Þorbjörn segist ætla að nota sumarfríið til að leita að húsnæði. - ghs

Eftirköst fellibylsins í Búrma:

Hjálparstarf gengur vel

BÚRMA, AP Hjálparstarf eftir fellibylinn sem gekk yfir Búrma í maí gengur vel, að sögn talsmanns UNICEF, stofnunar sem heyrir undir Sameinuðu þjóðirnar.

Yfir áttatíu þúsund létu lífið þegar fellibylurinn Nargis reið yfir Búrma 2.-3. maí og meira en fimmtíu þúsunda er enn saknað.

Herforingjastjórnin í Búrma var gagnrýnd fyrir að hindra hjálparstarf erlendra aðila eftir fellibylinn. Svo virðist þó sem tekist hafi að hindra útbreiðslu sjúkdóma og aukið mannfall eftir fellibylinn.

- gh

BJÖRN ER SÁTTUR VIÐ INGIBJÖRGU

„Ég hef ekkert nema gott eitt að segja um að vakið sé máls á þessu við ítölsk stjórnvöld," skrifar Björn Bjarnason dómsmálaráðherra í skeyti til Fréttablaðsins.

Hann hafði verið inntur álits á afskiptum Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur utanríkisráðherra af málefnum Pauls Ramses.

„[Ítalskra stjórnvalda] er að taka afstöðu til þess, hvort veita eigi Paul Ramses hæli sem pólitískur flóttamaður," segir Björn og rifjar upp að Franco Frattini, utanríkisráðherra Ítalíu, hafi í mörg ár farið með þau mál innan framkvæmdastjórnar ESB sem lúta að framkvæmd Dyflinnarsamningsins, sem sé grundvallarskjal í málum sem þessum.

„[Frattini] hefur yfirburðaþekkingu á þessu sviði. Hann þekkir einnig vel til hér á landi og er velviljaður landi og þjóð, rödd Íslands á örugglega hljómgrunn hjá honum," segir hann.

Kona Pauls óttast Útlendingastofnun

Rosemary, kona Pauls Ramses, er kvíðafull og fór í stutta stund á sjúkrahús í gær. Hún er hrædd um að Útlendingastofnun vísi sér úr landi á hverri stundu. Ákvörðun Útlendingastofnunar hefur verið kærð til dómsmálaráðherra.

FLÓTTAMENN „Læknarnir sögðu að ég ætti að hætta að hugsa um þetta en ég bara get það ekki. Ég er hrædd um að þeir komi og geri það sama við mig og þeir gerðu við manninn minn," segir Rosemary Athieno, eiginkona Pauls Ramses flóttamanns.

Rosemary var skoðuð á sjúkrahúsi í gær en hún hefur verið afar kvíðafull og kvartar undan maga- og höfuðverkjum.

Hún segist óttast á hverri stundu að lögreglan komi til að vísa sér úr landi. Hún færi þá annaðhvort til Svíþjóðar eða Keníu.

KATRÍN THEODÓRSDÓTTIR

Lögmaður Pauls, Katrín Theodórsdóttir, kærði ákvörðun Útlendingastofnunar, um að vísa honum úr landi, til dómsmálaráðherra í gær.

„Ég kæri þetta til ógildingar, þar sem ekki hafi verið rétt að ákvörðuninni staðið," segir hún.

Ávörðun um brottvísun hafi ekki verið birt í samræmi við reglur stjórnsýslulaga. Ekki fyrr en búið var að taka Paul fastan.

„Hann hafði því ekki aðgang að réttlátri málsmeðferð fyrir óháðum dómstólum," segir hún.

Til vara fer Katrín fram á að ákvörðuninni verði breytt og umsóknin tekin fyrir hér á landi.

Flestir þeirra þingmanna Samfylkingarinnar, sem Fréttablaðið talaði við í gær, vilja að dómsmálaráðherra endurskoði ákvörðun undirstofnunar sinnar.

ROSEMARY OG FÍDEL SMÁRI Konan fór á spítala í gær, en hún var með mikla magaverki. Læknarnir hvöttu hana til að dreifa huganum, en hún óttast að verða rekin úr landi hvenær sem er. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Ágúst Ólafur Ágústsson, varaformaður Samfylkingar, hóf þessa umræðu í fjölmiðlum í gær.

Lúðvík Bergvinsson, þingflokksformaður Samfylkingar, tekur ekki jafn djúpt í árinni. En hann túlkar Dyflinnar-samninginn þannig að hann sé hugsaður einstaklingum til hagsbóta, frekar en ríkjum.

„Og ég held að það hefði mátt skoða þetta betur," segir Lúðvík.

Björn Bjarnason dómsmálaráðherra bendir hins vegar á að útlendingalöggjöfin hafi verið til umræðu á síðasta þingi: „Og náðist góð sátt um niðurstöðuna. […] Þingmenn binda hendur framkvæmdavaldsins með þeim lögum, sem sett eru."

Allsherjarnefnd kemur saman í dag og fer yfir mál flóttamanna. Ekki náðist í Hauk Guðmundsson, forstjóra Útlendingastofnunar.

Boðað hefur verið til daglegra mótmæla í hádeginu fyrir utan dómsmálaráðuneytið.

klemens@frettabladid.is

Verður maður að fylla kerruna?

Óþægilegt körfuleysi

Natalie Simon skrifar: *„Ég vil benda á óþægilegan hlut í Krónunni á Granda. Þar er ekki að finna neinar körfur heldur bara stórar kerrur (eða litlar kerrur fyrir krakka). Ég veit ekki hvort það sé svoleiðis í öllum Krónubúðum í borginni. Mér finnst eins og verið sé að þvinga viðskiptavini til að kaupa meira með því að spila inn á undirmeðvitund þeirra. Mér finnst þetta lúmskt og virðingarleysi við þá kaupendur sem vilja ekki vera nema stutt í búðinni og kaupa fáa hluti."*

Kristinn Skúlason, rekstrarstjóri Krónunnar, segir það rétt að körfur séu ekki í boði í stærri Krónubúðunum. Þær megi þó finna í minni búðunum. Hann vill ekki kannast við að með því að bjóða bara upp á kerrur sé verið að spila á undirmeðvitund kúnnanna. „Svona ábendingar hafa komið inn á borð hjá okkur áður og við erum að skoða málið," segir hann. „Búðirnar okkar eru rúmgóðar og þægilegar og auðvelt er að fara með kerrur í gegnum þær. Í tveimur stórverslunum okkar erum við svo að þróa sjálfsafgreiðslukassa og þar munum við hafa körfur, enda eru þessir sjálfsafgreiðslukassar helst ætlaðir fyrir viðskiptavini með 10-15 hluti eða færri."

KARFA EÐA KERRA? Þar liggur efinn.

DR. GUNNI gunnarh@frettabladid.is

Sendið umboðsmanni neytenda ábendingar eða sparnaðarráð á neytendur@frettabladid.is

Ímyndaðu þér stað.....

...þar sem erfiði dagsins er létt af þér...

30% AFSLÁTTUR af Chiro Collection rúmum í júlí

.....hvert einasta kvöld

Chiro Collection heilsurúm

Ný hönnun

Chiro heilsudýnan er uppbyggð til að veita hámarksslökun og hvíld í svefni. Gormakerfið er stífara á mjaðmasvæði og mýkra á axlasvæðum. Gormakerfið er læst saman langsum til að dreifa líkamsþyngdinni á sem flesta gorma. Fjöldi gorma er 220 pr fm. í MultiSpring kerfinu. Dýnuna getur þú valið með Conforma heilsu- og hægindalagi, Latex eða ViscoPedic þrýstijöfnunarefni. Steyptir hliðarkantar sem veita 25% meira svefnsvæði. 5 ára ábyrgð á gormakerfi Chiro heilsudýnunnar.

Þú þarft aldrei að snúa henni

Ólíkt venjulegu viðsnúanlegu dýnunum þá byggist ending Chiro heilsudýnunnar ekki á því að henni sé snúið við. Gæti ekki verið auðveldara.

- 7 svæða heilsu og hægindalag.
- Aukin þægindi og fullkomlega nýttur svefnflötur.

Betra BAK

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Opið virka daga frá kl. 10-18
Laugardaga frá kl. 11-16

Reykjavík
Faxafeni 5
Sími 588 8477

Ísafirði
Skeiði 1
Sími 456 4566

VEISTU SVARIÐ?

1 *Hvað heitir Keníumaðurinn sem stjórnvöld vísuðu nýlega úr landi?*

2 *Hvar voru írskir dagar haldnir um helgina?*

3 *Hvað heitir varnarmálaráðherra Bretlands?*

SVÖR Á SÍÐU 30

Viðskiptaráðherra segir óheppilegt hve málshraði Eftirlitsstofnunar EFTA er hægur:

Þyrfti að vera bæði gólf og þak

STJÓRNSÝSLA Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra segir mjög óheppilegt og óþægilegt hve hægt mál vinnist hjá Eftirlitsstofnun EFTA (ESA).

Stofnunin hefur í fjögur ár haft til skoðunar hvort lagaumhverfi og starfsemi Ríkisútvarpsins séu í samræmi við fyrirmæli EES-samningsins. Meðal annars af þeirri ástæðu telur Samkeppniseftirlitið sér ekki fært að aðhafast í kvörtunarmáli 365 hf. vegna meintrar ólögmætrar ríkisaðstoðar við Ríkisútvarpið.

„Svona mál krefst snöggrar úrlausnar því markaður eins og fjölmiðlamarkaðurinn er viðkvæmur og það getur skilið á milli lífs og dauða einstakra fjölmiðla," segir Björgvin. Mikið liggi undir; sérstaða RÚV sé mikil enda fyrirtækið með mikla hlutdeild á auglýsingamarkaði auk þess að njóta afnotagjalda. Það hafi hann gagnrýnt.

Spurður hvort ástæða sé til að hvetja ESA til að breyta starfsháttum sínum segist Björgvin ekki þekkja þær forsendur sem baki búa. „En það er sjálfsagt mál að reyna að festa það með einhverjum hætti að það sé bæði gólf og þak á þessu."

Björgvin bendir á að íslensk samkeppnisyfirvöld hafi legið undir ámæli fyrir hægagang í málsmeðferð en það hafi færst til betri vegar. - bþs

BJÖRGVIN G. SIGURÐSSON Viðskiptaráðherra segir sérstöðu RÚV mikla.

Stuðningur við ljósmæður:

Mótmælt við Stjórnarráðið

MÓTMÆLI Stuðningsfólk ljósmæðra efnir til samstöðu fyrir utan Stjórnarráðið klukkan 9.15 í dag, rétt fyrir fastan fund ríkisstjórnarinnar.

Ljósmæðrafélagið hefur óskað eftir því að laun þeirra verði hækkuð í samræmi við laun annarra háskólastétta með sambærilega menntun.

Stuðningsfólk ljósmæðra vill minna á nána aðkomu stéttarinnar að lífi fólks. Einnig er minnt á stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar þar sem gefið var loforð um endurskoðun á kjörum kvenna hjá hinu opinbera.

- hþj

Fráveita í Hafnarfirði:

Stórlán vegna framkvæmda

SVEITARSTJÓRNIR Hafnarfjarðarbær ætlar að taka hálfan milljarð króna að láni hjá Lánasjóði sveitarfélaga vegna framkvæmda á þessu ári á vegum fráveitu bæjarins.

LÚÐVÍK GEIRSSON

Fulltrúar minnihluta Sjálfstæðisflokksins í bæjarráði segja að enn á ný sé tekið lán til framkvæmda þrátt fyrir skýrar yfirlýsingar um enga nýja lántöku á árinu 2008. Bæjarráðsmenn meirihluta Samfylkingarinnar segja að vegna mikilla breytinga í efnahagsmálum sé fjárfestingarmarkaður nánast frystur: „Fyrirtæki og lóðarhafar treysta því á þolgæði sveitarfélaganna. Slíkt hefur veruleg áhrif á sjóðstreymi bæjarsjóðs." - gar

Kjarasamningur BHM:

Félög kjósa um nýjan samning

KJARAMÁL Atkvæðagreiðsla BHM-félaganna um kjarasamninginn, sem var undirritaður nýlega, hófst í gærmorgun og henni lýkur í flestum félögum á miðnætti á föstudag. Atkvæðagreiðslan fer fram með rafrænum hætti á heimasíðu Bandalags háskólamanna, BHM.

Félagsmenn allra stéttarfélaga innan BHM greiða atkvæði um kjarasamninginn þessa vikuna. Hjá félagsmönnum Félags háskólakennara og Kennarafélags Kennaraháskóla Íslands hefst atkvæðagreiðslan mánudaginn 14. júlí.

Ekki hefur verið samið fyrir hönd Ljósmæðrafélags Íslands og Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga. - ghs

Vill að LÍN taki tillit til búsetu sinnar

Jóhanna Barðdal sem búsett er í Noregi segist ætla skipulega í mál gegn LÍN ef hún fær námslán sín ekki reiknuð út frá norskum aðstæðum. Framkvæmdastjóri LÍN segir miðað við íslenska útsvarsstofninn til að gæta samræmis.

LÍN „Ég tapa um 50.000 krónum á ári með þessari reikniaðferð," segir Jóhanna Barðdal, fræðimaður við Háskólann í Bergen, sem byrjaði að borga námslán sín fyrir nokkrum árum.

Þegar borgað er af námslánum Lánasjóðs íslenskra námsmanna (LÍN) er miðað við svokallaðan útsvarsstofn lánþega. Fyrir fólk sem býr í útlöndum er íslenski útsvarsstofninn reiknaður en ekki útsvarsstofninn í landinu sem viðkomandi býr í.

Jóhanna vill að sér sé reiknaður norski útsvarsstofninn þar sem hún greiðir skatta og tekjur í Noregi. „Með því að nota þann íslenska er algjörlega verið að slíta tekjurnar úr samhengi. Ég miða lífibrauð mitt auðvitað við þá skattprósentu sem er í landinu sem ég bý í," segir Jóhanna.



JÓHANNA BARÐDAL

Garðar Stefánsson stjórnarmaður í Sambandi íslenskra námsmanna erlendis segir nokkur mál þessarar tegundar hafa komið upp.

„Nú er umboðsmaður Alþingis búinn að tjá sig um málið og við munum skoða þetta á stjórnarfundi í þessari viku," segir Garðar.

Umboðsmaður Alþingis tók málið nýlega til umfjöllunar. Í bréfi til málskotsnefndar LÍN sagði umboðsmaður að ekki væri skýrt í lögunum hvaða reglum eigi að beita um ákvörðun útsvarsstofns lánþega.

„Þetta er hagsmunamál fyrir alla Íslendinga sem búsettir eru erlendis og borga námslán hjá LÍN. Ef ég fæ ekki leiðréttingu á útsvarsstofninum ætla ég að stofna félag íslenskra viðskiptamanna við LÍN í útlöndum. Hlutverk þess verður að fara skipulega í mál gegn LÍN," segir Jóhanna.

LÍN Engin sanngirni væri í því að leggja útsvarsstofn Noregs til grundvallar útreikningi að mati framkvæmdarstjóra. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

ÚTREIKNINGAR LÍN

Endurgreiðslur til LÍN eru reiknaðar sem hlutfall af svokölluðum útsvarsstofni. Útsvarsstofninn hér á landi eru tekjur einstaklings að frádregnum lífeyrisgreiðslum hans. Í Noregi er dregið frá útsvarsstofninum vaxtagjöld og vinnutengdar bætur. Hins vegar er fjármagnstekjum bætt við þá upphæð.

Greiðslan til LÍN verður síðan 3,75 prósent af útsvarsstofninum.

Steingrímur Ari Arason framkvæmdastjóri LÍN segir LÍN reikna útsvarsstofninn eins og teknanna hefði verið aflað á Íslandi.

„Tekjustofninn í Noregi tekur tillit til fjármagnstekna en það er ekki gert í íslenska útsvarsstofninum. Ef reiknaðar væru fjármagnstekjur þá væri engin sanngirni í því," segir Steingrímur. Hann segir ástæðuna fyrir því að íslenski útsvarsstofninn sé notaður þá að með því sé gætt samræmis milli lánþega.

Umboðsmaður Alþingis bar fram nokkrar spurningar til málskotsnefndar LÍN um útreikning á námslánum. Síðasti skiladagur svaranna er í dag, þriðjudaginn 8. júlí.

vidirp@frettabladid.is

MÁLIÐ Í HNOTSKURN

- **4. september 2007** Jóhanna sendir inn kvörtun til LÍN
- **14. september 2007** Fær svar frá LÍN þar sem útreikningurinn er sagður löglegur.
- **4. október 2007** Jóhanna sendir málskotsnefnd LÍN bréf
- **19. desember 2007** Úrskurður kemur frá málskotsnefndinni. Úrskurðurinn er svipaður og svarbréf LÍN frá 14. september.
- **15. mars 2008** Jóhanna sendir kvörtun til umboðsmanns Alþingis og bréf til menntamálaráðherra
- **10. júní 2008** Umboðsmaður Alþingis sendir málskotsnefnd bréf með spurningum um nokkra þætti málsins.
- **Staðan núna** Menntamálaráðherra hefur enn ekki svarað bréfi Jóhönnu. Málskotsnefnd þarf að svara spurningum umboðsmanns fyrir 8. júlí næstkomandi.

Í STUTTU MÁLI

Þegar greitt er af námslánum Lánasjóðs íslenskra námsmanna er miðað við svokallaðan útsvarsstofn lánþega. Útsvarsstofninn er alltaf miðaður við hinn íslenska útsvarsstofn en ekki útsvarsstofninn í landinu þar sem viðkomandi býr.

Jóhanna Barðdal fræðimaður segir sig tapa 50.000 krónum á ári vegna þessa, en hún er búsett í Noregi.

Steingrímur Ari Arason framkvæmdarstjóri LÍN segir ekki reiknað með öðrum útsvarsstofnum til að gæta samræmis. Ef reikna ætti norska útsvarsstofninn yrði að taka fjármagnstekjur inn og það væri ósanngjarnt.

-2 krónur
í Grafarvogi
í dag!

Afsláttur er veittur af almennu verði Orkunnar sem er 175,6 kr. á 95 okt. bensíni og 192,1 kr. á dísel.
M.v. verð 8. júlí 2008.



Sparaðu hjá Orkunni í dag!

ORKAN bensín

SPÁÐU Í HVAÐ ÞÚ SPARAR!

Panasonic LUMIX

Myndavélar sem hugsa fyrir okkur! Intelligent Auto iA

Panasonic Lumix myndavélar með Intelligent Auto framkvæma allt það flókna og tæknilega á meðan þú slakar á við myndatökur! Með Intelligent Auto möguleikanum sameinar Panasonic fjórar tækninýjungar sem tryggir að þú gerir aldrei mistök.

Panasonic DMCLS70
Stafræn MYNDAVÉL með 7,2 milljón punkta upplausn, Venus Engine II, LUMIX DC Vario linsu, 3x Optical og 4x Digital Zoom, 5.8 - 17.4mm linsu með MEGA OIS hristivörn, 2.0" LCD skjá, hágæða hreyfimyndatöku með hljóði,rauf fyrir SD/SDHC kort ofl.

7.2 MILLJÓN PUNKTA

TILBOÐ **16.995**
FULLT VERÐ 22.995

8.1 MILLJÓN PUNKTA

Panasonic DMCLS80
Stafræn MYNDAVÉL með 8,1 milljón punkta upplausn, Venus Engine III, LUMIX DC Vario linsu, 3x Optical og 4x Digital Zoom, 5.5 - 16.5mm linsu með MEGA OIS hristivörn, 2.5" LCD skjá, hágæða hreyfimyndatöku með hljóði, rauf fyrir SD/SDHC kort ofl.

TILBOÐ **18.995**
FULLT VERÐ 22.995

8.1

LEICA DC LENS

Panasonic DMCFS3
8,1 millj. punkta uppl., Venus Engine IV, Intelligent Auto, Face Detection, LEICA DC Vario Elamrit linsu, 3x Optical og 4x Digital Zoom, 5.5 - 16.5mm linsu með MEGA OIS hristivörn, 2.5" LCD skjá, hágæða hreyfimyndatöku með hljóði, 50MB Innra minni, rauf fyrir SD/SDHC kort ofl.

VERÐ **24.995**
FRÁBÆRT VERÐ

10.1

LEICA DC LENS

Panasonic DMCFS5
10,1 millj. punkta uppl., Venus Engine IV, Intelligent Auto, Face Detection, LEICA DC Vario Elamrit linsu, 4x Optical og 4x Digital Zoom, 5.2 - 20.8mm linsu með MEGA OIS hristivörn, 2.5" LCD skjá, hágæða hreyfimyndatöku með hljóði, 50MB innra minni, rauf fyrir SD/SDHC kort ofl.

VERÐ **34.995**
FRÁBÆRT VERÐ

12.1 MILLJÓN PUNKTA

Panasonic DMCFX100
12,1 milljón punkta upplausn, Venus Engine II, LEICA DC Elamrit linsu, 3.6x Optical og 4x Digital Zoom, 6.0 - 21.4mm linsu með MEGA OIS hristivörn, 2.5" LCD skjá, hreyfimyndatöku og rauf fyrir SD/SDHC kort. 27MB innra minni.

TILBOÐ **32.995**
FULLT VERÐ 44.995

3CCD FULL HD 1080p LEICA DC LENS

Panasonic NVGS80
Digital TÖKUVÉL með 2,7" skjá, 1/6" upptöku-flögu, 800.000 punkta uppl., 32x Optical og 1000x Digital Zoom, Color Night view, Pure Colour Engine, MEGA O.I.S titringsdeyfi, Snapshot, DV útg., vefmyndavél ofl.

TILBOÐ **29.995**
FULLT VERÐ 32.995

Panasonic SDRH20
Með 30GB hörðum diski, 800.000 punkta upplausn, 32x Optical og 1000x Digital Zoom, Color Night view, MEGA O.I.S titringsdeyfi, kyrrmyndavél, 2.7" LCD breiðskjá, Dolby Digitalhljóðupptöku og USB 2.0. 512MB SD kort fylgir.

TILBOÐ **49.995**
FULLT VERÐ 54.995

Panasonic SDRH250
Með 30GB hörðum diski, 3CCD 1/6" upptökuflögum með 800.000 punkta upplausn hver, Leica Dicomar Linsu, 10x Optical og 700x Digital Zoom, Color Night view, MEGA O.I.S titringsdeyfi, kyrrmyndavél, 2.7" LCD breiðskjá, Dolby Digital hljóðupptöku og USB 2.0. 512MB SD kort fylgir.

TILBOÐ **64.995**
FULLT VERÐ 79.995

Panasonic HDCSD9
HÁSKERPU TÖKUVÉL með Full HD uppl. (1920 x 1080), MPEG4-AVC/H.264 upptaka (AVCHD samhæfð), 3CCD 1/6" upptökuflögum - 560.000 p. uppl. hver, Leica Dicomar Linsu, Viera Link, 10x Optical og 700x Digital Zoom, Color Night view, Advanced O.I.S titringsdeyfi, 2.7" LCD breiðskjá, Dolby Digital Surround 5.1 hljóðupptöku, USB 2.0. Tekur á SD/SDHC kort.

VERÐ **99.995**
FRÁBÆRT VERÐ

REYKJAVÍK
SUÐURLANDSBRAUT 26
SÍMI 569 1500

AKUREYRI
GLERÁRGÖTU 36
460 3380

HÚSAVÍK
GARÐARSBRAUT 18A
464 1600

SELFOSS
EYRARVEGI 21
480 3700

Heimilistæki
ht.is

Fíton/SÍA

Þú ræður hverjir vinir þínir eru

vodafone

Með **Vodafone Frelsi** velur þú 5 vini og skráir þá á **vodafone.is**. Hvaða vini sem er, alveg sama hjá hvaða símafyrirtæki þeir eru.

Skiptu yfir til **Vodafone** í einum grænum hvelli og gefðu skít í kerfið.

Lifðu núna

ALLIR FRÁ! Þátttakendur í árlegu nautahlaupi í Pamplona á Spáni flýja viðskotaill nautin. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Leiga Félagsbústaða hækkar í tengslum við vísitölu:

Félagsleg leiga hækkar enn

FÉLAGSMÁL Leiga Félagsbústaða í Reykjavík hækkaði um síðustu mánaðamót um 6,4 prósent vegna vísitölu sem leigan er bundin við. Nokkuð hefur verið gagnrýnt að húsaleigubætur séu ekki vísitölubundnar á sama hátt.

Fréttablaðið hefur undir höndum reikninga frá tveimur leigjendum Félagsbústaða. Hjá öðrum þeirra hækkaði leigan úr ríflega 54.600 krónum í rúmlega 58 þúsund krónur. Hjá hinum úr um það bil 94.000 krónum í ríflega 102.600 krónur.

Vísitölubreytingar á leigunni verða á hverjum ársfjórðungi og tóku síðast gildi nú um mánaðamótin.

FÉLAGSBÚSTAÐIR Húsaleigan hefur hækkað í tengslum við hækkun vísitölu undanfarið. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Líkt og Fréttablaðið hefur greint frá var nýverið gerð breyting á niðurgreiðslu Reykjavíkurborgar. Leigan var færð að raunvirði og í stað niðurgreiðslu á henni komu sérstakar húsaleigubætur.

Nokkuð hefur borið á óánægju leigjenda með það hve breytileg sú upphæð sem leigjendur þurfa að greiða sé. Greiðsluseðlar hálfs árs sýna útgjöld frá bilinu tæplega 27 þúsund í ríflega 41 þúsund. Aðeins í einu tilvikinu er leigan sú sama á milli mánaða.

Stjórn Félagsbústaða hefur óskað eftir 10 prósenta hækkun á leiguna umfram verðlagshækkanir. Velferðarráð hefur ekki svarað erindinu og er nú komið í sumarfrí. **- kóp**

Knattspyrnuhús í Hornafirði:

Ósátt við að missa útsýnið

SVEITARSTJÓRNIR Fimmtán íbúar á Höfn í Hornafirði hafa sent bæjaryfirvöldum mótmæli vegna staðsetningar fyrirhugaðs knattspyrnuhúss.

Fólkið, sem býr við göturnar Bogaslóð og Garðsbrún, segir að útsýni muni breytast mikið og hús þar muni því falla í verði. Í fundargerð bæjarráðs kemur einnig fram að aðalstjórn Ungmennafélagsins Sindra fagni staðsetningu knattspyrnuhússins. Hún henti vel vegna nálægðar við önnur íþróttamannvirki. Bæjarráðið ákvað að framlengja umsagnarfrest um deiliskipulagstillöguna um tvær vikur. **- gar**

Starfsmenn RÚV ósáttir:

RÚV vantar rekstrartekjur

MENNING Stjórn Starfsmannasamtaka Ríkisútvarpsins ohf. hefur sent frá sér yfirlýsingu þar sem skorað er á ráðamenn að tryggja fyrirtækinu þær tekjur sem lofað var þegar rekstrarfyrirkomulagi þess var breytt.

„Þetta bitnar mest á starfsmönnum en við teljum að uppsagnir ættu að vera síðasta úrræði stjórnenda en ekki sjálfsagður liður í hagræðingu," segir Baldvin Þór Bergsson, formaður samtakanna. - ges

ÞÝSKALAND

Hitler verður sýndur aftur

Vaxmyndin af Adolf Hitler verður aftur sett upp í vaxmyndasafni Tussaud í Berlín. Gera þarf við myndina eftir að fertugur Berlínarbúi tók höfuðið af henni til að mótmæla þeirri vegsemd sem honum þótti Hitler sýnd.

Medvedev hittir aðra þjóðarleiðtoga á fundi G8-ríkja:

Framfylgir stefnu Pútíns í fágaðra gervi

JAPAN, AP Dimitrí Medvedev Rússlandsforseti ræddi í gær við aðra þjóðarleiðtoga á fundi G8-ríkja í Japan. Þetta er mikilvægasti alþjóðlegi fundur hans frá því hann tók við forsetaembættinu af Vladimír Pútín.

Að sögn sérfræðinga virðist Medvedev ætla að fylgja áfram harðlínustefnu forvera síns. Hann sé hins vegar kurteisari og mýkri í fari en Pútín, sem falli betur í kramið hjá vestrænum leiðtogum.

Medvedev telur samband Rússlands og Bandaríkjanna á heildina litið jákvætt. Hann hefur þó, eins og forveri hans, lýst andstöðu sinni við áætlanir Bandaríkjamanna um að koma upp eldflaugavarnarkerfi í Austur-Evrópu og áætlunum um að Georgía og Úkraína gangi í Atlantshafsbandalagið.

MEDVEDEV OG BUSH George Bush Bandaríkjaforseti segir að Medvedev virki „klár gæi sem skilji vel málefnin".

Samband Rússlands og Bretlands er enn stirt vegn Litvinenko-málsins. Samband Rússa við Frakka og Þjóðverja er vinalegra. Nicolas Sarkozy hefur talað fyrir nýjum heildarsamningi Rússlands og Evrópusambandsins. **- gh**

LEIÐTOGAFUNDINUM MÓTMÆLT Mótmælendahópar fylgja jafnan árlegum leiðtogafundum G8-ríkjanna, sem að þessu sinni er í Japan. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Thabo Mbeki gagnrýndur

Málefni Afríku voru í brennidepli á fyrsta degi leiðtogafundar G8-ríkjanna í Japan í gær. Tillögur um að fjölga í ríkjahópnum fá byr undir báða vængi.

JAPAN, AP Leiðtogar sjö Afríkuríkja mættu á fund í gærmorgun með leiðtogum G8-ríkjahópsins í Japan, á fyrsta degi leiðtogafundarins. Rætt var um efnahagsaðstoð til Afríku, en sum ríkjanna átta, einkum þó Frakkland, Kanada og Ítalía, hafa verið gagnrýnd fyrir að skammta Afríkuríkjum naumt alla aðstoð.

Fyrir þremur árum samþykktu ríkin átta að auka verulega aðstoð sína við Afríku, en þau loforð hafa ekki skilað sér í auknu fjármagni.

„Ef þetta fé væri komið á staðinn, þá teljum við að bjarga hefði mátt fimm milljónum mannslífa á hverju ári," sagði Charles Abani hjá Oxfam, stofnun á vegum Sameinuðu þjóðanna, í Nígeríu.

Thabo Mbeki, forseti Suður-Afríku, sætti á fundinum harðri gagnrýni fyrir stuðning sinn við Robert Mugabe, forseta Simbabve. Meðal annars gagnrýndi George W. Bush Bandaríkjaforseti hann harðlega. Mbeki hefur verið í lykilhlutverki í viðræðum við Mugabe, en þykir hafa sýnt honum mikla linkind.

Angela Merkel, kanslari Þýskalands, hvetur leiðtoga hinna G8-ríkjanna til þess að grípa til harðra aðgerða gegn Mugabe vegna nýafstaðinna forsetakosninga í landi hans, sem almennt hafa verið taldar ómarktækar.

„Ég tók það skýrt fram að úrslit kosninganna væru ógild," sagði Merkel við blaðamenn að fundinum loknum.

Töluvert hefur verið rætt um að fjölga í G8-hópnum til að gefa fleiri upprennandi áhrifaríkjum kost á að taka þátt í þessum árlegu fundum, þar sem heimsmálin eru rædd.

Ekki eru mörg ár síðan Rússland fékk aðild að hópnum, sem þá hét G7-hópurinn, en Nicolas Sarkozy Frakklandsforseti hefur nú lagt til að Kína, Indland, Brasilía, Suður-Afríka og Mexíkó fái inngöngu. Í ár er þó látið nægja að bjóða leiðtogum þessara fimm ríkja til fundarins í Japan, þar sem þeir ræða í dag við leiðtogana átta, en Sarkozy segir það lágmark að heill dagur verði tekinn undir viðræður þessa stækkaða hóps.

Loftslagsmál og efnahagsmál verða annars helstu málefni fundarins í ár. Meðal annars verður reynt að ná samkomulagi um að ríkin átta dragi úr losun gróðurhúsalofttegunda um 50 prósent fyrir árið 2050, en óvíst er með öllu hvort slíkt samkomulag næst.

gudsteinn@frettabladid.is

Fíton/SÍA

Fágun. Upplifun. Óviðjafnanleg.

MacBook Air – örþunn, fislétt, líka fyrir Windows

Þegar þú snertir nýju MacBook Air breytist allt sem þú taldir þig vita um fartölvur og verður aldrei eins aftur. MacBook Air á þig um leið og þú sérð hana.
Létt, örþunn, öflug.

Apple IMC | Humac ehf.

Sími 534 3400 www.apple.is
Laugavegi 182 105 Reykjavík
Kringlunni 103 Reykjavík

Apple IMC

SUZUKI

Way of Life!

Sprækur, sparneytinn og lipur

„Þægilegur í alla staði - bara frábær og traustur bíll...“

Hugtök Júní 08

SUZUKI SWIFT

Swift er einstaklega vel búinn, aflmikill, lipur og er til bæði handskiptur, sjálfskiptur og sem sparneytinn fjórhjóladrifsbíll. Bíll sem á sér engan sinn líka á íslenskum bílamarkaði. 92-125 hö vélar, afburða aksturseiginleikar og mikið veggrip veita einstaka akstursánægju.

Verð frá 1.895 þús.

Komdu í reynsluakstur - Upplifunin verður ánægjuleg.

SUZUKI SPARNEYTNI

TRAUST UMBOÐ Í 27 ÁR

SUZUKI

SUZUKI BÍLAR HF · SKEIFUNNI 17 · SÍMI 568 5100 · WWW.SUZUKI.IS

ÍSLENSKA SÍA.IS TOY 42943 07/08

Tjaldvagn og Toyota - Sumarið bíður eftir þér

Nú bjóðum við allar gerðir Corolla, Avensis og RAV4 með dráttarbeisli. Camplet tjaldvagn frá Motormax að verðmæti 779.000 kr. fylgir með á meðan birgðir endast. Aðeins 20 tjaldvagnar eru í boði. Ekki draga að kaupa nýja Toyota bifreið og þú keyrir smælandi út í sumarið með nýjan tjaldvagn.

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Austurlandi
Miðási 2
Egilsstaðir
Sími: 470-5070

www.toyota.is

TODAY TOMORROW TOYOTA

skoðun

greinar@frettabladid.is

Borgaraleg grundvallarréttindi:

Reglur eða mat?

ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR

Umræður um brottvísun flóttamanns frá Keníu vekja upp ýmsar spurningar um meðferð slíkra mála. Á til að mynda að ákveða borgaraleg réttindi eins og ríkisborgararétt, hæli, dvalarleyfi eða atvinnuleyfi eftir föstum reglum eða frjálsu mati hverju sinni?

Eftir hvaða lögmálum á að vísa þeim úr landi sem ekki hafa þessi réttindi? Eigum við að fara okkar eigin leiðir eða vera í bandalagi með öðrum þjóðum um leikreglur? Um nokkurt árabil hefur Ísland verið fullgildur aðili að reglum Evrópusambandsins á þessu sviði. Aðildarríkin framfylgja þeim reglum í þágu hvert annars. Vantreystum við þeim eða einhverjum þeirra í þessum efnum?

Um veitingu ríkisborgararéttar gilda ákveðnar almennar lagareglur. Alþingi hefur á hinn bóginn ár hvert talið nauðsynlegt að veita ríkisborgararétt með sérstakri lagasetningu um tiltekna einstaklinga. Sú lagasetning hefur byggst á frjálsara sanngirnismati en almennu reglurnar.

Öll þessi mál heyra undir dómsmálaráðherra. Eigi að síður tók utanríkisráðherra fyrir nokkrum árum ákvörðun um að bjóða fyrrverandi heimsmeistara í skák ríkisborgararétt eftir að hann komst í kast við lögin í föðurlandi sínu. Í ljósi þess hversu tilfinningasjónarmið hafa ráðið miklu um veitingu ríkisborgararéttar er vel skiljanlegt að mörgum finnist það kaldlyndi þegar fyrrverandi sveitarstjórnarframbjóðanda frá Keníu er nú vísað úr landi eftir almennum reglum.

Utanríkisráðherra hefur falið sendiráði Íslands gagnvart Ítalíu að gæta hagsmuna Keníumannsins við meðferð á máli hans þar í landi. Sú ákvörðun bendir til þess að ríkisstjórn Íslands treysti ekki þessari bandalagsþjóð til að fara með slík mál á grundvelli þeirra Evrópusambandsreglna sem báðar þjóðirnar hafa sameiginlega undirgengist.

Mikilvægt er að utanríkisráðherra upplýsi nánar um afstöðu Íslands til Ítalíu að þessu leyti. Utanríkisnefnd Alþingis hefur verið kölluð saman af minna tilefni. Ef ríkisstjórnin vantreystir Evrópusambandsríkjum, einu eða fleirum, til að framfylgja þessum reglum af réttsýni gæti það orðið vatn á myllu andstæðinga Evrópusambandsaðildar. Það er hin hliðin á umsjón sendiráðsins með meðferð málsins hjá ítölskum stjórnvöldum.

Rétt eins og Alþingi getur látið sanngirnissjónarmið ráða veitingu ríkisborgararéttar er því í lófa lagið að veita takmarkaðri borgaraleg réttindi með einstaklingsbundnum lögum. Skynsamleg rök mæla þó ekki með slíkri skipan mála. Miklu fremur er ástæða til að gagnrýna Alþingi fyrir að láta einstaklingsbundið mat ráða of miklu um veitingu ríkisborgararéttar.

Öll meðferð mála hjá stjórnvöldum verður að lúta jafnræðisreglu stjórnsýslu- og stjórnskipunarréttarins. Einu gildir í því efni hvort ráðherra tekur stjórnsýsluákvörðun eða embættismenn í undirstofnunum. Einstök úrlausnarefni geta eigi að síður verið snúin þegar kemur að viðkvæmum málum eins og takmörkuðum borgaralegum réttindum svo ekki sé talað um brottvísun úr landi vegna skorts á slíkum réttindum.

Kjósi löggjafinn að slaka á þeim reglum sem um þessi mál gilda verður hann að sjá til þess að allir þeir sem eins stendur á um fái sömu málsmeðferð. Það stenst ekki grundvallarreglur að framkvæmdavaldið hafi frjálsar hendur með viðmiðanir um réttindi einstaklinga eins og Alþingi þegar það veitir ríkisborgararétt með einstaklingsbundnum lögum utan og ofan við almennar lagaheimildir.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365
RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson ABSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvinsson. VIÐSKIPTARITSTJÓRAR: Björn Ingi Hrafnsson og Óli Kr. Ármannsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

Auglýsingasími
512 5050

– Mest lesið

FRÁ DEGI TIL DAGS

Fagra Ísland í fullu gildi

Ellert B. Schram stingur niður penna í Morgunblaðið í gær og ver umhverfisstefnu Samfylkingarinnar, Fagra Ísland. Hann segir að þrátt fyrir viljayfirlýsingu um áframhaldandi álver á Bakka og skóflustungu að álveri í Helguvík, verði Samfylkingin ekki sökuð um að tala tungum tveim í umhverfismálum. Ellert segist aldrei hafa skilið stjórnmálaþátttöku sína þannig að kæmist flokkur hans í ríkisstjórn gæti hann beitt valdi til að ákveða hvar megi reisa verksmiðjur og hvar ekki. Slíkt alræðisvald myndi kjósendum varla hugnast. Hugsunin bak við Fagra Íslands felst í að skapa skipulag og lagaramma til að halda mengun slíkra verksmiðja í skefjum, ekki andstöðu við álver. „Þannig hef ég skilið Fagra Ísland og leyfi mér að fullyrða að þeirri stefnumótun er enn fylgt af hálfu okkar, sem leggjum þeim góða flokki lið."

... svona að mestu leyti

Þetta er að mörgu leyti ágæt grein hjá Ellert og röksemdarfærslan væri vatnsheld ef ekki væri fyrir fyrsta ákvæðið í Fagra Íslandi. Það er engum blöðum að fletta að Samfylkingin vildi taka að sér það „alræði" að „slá ákvörðunum um frekari stóriðjuframkvæmdir á frest þangað til fyrir liggur nauðsynleg heildarsýn yfir verðmæt náttúrusvæði ..." Samfylkingin hafði heldur ekki meiri áhyggjur af því hvernig kjósendum hugnaðist þetta „alræði" en svo að hún lagði það undir þeirra dóm í kosningum. Og komst í ríkisstjórn. Ef Ellert hefur ekki skilið orðalagið „að slá frekari ákvörðunum um stóriðjuframkvæmdir á frest" sem andstöðu við byggingu álvera, að minnsta kosti tímabundna, þá hefur hann barasta ekki skilið Fagra Ísland.

bergsteinn@frettabladid.is

Lífið er óvissa

Þeir sem skipta um skoðun eru salt jarðar, því það eru þeir sem hafa hugsað málin til hlítar.

Þetta er haft eftir sænskum prófessor í stjórnmálafræði, Herbert Tingsten, sem jafnframt var rithöfundur og um tíma aðalritstjóri Dagens Nyheter í Stokkhólmi. Tingsten var kennari Jónasar Haralz á sínum tíma og hafði að sögn Jónasar mikil áhrif á nemendur sína. Sjónarmið Tingstens er áhugavert í ljósi þess hvað það eru margir sem leggja metnað sinn í að skipta ekki um skoðun, hvað sem líður við blasandi staðreyndum. Finnst það bera vott um stefnufestu, skapstyrk eða hugsjónaeld. Sannfæringin verður hluti af sjálfsmyndinni og jafnvel aflvaki sjálfsvirðingarinnar. Á vissan hátt er þetta sprottið úr öryggisþörf. Þörf fyrir að eitthvað í hverfulum heimi sé endanlegt og óðru æðra. Með því að ganga því sjónarmiði á hönd kemur viss öryggiskennd og þægileg sjálfsánægja.

Hér er ekki endilega verið að vísa til hefðbundinna trúarbragða heldur skoðana sem menn standa á eins og hundar á roði hvað sem í skerst. Þeir sem til dæmis reyna að rökræða út fyrir rammann við þá sem gengið hafa stjórnmálastefnum eða náttúruvernd á hönd verða gjarnan reynslunni ríkari. Þó að umræðutæknin einkennist af gáfum og góðri menntun, er það viðburður ef menn víkja frá eigin kennisetningum. Þetta á auðvitað líka við um hvers kyns uppeldishætti, jafnrétti, fjölskyldumál og í raun hvað sem er.

Gáfaður og næmur listamaður með ríka réttlætiskennd var á sínum tíma sannfærður kommúnisti. Eftir ræðu Krústjoffs um árið rann upp fyrir honum að kommúnisminn væri ekki sú lind réttlætis og jafnaðar sem boðuð hafði verið og hann gekk af trúnni. Eftir sem áður var hann jafnaðarmaður í eðli sínu og háttum. Tveimur áratugum síðar mætti hann gömlum flokksbróður sínum á götu. Þeir kinkuðu kolli hvor til annars um leið og þeir mættust, en síðan sneri félaginn sér við og skyrpti á eftir listamanninum. „Svikari!" sagði hann með fyrirlitningu.

JÓNÍNA MICHAELSDÓTTIR
Í DAG | Sinnaskipti

Öryggisáráttan

Það eina sem er öruggt, er að ekkert er öruggt. Lífið er hreyfing, annars væri það ekki líf og við getum aldrei vitað hvað næsta augnablik kennir okkur. Þar með er ekki sagt að við eigum ekki að halda okkar striki og skipuleggja eigin tilveru eftir því sem eðli og áhugi býður. En það er ekki verra að vera opinn fyrir nýjum sjónarhornum.

Það skapar öryggiskennd að finna hugsjónum sínum og skoðunum farveg, en að vera vakandi fyrir nýrri hugsun gerir mann frjálsan. Bönd sem maður leggur á hugsun sína og viðhorf eru ekkert minni fjötrar þótt maður beri þá sjálfviljugur. Og býsna margir vildu ekki án þeirra vera. Trúa því raunverulega að þeirra kenningar byggist á staðreyndum en ekki skoðunum og verða á endanum þjónar þessara viðhorfa. Sitja í aftursætinu á eigin vegferð.

Um áætlanir

Í helgarviðtali við Vísi fyrir árið 1979 ræðir Jónas Haralz meðal annars um áætlanagerð. Hann segir áætlanagerð mikilvægt stjórntæki, umfram allt fyrir fyrirtæki, banka, stofnanir, sveitarfélög og að vissu marki fyrir ríkið í heild.

„Misskilningurinn er fólginn í því að halda að áætlunargerð eða áætlunarbúskapur komi í staðinn fyrir þann lifandi veruleika sem hagfræðin kallar markaðsbúskap", segir hann. „Þá er það einnig misskilningur að áætlanir séu eitthvað sem á að fara eftir. Áætlanagerð er mikið notuð í hernaði. Haft er eftir Eisenhower á hershöfðingjaárum hans að það ætti að vanda áætlanir vel en þegar búið væri að gera þær, ætti að henda þeim í pappírskörfuna.

Gildi áætlana liggur í að vinna þær. Það er að segja – að hugsa málefnin til hlítar. En þegar komið er út í baráttuna, hið lifandi líf, þá er enginn tími til að líta á plögg eins og áætlanir."

Við höfum verið minnt á þetta allt saman síðasta misserið. Ástandið í efnahagsmálum er dálítið eins og öll umferðarljós hafi verið tekin úr sambandi, hraðatakmarkanir afnumdar og enginn taki þá áhættu að fara yfir götu.Viðskiptablöðin eru lesin af brennandi áhuga og sérfræðingar í vandamálum spretta fram úr hverjum kima samfélagsins með lausnir eða umvandanir. Veðurspá efnahagslífsins er birt daglega og verður æ fyrirferðarmeiri í öllum fjölmiðlum.

Samdráttur efnahagslífsins er mál dagsins, og það að vonum auðvitað. Hans var vænst af sumum en flestum kemur hann í opna skjöldu.

Enginn gerir ráð fyrir ísbjarnarheimsóknum og skjálftum, bæði í viðskiptalífi og jarðskorpunni. En lífið er óvissa og í því liggur ævintýrið að vera til, þegar allt kemur til alls.

Þrjátíu hæða turnar í Lindahverfi?

UMRÆÐAN
Hafsteinn Karlsson skrifar um skipulagsmál

HAFSTEINN KARLSSON

Nýlega er risinn í Smáranum í Kópavogi tuttugu hæða turn, hæsta bygging landsins. Þegar hugmyndir um þá byggingu voru til umræðu í bæjarstjórn Kópavogs var lögð áhersla á að þessi bygging yrði einstök, sæist víða að og yrði nokkuð sérstakt kennileiti á höfuðborgarsvæðinu. Vissulega er turninn sérstakur og hann fer ekki fram hjá neinum sem horfir yfir Smárann. Margir gera sér ferð á veitingastað á efstu hæðum og njóta góðra veitinga þar og útsýnisins yfir gervallt höfuðborgarsvæðið.

En nú er komið í ljós að þessi turn er aðeins sá fyrsti af mörgum sem hugmyndir eru um að reisa á þessu svæði. Nú þegar er verið að byggja turn við Smáralind og á teikniborðinu eru hugmyndir um tvo turna í Lindahverfi, á Glaðheimasvæðinu þar sem hesthúsin standa nú. Í samanburði við þá er turninn á Smáratorgi smáhýsi, því þeir eiga að trjóna miklu hærra upp í loftið auk þess sem þeir standa mun hærra í landinu. Þrjátíu eiga hæðirnar að vera hið minnsta, helmingi hærri en Smáratorgsturninn! Kópavogur er fremur lítill bær með tæplega 30 þúsund íbúa.

Í stað þess að nýta sér styrkleika smæðarinnar og byggja upp notalegan og fallegan bæ með vinalegu umhverfi, hafa bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks leitað fyrirmynda í tröllslegu, steinsteyptu umhverfi stórborga heimsins. Þeir keppast við að byggja hvern lófastóran blett í bænum og allt verður að gerast sem hraðast. Mál eru barin í gegnum nefndir og ráð, enginn tími til að hlusta á raddir íbúa, Skipulagsstofnun og umhverfisráðuneyti er hallmælt fyrir að tefja mál og leggja jafnvel Kópavog í einelti.

Það eru einmitt þessar aðstæður sem bjóða upp á skipulagsslys sem við sitjum svo uppi með í framtíðinni.

Höfundur er bæjarfulltrúi Samfylkingarinnar í Kópavogi.

ÞINN RÉTTUR
er yfirskrift nýrra pistla frá Tryggingastofnun ríkisins sem munu birtast mánaðarlega í Allt-inu.
HEILSA 2

GOTT Í GRILLVEISLUNA
ÍTR leigir út hjólbörugrill í veislur og annan mannfagnað.
SUMAR 3

allt

Útsala hefst í dag 8. júlí.
Guðrún Fiskuhús
Raudarárstíg 1, sími 561-5077

Elvar Þór Karlsson telur Boot Camp hafa breytt lífi sínu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Vatt kvæði sínu í kross

Elvar Þór Karlsson er ungur maður í toppformi, sem tók þátt í 100 kílómetra hlaupi á dögunum.

Elvar Þór Karlsson, sautján ára nemi við Verslunarskóla Íslands, hefur mikinn áhuga á líkamsrækt og heilsusamlegum lífsstíl. Hann hefur þó ekki verið jafn áhugasamur um hreyfingu alla tíð. „Ég hafði aldrei mikinn áhuga á íþróttum hérna áður fyrr, en fyrir tveimur og hálfu ári ákvað ég að taka mig taki, styrkja mig og reyna að koma mér í form. Boot Camp varð fyrir valinu," útskýrir hann. Elvar viðurkennir að mjög erfitt hafi verið að byrja en smám saman hafi áhuginn aukist og líkamsræktin orðið skemmtilegri.

Elvar segist nú vera háður hreyfingunni en hann hljóp ásamt fimmtán öðrum 100 kílómetra hlaup í síðasta mánuði. „Við þurftum að klára hlaupið á innan við fimmtán klukkustundum og við vorum tveir úr Boot Camp sem hlupum þetta á rétt innan við tólf tímum. Þetta gerðum við nánast án þess að stoppa nema til þess eins að næra okkur."

Elvar æfir í Boot Camp þrisvar til fjórum sinnum í viku en hina daganna hleypur hann og lyftir. Hann varð Íslandsmeistari í kraftlyftingum í hópi átján ára og yngri í febrúar síðastliðnum og hefur einnig keppt í styttri hlaupum. „Ég hef líka þrisvar hlaupið maraþon. Það er vont á meðan á því stendur en það er mjög góð tilfinning að klára," útskýrir hann.

Samhliða líkamsræktinni hugsar Elvar mikið um mataræðið; hefur sjálfur lesið sér vel til um mat ásamt því að fá ráðleggingar hjá Boot Camp. Hann passar sig að borða alltaf á þriggja tíma fresti og spáir mikið í bæði prótín- og kolvetnisneyslu.

Elvar segist vera á því að Boot Camp hafi breytt lífi sínu. „Þegar ég byrjaði í Boot Camp fyrir tveimur og hálfu ári þá gat ég varla hlaupið tvo kílómetra," segir hann og bætir við að hann gæti í framtíðinni allt eins hugsað sér að læra eða vinna við eitthvað sem tengist líkamsrækt.

klara@frettabladid.is

Frjókornaofnæmi veldur meðal annars nefrennsli og hnerra. Frjókornaofnæmi eykst á frjóvgunartíma ákveðinna plantna sem getur verið frá því á vorin og fram á haust.

Fræðsla um þinn rétt

Pistlar frá Tryggingastofnun ríkisins munu birtast í Fréttablaðinu á næstunni undir heitinu Þinn réttur. Þar verða veittar upplýsingar um almannatryggingar.

„Við sem erum vef- og kynningarfulltrúar hjá Tryggingastofnun og sjáum um heimasíðuna www.tr.is, hleyptum af stokkunum greinaflokki á heimasíðunni sem kallast Þinn réttur. Greinarnar verða einnig birtar í Fréttablaðinu, einu sinni í mánuði, og við ætlum þá að taka fyrir eitthvert ákveðið málefni til að upplýsa fólk betur um hugsanlegan rétt þess," útskýrir Heiðar Örn Arnarson. Pistlarnir munu birtast mánaðarlega í Allt hluta Fréttablaðsins og verða jafnframt settir inn á heimasíðu Tryggingastofnunar ríkisins.

„Við tökum fyrir ákveðið þema í hverjum mánuði þar sem eitt málefni er sett ofarlega á bauginn. Nú erum við til dæmis að fjalla um endurgreiðslur vegna mikils lækna-, lyfja- og þjálfunarkostnaðar. Þá er á einfaldan og aðgengilegan hátt farið í hvaða rétt fólk hefur," segir Heiðar Örn. Efnistök eru valin með það í huga að reyna að upplýsa fólk um hluti sem það hefur hugsanlega ekki gert sér grein fyrir að það eigi rétt á. „Ég hef áður unnið við að taka á móti fyrirspurnum frá fólki og það hefur oft og tíðum ekki hugmynd um hverju það á rétt á. Við viljum því reyna að bæta þennan þjónustuþátt og einfalda hlutina fyrir fólki," segir Heiðar Örn og bendir á að af nógu sé að taka.

„Við viljum bæta ímynd Tryggingastofnunar sem er ekki bara eitthvert skrifræðisbákn heldur til þess gerð að hjálpa fólki. Með pistlunum vonumst við til að gera fólk meðvitaðra um rétt sinn og opna betur dyr Tryggingastofnunar."

hrefna@frettabladid.is

Heiðar segir að greinaflokkurinn Þinn réttur miði að því að upplýsa fólk um möguleg réttindi sem það hefur í sambandi við almannatryggingar. FRÉTTBLAÐIÐ/AUÐUNN

Boltaleikir eru tilvaldir fyrir yngstu kynslóðina á sumrin þegar veður er gott. Þá geta fullorðnir líka brugðið á leik.

Hjólbörur í grillveisluna

Hjólbörur eru kannski ekki það fyrsta sem kemur upp í hugann þegar verið er að skipuleggja grillveisluna. Hjólbörur frá ÍTR hafa engu að síður reynst ágætis grill og eru vinsælar við ýmis tækifæri.

„Hjólbörugrillin eru eiginlega bara venjuleg grill sem ÍTR leigir út. Þau hafa ekki verið mikið leigð í sumar. Undanfarin ár hefur þetta þó verið tekið svolítið," segir Kári Garðarsson, verkefnisstjóri Sumargríns ÍTR.

„Hjólbörugrillin eru náttúrulega þægileg. Þú bombar bara kolum í hjólbörurnar og kveikir í. Það er hægt að grilla svolítið mikið á þeim," upplýsir Kári. „Þetta eru í rauninni bara venjulegar hjólbörur eins og verkamenn nota. Þær eru keyrðar á svæðið og fylltar af kolum. Þetta er eins auðvelt og mögulegt er. Þegar búið er að grilla eru kolin látin kólna og sturtað úr hjólbörunum," segir Kári.

Að sögn Kára hafa hjólbörugrillin verið vinsæl í grillveislur og aðra mannfögnuði en fyrirtæki og stofnanir hafa aðallega leigt þau. Einstaklingum stendur þó einnig til boða að leigja þau þótt lítið hafi borið af því hingað til. „Ég held að útvarpsstöðin X-ið hafi verið með grillveislur annað slagið í fyrra eða hitteðfyrra og fengið hjólbörugrillin leigð af því tilefni," segir Kári.

Kári Garðarsson segir hjólbörugrillin þægileg í notkun en þau hafa verið eftirsótt í grillveislur og aðra mannfögnuði.

FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

Eins og fyrr sagði eru hjólbörugrillin hluti af Sumargríni ÍTR, sem eru leiktæki sem farið er með á milli skólalóða í júní og júlí og hugsuð sem þjónusta við borgarbúa. „Frístundaheimilin, leikjanámskeið og leikskólar nýta sér leiktækin mikið. Grillin fylgja í rauninni því starfi," segir Kári og bætir hlæjandi við að þau séu þó að sjálfsögðu ekki hluti af leiktækjunum.

martaf@frettabladid.is

Auglýsingasími
512
50

– Mest lesið

Útsala 20% afsláttur
Afar vönduð sænsk KWA garðhúsgögn úr gagnvörðum við

KORTER
REYNSLA Á ÍSLANDI 25 ára REYNSLA Á ÍSLANDI
Garðhúsgögn sem endast

Margir litir og gerðir af púðum
Garðróla
Púðageymsla
Stillanlegt bak
Stækkanleg borð
Hringborð
Garðbekkur
Legubekkur
REYNSLA Á ÍSLANDI 25 ára REYNSLA Á ÍSLANDI

Ein endingarbestu garðhúsgögn sem völ er á
Valhúsgögn
Ármúla 8 - 108 Reykjavík
Sími 581 2275 ■ 568 5375
www.valhusgogn.is
Röltu um verslunina okkar í rólegheitum á netinu með nýja 360° sýningarkerfinu okkar - Þetta verður þú að prófa!

allt - sem þig vantar

[ALLAR SMÁAUGLÝSINGAR VIKUNNAR Á visir.is]

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER OPINN ALLA DAGA KL. 8–17

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER OPIN: VIRKA DAGA 8–17

BÍLAR & FARARTÆKI

bílalind BÍLASALA

LMC 500 MDK MUNSTERLAND 2005m, kojuhús, Markísa, Mp3 spilari, 19"Lcd skjár með DVD. Glæsilegt hús. Uppl í 661 8000.

Chevrolet Camaro LS 1 2002 ek 11þús km Sjálfskiptur skoðaður 2009 ath öll skipti ekkert áhvílandi uppl. í s 661 8000.

Bílalind
Vagnhöfði 9, 110 Reykjavík
Sími: 580 8900
www.bilalind.is

Bílaport

BMW 118i Árgerð 2007, ekkinn 20 þkm. Ásett verð kr. 3.900.000,- Nú kr. 3.190.000,- 70% fjármögnun möguleg.

Mercedes Benz 200 W123 árgerð 1984, ekinn 149 þkm. Nýinnfluttur frá Þýskalandi Verð kr. 650.000,-

Bílaport / Interport ehf
Malarhöfða 2, 110 Reykjavík
Sími: 569 3300 / 897 1928
www.interport.is

TOYOTA Reykjanesbæ

100% lán ekkert út!!!!
Toyota Previa nýskr 2/2006 ekinn 45 þ km sjálfskiptur 7 manna svartur filmur krókur verð 3.290.000- 100% lán upplí síma 420-6600 eða 842-6606

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19, 260
Reykjanesbær
Sími: 420 6600

100bílar.is bílasala

M.Benz R350 AWD, árg. 2006 ek. 42 þús.km, ssk., topplúga, leður, rafmagn ofl. Stgr. Tilboð 4990 þús.kr. Ásett verð 5490þús.kr.!!!

100 bílar ehf
Funahöfða 1, 110 Reykjavík
Sími: 517 9999
Opið virka daga 10-18.30 og laugardaga 12-16
www.100bilar.is

HEIMS BÍLAR www.heimsbilar.is

Til sölu Caravelair osiris 2007 Ásett .2,190,000,- Skoðar öll skipti

Heimsbílar
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 567 4000
Til sýnis og sölu á Heimsbílum Kletthálsi 2 S: 567-4000. Sjá fleiri myndir á www.heimsbilar.is
www.heimsbilar.is

Breiðan ehf 821-6292

Kia 2500 diesel pick-up árgerð 2006, ekinn 35 þús., sk.'09, 100% lánað, verð kr. 1.450.000,- m.vsk. 821-6292

MM L-200 extra-cab árgerð 2001, diesel, 4x4, beinskiptur, ekinn 140 þús., sk.'09, 100% lánað, verð kr. 750.000,- m.vsk., 821-6292

Breiðan ehf
Sími: 821 6292

Bílar til sölu

1998 SsangYoung Musso 2.9 TDi, ssk, sk.09, 31" dekk, dráttarkrókur, í góðu standi útlitslega og vélarlega, ný upptekið hedd, ekinn 185.þús, Verð: 350. þús, 847 6652

LAGERSALA Fólksbílar Fáðu Betra Tilboð! islandus.com www.islandus.com - Sími 552 2000

Nýjir og nýlegir bílar frá öllum helstu framleiðendum allt að 30% lægra verð. T.d. 2007/2008 Dodge Grand Caravan frá 2050þús, Dodge Caliber frá 1790þús, Ford Mustang frá 2400þús, Toyota Camry frá 2650þús, Volvo S60 frá 2950þús, Audi A4 Turbo frá 3250þús, Dodge Charger frá 2390þús, Benz C230 frá 3700þús. Sími 5522000. www.islandus.com

MMC Pajero 2.5 turbo diesel interc. '96, nýsk., tilb. 390 þ. Subaru Forrester '97 2.0 ek. 188 þ. tímareim ný, tilb. 200 þ. S. 869 6701.

Milljón í afslátt !!
VW Toureg V6 Vínrauður glæsivagn árg. 2006, ek. 26 þ. með öllu. Verð 4,9. Milljón kr. afsláttur ef samið er strax. S. 892 0802.

Til sölu Toyota Avensis. Bsk. 1800. Árg. '00, ek. 102 þ.16" álfelgur. Glæsilegur bíll í toppstandi. Engin skipti. Verð 880 þ. S. 847 1536.

Toyota Hilux DC 1990 árg ekinn 290þ Diesel 33" dekk, þarf að laga smá fyrir skoðun. Verð 280þ eða 180þ stgr Uppl í S. 895 9558.

Ford Econoline 1992 4X4 Diesel 33" Dekk ekinn 320 þ. 9 manna verð 1290þ eða aðeins 790þ stgr. Uppl í S. 895 9558

Til sölu Toyota Yaris. Árg. '07. 1300. M&M skipting. 5 dyra, silfur grár, ek. aðeins 4700 km. Verð 2.100 þús. ekkert áhv. Uppl. í s. 867 4554.

VW Bora árg. 01 ek. 112 þ. Lisav. 750 þ. Tilboðsv. 590 þ. stgr. S. 693 7822.

Honda CRV05 ek. 58 þús.,beinsk., krókur. Yfirtaka 35 þús á mán/2,050 milj. S 845 1414

VW Golf árg.'98. Ek. 155 þ. Bsk. Álfelgur. 3 dyra. Sk.'09. Toppbíll. Svartur. Uppl. í s. 848 2352.

Til sölu Ford Ecoline. Árg '93 Langur og ljótur. Í góðu lagi. Og Ford Bronco Árg. '72 6 cyl. 31" dekk. S. 897 1439.

0-250 þús.

hyunday elantra arg 96 graen 85000kr simi 8672273

250-499 þús.

Nissan Almera '00 1,6 ssk., 5 dyra, ek. 71 þús. Verð 490 þús. S. 693 5054.

500-999 þús.

M Benz A 160, sjálfskiptur, nýskoðaður, barnasæti og mjög eyðslugrannur. Verð 580 þ. S. 820 4340.

1-2 milljónir

CHEVROLET MALIBU HYBRID 164hp - 7,4L/100km! Áður Óþekkt Haghvæmni! islandus.com www.islandus.com - Sími 552 2000

Skiptu í Hybrid og sparaðu hundruði þúsunda í eldsneyti. 40% minna eldsneyti, meiri kraftur og lægra verð. Hybrid er framtíðin sem leysir af hendi eyðslufreka og mengandi benzín og dísel bíla. Pantaðu Hybrid reynsluakstur Reykjavík eða Akureyri í síma 552 2000. Kynntu þér úrval Hybrid jeppa og fólksbíla frá Toyota, Ford, Chevrolet og öðrum helstu framleiðendum á www.islandus.com

Toyota Aygo diesel, 11/'06, 4 dyra, ek. 27 þ.km. Vel með farinn, eyðsla 5 l á 100 km. Sumar og vetrard. á felgum. Verð 1590 þ., áhvílandi um 1200 þ. s. 659 5055.

2 milljónir +

TOYOTA HIGHLANDER HYBRID 270hp - 7,5L/100km! islandus.com www.islandus.com - Sími 552 2000

Skiptu í Hybrid og sparaðu hundruði þúsunda í eldsneyti. 40% minna eldsneyti, meiri kraftur og lægra verð. Hybrid er framtíðin sem leysir af hendi eyðslufreka og mengandi benzín og dísel bíla. Pantaðu Hybrid reynsluakstur Reykjavík eða Akureyri í síma 552 2000. Kynntu þér úrval Hybrid jeppa og fólksbíla frá Toyota, Ford, Chevrolet og öðrum helstu framleiðendum á www.islandus.com

Hummer H3 05/07. Engin útborgun. Offroad pakki. Ekinn aðeins 12 þús. Frábær bíll sem er eins og nýr. Eyðsla aðeins 12/100km. Verð 5.5 m. 896 2547.

Kjarakaup!!! Mercedez Benz - S 500 LONG 2004 - 5000 vél- ekinn 70þús Metinn á 7.5 millj. en fæst nú á yfirtöku + sölulaun Áhvílandi ca 5.9millj - 90þús á mán ath skipti sími: 5885300

Bílar óskast

Óska eftir að kaupa Golf GTI '05-'06 verður að vera ssk. S. 659 6717.

Óska eftir ódýrum bíl frá 15-55 þús. Allt kemur til greina. Uppl. í s. 699 2707

Óska eftir bíl, ekki eldri en '98 á verðb. 0-150 þús. Má þarfnast lagf. S. 841 8955.

Jeppar

LAGERSALA JEPPAR Fáðu Betra Tilboð! islandus.com www.islandus.com - Sími 552 2000

Nýjir og nýlegir bílar frá öllum helstu framleiðendum allt að 30% lægra verð. T.d. 2007/2008 Ford Explorer frá 2790þús, Dodge Durango frá 2790þús, Jeep Grand Cherokee frá 2590þús, Toyota Highlander frá 3100þús, Landrover LR3 Discovery frá 5690þús, Benz ML350 frá 5350þús, Audi Q7 frá 5750þús, VW Touareg frá 4750þús. Sími 5522000. www.islandus.com



Nissan Patrol '95 með 4.2 td 89'árg. 38" nýjum super svamper ssr. lotlás að framan , org að aftan , aukatankar, gott eintak. uppl. Jóhann 8989555

Pallbílar

LAGERSALA Pallbílar Fáðu Betra Tilboð! islandus.com www.islandus.com - Sími 552 2000

Nýjir og nýlegir bílar frá öllum helstu framleiðendum allt að 30% lægra verð. T.d. 2007/2008. Ford CREW F150 frá 2450þús, Ford F350 DIESEL frá 3390þús, Dodge RAM 1500 frá 2300þús, Dodge RAM DIESEL frá 3290þús, Toyota Tacoma frá 2990þús, Toyota Tundra frá 3090þús. Sími 5522000. www.islandus.com

Vörubílar

FLUTNINGAVAGNAR
Alorka útvegar bæði nýja og notaða vagna og vörukassa sem standast kröfur flutningsaðila. Einnig vörukassa með WINGLINER opnun. ALORKA, s. 577 3080, www.alorka.is

Húsbílar

Einn með öllu! Nýr 4 manna Tecstar, M. Benz undirvagn 150 hp. afturdrif. Frábært verð. S. 462 3061 & 892 5504 - www.skandic.is

Til sölu Fiat Globetrotter. Einnig tveggja manna Combi Camp Tjaldvagn. Uppl. í s. 565 4512 eða 894 1512.

Kerrur

Kerra til sölu. S. 554 0942

Hjólhýsi

Til sölu nýtt Tabbert Da Vinci 540 hjólhýsi, kojuhús með 3 hæða koju, klósett, sturta, 2x vaskar, ísskápur. Verð 3.490 þ. Skoða skipti. S. 860 1998.

Til leigu hjólhýsi. Með sólarsellu og fortjöldum. S. 659 2452 Samsel. Athugið sum stéttarfélög veita styrk til leigunnar. btnet.is/hjolhysaleigan

Til sölu Dethleff hjólhýsi. Sérlega vel umgengið. Tilbúið í ferðalagið. Uppl. í s. 897 4598 & 456 3598

Draumur barnafjölsk.
Hobby 720 kojuhús til sölu árg. '07 lítur mjög vel út. Markísa, rafm., & gasmiðstöðum, útvarp, CD, tv-loftnet, sólarsella ofl. S. 861 5508 & 463 3120.

Fellihýsi

Til sölu colemann santa fe 10 fet fellihýsi árg 2000 m/ fortjaldi ,ísskáp,útvarpi,vel með farið VERÐ 890Þ ATH VISA EURO TIL 36 MÁN UPPL Í SÍMA 893 2165



Nýtt ónotað Fleetwood E3 Fellihýsi til sölu, árg. '08. Mikið af fylgihlutum. V. 2.380.000 þ. Uppl. í s. 894 4708.

www.fellihysaleigan.is S. 899 4161 & 822 1920 og á opet@opet.is

Coachmen 9 fet
Fellhýsið hefur verið notað innan við 10 sinnum. Fortjald, notað einu sinni. Verð 590.000. Sími 861 9170.

2004 Coachmen Clipper 14 ft., lítið notað. Geymslukassi, fortjald, hiti, rafmagn, eldavél inni/úti, tvær stofur. 1150 þús. eða tilboð. 895 5770

Bátar

Til sölu Sómi 600, Volvo Penta 165 hö, GPS, dýptarmælir. Nýr gúmmíbátur. Uppl. í s. 868 8565.

Sómi 860 1999 verð 3500.000. til sölu sími 694 8766.

Veiðin hefst í veiðisport

Veiðisport

Eyrarvegi 15 - Selfossi - sími 482 1506 / 6953034

veiði

ÞRIÐJUDAGUR 8. JÚLÍ 2008

Zpey-veiðistangir

Vinsæl nýjung á Íslandi

BLS. 2



Flugfélag Íslands

Býður upp á veiðiferðir til Nuuk

BLS. 2

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

www.ellingsen.is

LOOP

Fyrir alvöru veiðiklær

Allar Loop-vörur eru í hæsta gæðaflokki og þaulprófaðar af topp-atvinnumönnum

Loop Opti vöðlujakkinn er sérlega vandaður og úr þriggja laga vatnsheldu öndunarefni. Þessi flík hefur allt til að bera sem kröfuharður veiðimaður óskar sér.

Loop Opti Coast er byltingarkennd flugustöng. Vandaður hólkur fylgir og 25 ára ábyrgð.

OPTI-POCKET

TOOLBOX!

TBWA\REYKJAVÍK\SÍA / 082778

Fiskislóð 1, Reykjavík • Sími 580 8500 • Tryggvabraut 1–3, Akureyri • Sími 460 3630
Opið mánud.–föstud. 10–18 • Laugard. 10–17 (10–16 á Ak.) • Sunnud. 13–17 (lokað á Ak.)

Ellingsen
– fullt hús ævintýra

Tómas Skúlason segir hvítmaðkinn í fyrsta sinn til sölu á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Hvítmaðkur á markað

„Við ákváðum að gera eitthvað í maðkamálum þar sem það hefur verið svo ofboðslegur þurrkur ár eftir ár. Það vantar beitu vegna þess," segir Tómas Skúlason, eigandi Veiðiportsins, sem hóf nýlega sölu á hvítmaðki sem er helst notaður í silungsveiði. Að hans sögn hefur hvítmaðkurinn verið notaður í veiðar á Íslandi í mörg ár en hvergi fengist. „Þetta eru bara gamlir karlar sem hafa gert þetta sjálfir. Þetta hefur aldrei verið haft til sölu." Enda hafa viðtökurnar ekki staðið á sér eftir að sala hófst.

Hann bætir við að það sem geri hvítmaðkinn sérstakan sé að þarna séu lifandi púpur á ferð. „Fiskurinn lifir náttúrulega á púpum, lirfum og þess háttar lífverum í vötnunum. Þarna kemst beitan nálægt fæðu fisksins. Þetta er orginallinn."

Þegar sumrin eru þurr og tiltölulega heit eins og verið hefur í ár er erfitt að finna maðk. „Núna er það mikil þurrkur að það hefur ekki verið til maðkur í þrjár til fjórar vikur. Þegar rignir þá er það á vitlausum tíma og svo er líka svo bjart á nóttunni," segir Tómas þreyttur á ástandinu og bætir við að maðkatínarar séu auk þess í samkeppni við fugla.

Tómas segir Veiðiportið vera að auka úrvalið í beituveiðinni með því að setja hvítmaðkinn á markað. „Beituveiðin á Íslandi hefur einskorðast, og þá sérstaklega á sumrin, við maðk og makríl. Þarna erum við að bæta einni tegundinni við."

- mmf

Alþjóðlega dagblaðið The Wall Street Journal var stofnað á þessum degi fyrir 119 árum. Blaðið var stærsta dagblað í Bandaríkjunum þar til árið 2003 þegar USA Today náði forskoti. Rúmlega 2 milljónir eintaka af The Wall Street Journal fara í dreifingu daglega og eru um 931.000 netáskrifendur að blaðinu.

Blaðamennirnir Charles Dow, Edward Jones og Charles Bergstresser stofnuðu blaðið hjá útgáfunni Dow Jones & Company. Árið 1902 keypti blaðamaðurinn Clarence Barron blaðið fyrir 130.000 Bandaríkjadali en þá var um 7.000 eintökum dreift hvern dag.

Barron var þekktur fyrir að hafa komið á fót hræðslulausri og óháðri fjármálablaðamennsku sem var nýjung hjá fjármálamiðlunum og árið 1920 voru um 50.000 blöð komin í daglega dreifingu.

Barron lést 1928 eða ári fyrir Svarta þriðjudaginn þegar fjármálamarkaðurinn í Bandaríkjunum hrundi, en afkomendur hans stjórnuðu blaðinu allt til ársins 2007.

MERKISATBURÐIR

1903 Síldarsöltun hefst á Siglufirði sem er upphaf síldaræ vintýrsins sem stóð í 65 ár.

1922 Ingibjörg H. Bjarnason skólastjóri er kjörin fyrst kvenna á Alþingi.

1982 Saddam Hussein, fyrrverandi forseti Íraks, er sýnt banatilræði í Dujail.

1997 NATO býður Tékklandi, Ungverjalandi og Póllandi aðild að bandalaginu.

1999 Allen Lee Davis hlýtur síðastur manna dauðarefsingu í rafmagnsstól í Flórídafylki.

2002 Súdönsk flugvél ferst með 116 manns innanborðs. Eini eftirlifandi farþeginn er tveggja ára barn.

AFMÆLI



BILLY CRUDUP leikari er 40 ára.

ANJELICA HUSTON leikkona og leikstjóri, er 57 ára.

BECK tónlistarmaður er 38 ára.

AUÐUNN BLÖNDAL sjónvarpsmaður er 28 ára.

RAGNAR ARNALDS: ER SJÖTUGUR Í DAG

Hefur í mörg horn að líta

„Þetta er svo sem ekki endilega tilefni til að fagna, nema bara til að fagna því að maður skuli ennþá vera á lífi,“ segir Ragnar Arnalds sem á sjötugsafmæli í dag. Ragnar ætlar að gera sér glaðan dag með dætrum sínum en afmælisveisla verður haldin síðar meir. „Hallveig kona mín er í Síberíu þessa dagana með leiksýningu og kemur ekki fyrr en síðar í vikunni. Ég reikna því með að við sláum upp einhverri veislu í næstu viku. Það er spáð rigningarveðri og súld næstu helgi, svo ég veit ekki hvenær þetta verður því það er löngu ákveðið að þetta verði garðveisla og hana er ekki hægt að halda í rigningu.“

Þótt sjötugsafmæli sé merkisatburður hefur það lítil áhrif á Ragnar. „Ég er alltaf að bauka við mín áhugaefni og held því auðvitað áfram. Þessi tímamót breyta því ekki miklu fyrir mig. Ég hef skrifað nokkur leikrit og er á bólakafi í því núna. Ég er með tvö leikrit í pokahorninu og eina skáldsögu líka,“ segir Ragnar og bætir við að erfitt sé að lýsa verkum sínum í fáum orðum nema það að tvö þeirra eru söguleg og það þriðja úr nútímanum. „Ekkert af þessu kemur þó út á þessu ári, maður gefur sér góðan tíma til að stytta, pússa og snyrta.“

Ragnar gerir þó fleira en að skrifa en hann er virkur í ýmsum félagsmálum. „Ég er formaður í Heimssýn, hreyfingu sjálfstæðissinna í Evrópumálum, og er mjög ákafur í að þjóðin varðveiti sjálfstæði sitt sem ég álít að hún geri ekki ef hún gengur í Evrópusambandið. Svo er ég líka formaður í Félagi fyrrverandi alþingismanna. Það er því í mörg horn að líta hjá mér.“

Spurður hvort hafi hann ætlað sér að klára ákveðin verkefni fyrir sjötugsaldurinn segist Ragnar ekki kannast við það. „Þetta verður allt að hafa sinn gang, maður stjórnar því ekkert hvenær mikilvægum verkefnum er lokið. Það er um að gera að vera ekkert að æsa sig eða pressa því að þá kemur bara til afturfótafæðingar og vanskapnaðar.“

Ragnar er lífsreyndur maður og lumar á góðu mottói í tilefni dagsins: „Það er alltaf hægt að snúa mistökum sínum upp í eitthvað jákvætt með því að læra af þeim.“

mariathora@frettabladid.is



RAGNAR ARNALDS á afmæli í dag. Hann stefnir á að halda garðveislu á næstunni þegar veður leyfir.

†

Ástkær móðir mín, tengdamóðir, amma og langamma,

Elín Jósefsdóttir

áður til heimilis að Langholtsvegi 2, Reykjavík,

andaðist á Hrafnistu í Reykjavík sunnudaginn 6. júlí. Útförin fer fram í Fossvogskirkju fimmtudaginn 31. júlí kl. 13.00.

Jóna Guðbrandsdóttir
Einar Jón Ásbjörnsson
Elín Björk Ásbjörnsdóttir
og barnabörn.

Ásbjörn Einarsson
Elísabet Reykdal Jóhannesdóttir
Gísli Jóhann Hallsson

†

Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Guðmundur P. Annilíusson

húsgagnasmiður, Hjallaseli 35,

lést 4. júlí. Útförin fer fram í kyrrþey að ósk hins látna. Þeim sem vilja minnast hans er bent á hjúkrunarheimilið Seljahlíð.

Sólveig Þóra Ásgeirsdóttir
Guðríður Guðmundsdóttir
Guðrún Guðmundsdóttir
Erna Björg Guðmundsdóttir
Björgvin Trausti Guðmundsson

Þorsteinn Svavar McKinstry
Sveinn Einar Magnússon
Guðþór Sverrisson
Nína Berglind Sigurgeirsdóttir

barnabörn og barnabarnabörn.

Legsteinar
í **miklu** úrvali

Steinsmiðja
• Viðarhöfða 1
• 110 Reykjavík
• ☎ 566 7878
• Netfang: rein@rein.is
REIN

†

Ástkær móðir okkar og tengdamóðir,

Steinunn Kristjánsdóttir

Dalbraut 27, Reykjavík,

sem andaðist á Landspítalanum Fossvogi, sunnudaginn 29. júní verður jarðsungin frá Háteigskirkju föstudaginn 11. júlí kl. 13.00.

Oddfríður Lilja Harðardóttir
Guðmundur Þ. Harðarson
Kristján Harðarson
og fjölskyldur.

Þórður Guðmannsson
Ragna María Ragnarsdóttir
Ruth Guðbjartsdóttir

†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og systir,

Jóna Sæmundsdóttir

Múlavegi 18, Seyðisfirði,

lést á Fjórðungssjúkrahúsinu í Neskaupstað fimmtudaginn 3. júlí. Útförin fer fram frá Fossvogskapellu föstudaginn 11. júlí kl. 11.00.

Guðbjörg Ragnarsdóttir
Tryggvi Ragnarsson
Arnfríður Ragnarsdóttir
Guðrún Ágústa Sæmundsdóttir

Gestur Guðnason
Sigurður Másson

GANGA Farið verður um þjóðgarð Snæfellsjökuls klukkan 14 í dag.

Gengið um þjóðgarð

Gengið verður um þjóðgarð Snæfellsjökuls klukkan 14 í dag. Þetta er ein af vikulegum göngum sem farnar verða í sumar um þjóðgarðinn og nefnist hún Lífið í bjarginu. Landverðir munu taka á móti gestum hjá bílastæðinu við Svalþúfu. Rölt verður um Þúfubjarg þar sem Kolbeinn og kölski kváðust á forðum. Gangan mun taka á bilinu einn til tvo tíma.

„Landverðirnir segja frá jurtunum, jarðfræðinni, fuglalífinu og sögunni," segir Guðbjörg Gunnarsdóttir þjóðgarðsvörður.

Hún segir leiðina fallega, fjölbreytta, skemmtilega og færa fyrir flesta.

„Við erum með fjórar fastar gönguferðir í hverri viku. Einnig bjóðum við upp á fleiri gönguferðir yfir sumarið sem eru þó ekki alltaf vikulegar. Þetta er mjög fjölbreytt dagskrá sem við höfum verið með sem er líka skemmtileg fyrir krakka."

Guðbjörg segir veður og göngufólk ráða mestu um hversu langan tíma gönguferðin tekur. „Þetta fer auðvitað alltaf svolítið eftir veðri. Fólk gengur hægar og vill vera lengur að dóla ef veðrið er gott. Það fer líka eftir því hvað fólk spyr mikið og er að spá og spekúlera."

Hún segir flesta sem koma í ferðirnar ferðamenn og hafi margir útlendingar gengið um svæðið í sumar.

Upplýsingar um ferðir í þjóðgarði Snæfellsjökuls má finna á www.ust.is

- mmf

Brú til brottfluttra

Bryggjuhátíðin Brú til brottfluttra verður haldin á Stokkseyri dagana 10. til 14. júlí.

Hrútavinir við Suðurströndina sjá um hátíðina í umboði breiðfylkingar meðal heimamanna. Bryggjuhátíðin er nú haldin í fimmta sinn og að þessu sinni verða samstarfsaðilar Ungmennafélag Stokkseyrar, sem fagnar 100 ára afmæli, og Búnaðarfélag Stokkseyrarhrepps, sem á 120 ára afmæli.

Ljósmyndasýning verður opnuð við Shell-skálann klukkan 20.30 þann 10. júlí. Daginn eftir verður flugeldasýning klukkan 20.00, kveikt á varðeldi og sungið undir stjórn Árna Johnsen. Bændaball verður á bryggjunni klukkan 21 og hljómsveitin Karma leikur á Draugabarnum klukkan 23.

Dagskráin hefst með íþróttahátíð klukkan 15 þann 12. júlí. Fleira verður á döfinni þann daginn og má nefna bryggjutónleika unglingahljómsveita, sælgætisleik, grillveislu í görðum og hljómsveitin Vítamín leikur fyrir dansi á Draugabarnum um kvöldið.

HÁTÍÐ Bryggjuhátið á Stokkseyri heppnaðist vel í fyrra.

Hópreið verður klukkan 13 á sunnudegi og klukkan 15 sama dag verður farið í söguferð um sveitina með Búnaðarfélagi Stokkseyrarhrepps.

Söfn og sýningar verða höfð opin dagana sem hátíðin stendur yfir.

-mmr

NAFNIÐ MITT: STEINÞÓR HRÓAR STEINÞÓRSSON

Nafnið dregið úr glasi

„Þegar foreldrar mínir voru að skíra mig settu þeir fimm nöfn á miða, skelltu þeim í glas og drógu seinna nafnið þannig. Nafnið Hróar er því alveg út í bláinn," útskýrir Steinþór Hróar, útvarpsmaður á X-inu, og bætir við að í glasinu hafi leynst alls konar skrítin nöfn.

Fyrra nafnið, Steinþór, er hins vegar ögn hefðbundnara en Hróar og er það í höfuðið á afa Steinþórs Hróars. „Ég er þriðji Steinþórinn þar sem afi hét Steinþór og pabbi heitir líka Steinþór. Ég er hins vegar kallaður Steindi junior af því afi var alltaf kallaður Steindi," segir Steinþór Hróar sem notar sjaldnast bæði nöfnin, enda oftast kallaður Steindi junior. „Ég hef nú lítið notað Hróarsnafnið og hef ekki hitt neinn annan með því nafni. Það er samt ágætt að eiga eitt nafni inni," segir Steinþór Hróar og hlær.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Takk fyrir vatnið
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

†

Okkar ástkæri faðir, tengdafaðir afi, langafi og langalangafi,

Indriði Indriðason

ættfræðingur,

lést á dvalarheimilinu Hvammi á Húsavík föstudaginn 4. júlí 2008.

Indriði Indriðason
Ljótunn Indriðadóttir
Sólveig Indriðadóttir **Björn Sverrisson**
barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.

†

Ástkær eigimaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

Sigurður Ben Þorbjörnsson

vélvirki, Pósthússtræti 1, Keflavík,

lést á Landspítalanum v/Hringbraut, föstudaginn, 4. júlí. Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju, fimmtudaginn 10. júlí kl. 14.00.

Maja Sigurgeirsdóttir
Ásta Ben Sigurðardóttir **Erlingur Bjarnason**
María Ben Erlingsdóttir **Eyjólfur Ben Erlingsson.**

†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Lilja Guðlaugsdóttir

Víðilundi 24, Akureyri, áður til heimilis að Hafnarstræti 33,

verður jarðsungin frá Akureyrarkirkju föstudaginn 11. júlí kl. 13.30. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Krabbameinsfélagið.

Margrét Þórhallsdóttir **Karl Eiríksson**
Þórhalla Þórhallsdóttir **Hjörtur Hjartarsson**
Valdimar Þórhallsson **Inga Hjálmarsdóttir**
Gylfi Þórhallsson
Eyþór Þórhallsson **Margrét Sigurðardóttir**
ömmubörn og langömmubörn.

†

Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Þorbjargar Svavarsdóttur

Arahólum 2, Reykjavík.

Sérstakar þakkir til starfsfólks á líknardeild Landakotsspítala fyrir einstaka alúð og umönnun.

Svavar Þorvaldsson **Elzbieta Lul**
Selma Þorvaldsdóttir
Ásgeir Jóhannes Þorvaldsson **Kristín Alexandersdóttir**
Elísabet Þorvaldsdóttir **Guðmundur Einarsson**
barnabörn og barnabarnabörn.

†

Elskuleg föðursystir okkar,

Helga Guðjónsdóttir

Garðvangi, Garði, áður til heimilis að Tjarnargötu 18, Keflavík,

er látin. Útför fer fram frá Keflavíkurkirkju, föstudaginn 11. júlí kl. 14.00.

Guðlaugur Eyjólfsson
Elísabet Ólafsdóttir
og aðrir aðstandendur.

†

Elskuleg móðir okkar,

Brynhildur Jónsdóttir

garðyrkjukona,

lést sunnudaginn 6. júlí að dvalar- og húkrunarheimilinu Ási, Hveragerði.

Björk Snorradóttir
Steingrímur E. Snorrason
Snorri P. Snorrason
Kristján Snorrason

†

Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

Jón Sigurgrímsson

frá Holti, Seftjörn 12, Selfossi,

sem lést sunnudaginn 29. júní á hjúkrunarheimilinu Ljósheimum verður jarðsunginn frá Selfosskirkju fimmtudaginn 10. júlí kl. 14.00.

Jóna Ásmundsdóttir
Unnur Jónsdóttir **Guðmundur S. Halldórsson**
Ásmundur Jónsson **Ufouma Overo Tarimo**
Guðlín Katrín Jónsdóttir
Ingveldur Björg Jónsdóttir
Ingibjörg Jónsdóttir **Ólafur Unnarsson**
Sigurgrímur Jónsson
og barnabörn.

†

Elskulegur eiginmaður, faðir, afi, sonur og tengdasonur,

Bjarni Jónas Ingimarsson

Akurbraut 46, 260 Reykjanesbæ,

andaðist á HSS sunnudaginn 6. júlí. Útför verður auglýst síðar.

Sara Harðardóttir
Sara Ross Bjarnadóttir
Ásta Vigdís Bjarnadóttir **Gabríel Orri Karlsson**
Ásta Vigdís Bjarnadóttir **Ingimar Elíasson**
Sarah Ross Helgason
og aðrir aðstandendur.

†

Elskuleg móðir okkar,

Sigríður Egilsdóttir

Austurbyggð 17, Akureyri,

lést fimmtudaginn 3. júlí. Útför hennar verður auglýst síðar.

Sigþór Bjarnason
Ingibjörg Bjarnadóttir
Egill Bjarnason
Þórdís Bjarnadóttir
Sigurður Bjarnason

365

TILBOÐ TIL HLUTHAFA 365 HF.

Vegna fyrirhugaðrar afskráningar 365 hf. af skipulegum verðbréfamarkaði hefur stjórn félagsins ákveðið, með samþykki hluthafafundar þann 1. júlí 2008, að kaupa hluti þeirra hluthafa sem þess óska.

Hluthöfum 365 hf. er gert tilboð um að selja hlutabréf sín í félaginu á gengi 1,20 kr. fyrir hvern hlut í 365 hf. Tilboðið gildir til kl. 16.00 þann 11. júlí 2008. Tilboðið er gert þeim hluthöfum sem skráðir voru í hluthafaskrá félagsins kl. 11.00 þann 1. júlí 2008.

Hluthöfum gefst þó kostur á að vera áfram hluthafar í óskráðu félagi 365. Kauptilboðið er sett fram í því skyni að koma til móts við hluthafa félagsins og er það hverjum og einum hluthafa í sjálfsvald sett hvort hann samþykkir kauptilboðið. Ef hluthafi hefur ekki hug á að taka þátt í kauptilboðinu, þarf viðkomandi hluthafi ekki að aðhafast neitt, þar sem allir þeir sem taka ekki þátt í tilboðinu halda ósjálfrátt áfram sem hluthafar í óskráðu félagi 365.

Tilboðið er lagt fram á grundvelli nánari skilmála sem koma fram í bréfi sem sent hefur verið til allra hluthafa á skráð lögheimili þeirra. Í bréfinu eru einnig leiðbeiningar um tilboðið ásamt notandanafni og lykilorði, sem hluthafi verður að nota til að taka þátt í tilboðinu. Hluthafar sem hyggjast taka þátt í tilboðinu skulu lesa bréf sitt vandlega og fylgja þeim leiðbeiningum sem þar eru gefnar. Ef bréfið hefur ekki borist hluthafa þann 7. júlí 2008 skal hann hafa samband við 365 í síma 512 5000, þar sem einnig eru veittar allar aðrar upplýsingar um tilboðið.

Stjórn 365 hf.

365 – Skaftahlíð 24 – 105 Reykjavík – Sími 512 5000 – www.365.is

STUÐ MILLI STRÍÐA Farðu út og gerðu eitthvað!

KOLBRÚN BJÖRT SIGFÚSDÓTTIR FINNST HÚN VALDA SÓLINNI VONBRIGÐUM MEÐ LETI OG VENJULEGUM MAT

Fólk er eins og blóm. Teygir sig í átt að sólinni, alveg óháð aðgengi eða staðsetningu gagnvart þeirri sól. Fólk þykist reykja í vinnunni til að geta auðveldar stolist út og reynt að ná smá lit. Fær samviskubit yfir sófalegu og reynir allt hvað það getur að finna ástæðu til að drekka meiri bjór.

Það geri ég allavega. Í mínum huga á sumarið fyrst og fremst að vera ferskt. Ég fullkomin á sumarkjól og sandölum. Dagbókin full af grillteitum og ísköldum hanastélum. Allir viðburðir festir á filmu og smælað framan í heiminn allan sólarhringinn.

Í staðinn vakna ég upp við það að eiga ekki fyrir sandölunum vegna fáránlega lágra námslána seinasta vetur. Dagbókin tekur engum stakkaskiptum og dagarnir líða, hver öðrum líkur. Mér finnst ég aldrei vera að gera neitt. Bara aldrei.

Allt í einu er ekkert að gerast í lífi mínu og það er bara af því að sólin hefur varpað ljósi á leti mína. Leti sem ég er sátt við allan veturinn.

Allt í einu er eitthvað svo rangt að horfa á sjónvarpið þegar ég gæti verið úti að velta mér í grasinu. Alveg sama þótt ég sé með ofnæmi fyrir því, það er einfaldlega það eina rétta í stöðunni. Allt í einu er algjörlega nauðsynlegt að hitta einhvern, hvern sem er. Rykið í íbúðinni öskrar og fjarstýringin færist nær og nær. Ég verð að fara út í sólina. Asni getur maður verið að stunda engar íþróttir.

Ekki nóg með það heldur er venjulegur matur hættur að vera spennandi. Mig langar ekkert í pasta eða kjötbollur. Það er sól! Borðum frekar rautt kjöt eða salat og eigum við ekki eitthvað ferskt að drekka? Nei. Ekkert bragðast nógu vel. Ekkert er nógu ferskt og hollt og safaríkt.

Það er ekkert annað að gera en sökkva sér í myndbönd tíunda áratugarins og éta snakk. Ég verð hvort eð er aldrei nógu dugleg fyrir eigin hugmyndir um kröfur sólarinnar.

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



i8 Hýsir nú sýningu breska listamannsins Hamish Fulton.

Afrakstur gönguferðar

Breski listamaðurinn Hamish Fulton opnaði nýverið sýningu í sýningarrýminu i8 á Klapparstíg. Fulton vakti fyrst athygli seint á sjötta áratugnum fyrir verk sem voru á mörkum skúlptúrs og landslagslistar. Í kringum 1970 fór hann að fara í gönguferðir og taka ljósmyndir af upplifun ferðarinnar. Eftir því sem árin liðu varð áherslan í listsköpun Fultons meiri á gönguferðirnar og urðu þær á endanum að aðalatriði í verkum hans. Fulton miðlar síðan upplifun sinni af göngunum í gegnum bæði myndir og texta. Hann hefur farið langt yfir hundrað gönguferðir víðs vegar um heiminn, en sýningin í i8 er afrakstur fjórtán daga gönguferðar sem Hamish Fulton fór um Ísland nú í lok júní og byrjun júlí.

Fulton hefur sýnt verk sín víða, meðal annars á Tate Britain, Serpentine Gallery í London, Danese Gallery í New York, Gallery Koyanagi í Tokyo og Museum of Modern Art í New York.

Sýningin stendur til 9. ágúst. - vþ

Riðið á vaðið um helgina

Myndlistartvíeykið Sally og Mo, eða þær Þóra Gunnarsdóttir og Elín Anna Þórisdóttir, opna sýningu í Gallerí Auga fyrir auga, Hverfisgötu 35, á laugardag kl. 15.

Sýningin nefnist „Sally og Mo: Ríða á vaðið“. Þær Elín og Þóra hafa starfað saman undir vinnuheitinu Sally og Mo í um þrjú ár; þær eru vinir sem vinna saman að listverkefnum þar sem sköpun og spuni eru í fyrirrúmi, einkum og sér í lagi upplifun þeirra af líðandi stundu. Í gegnum spunann safna þær saman reynslu sinni í formi ljósmynda, myndbanda eða þrívíðra hluta og finna úr þeim augnablik myndlíkinga. Um þessar mundir skoða þær táknmynd og þýðingu fagurfræðinnar í hversdagslegu umhverfi og er sérstakur miðpunktur athugana þeirra hugmyndin um „stofustássið“, en það er fyrirbæri sem flestir Íslendingar kannast við að heiman.

Þær stöllur gera tilraunir með að tengja saman spuna og sköpun við táknmynd styttunnar í stofunni og myndarinnar yfir sófanum og þær hugmyndir sem við höfum um hvort tveggja í okkar nánasta umhverfi. Með þessari nýju sýningu reyna þær að brjóta upp þessar hugmyndir og láta vaða, ef svo mætti að orði komast, á einlægan hátt.

Samstarf þeirra Elínar og Þóru hófst í listahópnum Skúla í Túni, sem starfræktur var á vinnustofu nokkurra listamanna í Skúlatúni á árunum 2005-2007. Elín Anna útskrifaðist með BA-gráðu í myndlist frá Listaháskóla Íslands árið 2004 og Þóra árið 2005, en hún lauk auk þess meistaranámi frá Listaháskólanum í Gautaborg árið 2007. Þær hafa tekið þátt í fjölda samsýninga sem og haldið einkasýningar; Elín Anna nú síðast í Anima Gallerí í febrúar síðastliðnum og Þóra í Gallerí Cosmopolitan í Gautaborg í mars 2007. Sem Sally og Mo hafa þær meðal annars sýnt á síðustu Sequences-hátíð og á NordArt-hátíðinni í Carlshütte í Þýskalandi árið 2007.

Sýningin „Sally og Mo: Ríða á vaðið“ verður opin miðvikudaga til sunnudaga frá kl. 14 til 18 í Gallerí Auga fyrir auga fram til 1. ágúst næstkomandi.

vigdis@frettabladid.is

STOFUSTÁSS Verk eftir þær Sally og Mo.

HAFDÍS VIGFÚSDÓTTIR Leikur fagra flaututónlist á tónleikum í Þingvallakirkju í kvöld.

Flauta á Þingvöllum

Tónleikaröðin Þriðjudagskvöld í Þingvallakirkju heldur áfram í kvöld, en í þetta skipti flytur Hafdís Vigfúsdóttir flautuleikari fjölbreytta dagskrá fyrir einleiksflautu. Hafdís er búsett í París um þessar mundir þar sem hún leggur stund á framhaldsnám í flautuleik en kemur víða fram með flautuna sína hér á landi nú í sumar. Meðal verka á efnisskrá Hafdísar er fantasía eftir Telemann, einleiksverk eftir Toru Takemitsu, tangóetýður eftir Piazzolla og frumflutningur á nýju verki eftir Ásrúnu I. Kondrup. Tónleikarnir hefjast kl 20.00 og standa yfir í tæpa klukkustund. Enginn aðgangseyrir er að tónleikunum en tekið við frjálsum framlögum í tónleikalok. - vþ

Ferskasta fiskmetið...

spennandi fiskverslun sem leggur áherslu á tilbúna fiskrétti - holla, gómsæta og framandi, beint í ofninn, á grillið eða pönnuna. Frábært úrval af fersku fiskmeti af öllu tagi.

www.galleryfiskur.is

Fiskverslun

Nethylur 2, 110 Rvk., s. 587 2882

Gallerý fiskur

Verslun: Opið mán.-fimmt. 10:00-18:30, föstud. 10:00-18:00, laugard. lokað

*Flug aðra leiðina með sköttum.

Spennandi Vetrar ævintýri

Vetrarbæklingurinn 2008 er kominn út

Þú getur skoðað bæklinginn á www.heimsferdir.is

Fegurstu borgirnar
Frá kr. 24.990

Glæsisiglingar með Costa Cruises
Frá kr. 293.900

Flug með Primera Air

Það er íslenska flugfélagið JetX sem annast allt leiguflug Primera Air fyrir Heimsferðir á Íslandi og fyrir önnur dóttur-fyrirtæki Primera Travel Group í Skandinavíu. Þjónusta um borð er fyrsta flokks og að sjálfsögðu á íslensku.

Upplifðu ævintýrin með Heimsferðum í vetur!

Ótrúlegt verð! - frá aðeins **69.000 kr.**

Beint morgunflug
- með íslensku flugfélagi

Tenerife

Heimsferðir bjóða þér nú til glæsilegra vetraræintýra á Kanaríeyjunni vinsælu Tenerife næsta vetur. Tenerife, sem er stærst Kanaríeyjanna, býður frábærar aðstæður fyrir ferðamanninn; fallegar strendur, glæsilega gististaði, fjölbreytta afþreyingu og stórbrotna náttúru. Tryggðu þér lægsta verðið og bestu gististaðina á þeim tíma sem hentar þér.

Granada Park
– íbúðir m/2 svefnherb.

Kr. 69.000

Hjón með 3 börn, 2-11 ára, í íbúð með 2 svefnherbergjum á Granada Park, vikuferð 27. janúar. Netverð á mann með 10.000 kr. afslætti.

Cristian Sur
– íbúðir m/2 svefnherb.

Kr. 71.700

Hjón með 3 börn, 2-11 ára, í íbúð með 2 svefnherbergjum á Cristian Sur, vikuferð 27. janúar. Netverð á mann með 10.000 kr. afslætti.

El Duque ***+

Kr. 73.650

Hjón með 2 börn, 2-11 ára, í íbúð á El Duque, vikuferð 27. janúar. Netverð á mann með 10.000 kr. afslætti.

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

Glæsileg gisting í boði!
Allt innifalið í 20 daga - frá aðeins
146.100 kr.



Dóminíska

Heimsferðir bjóða glæsilegar ferðir í sérflugi til Dóminíska lýðveldisins í desember, janúar og febrúar. Njóttu lífisins í Karíbahafinu við ótrúlegar aðstæður á þessari fögru paradísar-eyju.

19. des. – 14 nætur
2. jan. – 20 nætur
22. jan. – 11 nætur
2. feb. – 10 nætur

10 dagar - frá aðeins
149.900 kr.

Barbados

Barbados ferðir Heimsferð hafa fengið ótrúlegar móttökur og nú þegar er nær uppselt í þær tvær ferðir sem hafa verið í boði. Því höfum við ákveðið að mæta þessari miklu eftirspurn – og bjóða aukaferð til þessa yndilegu paradísareyju í Karíbahafinu 19. nóvember í 11 nætur. Nú er um að gera að tryggja sér flugsæti og gistingu og njóta lífsins á Barbados í haust.

Aukaflug 19. nóv.
- vegna mikilla vinsælda!

frá 99.900 kr.

Kúba

29. nóv. – UPPSELT
9. des. – 9 nætur

Kúba hefur svo sannarlega slegið í gegn hjá Íslendingum á liðnum árum. Heimsferðir bjóða frábært tækifæri til að upplifa Kúbu, eina fegurstu eyju Karíbahafsins og örugglega þá sérstæðustu. Þú getur valið milli fjölbreyttra gistimöguleika bæði í Havana og á Varadero.

Beint morgunflug
- með íslensku flugfélagi

Frá 69.950 kr.

Kanarí

aldrei vinsælli

Heimsferðir bjóða vikulegar ferðir til Kanaríeyja í beinu morgunflugi. Tryggðu þér vetrarfrí á þessum vinsælasta vetraráfangastað íslendinga. Tryggðu þér lægsta verðið og bestu gististaðina!

Kr. 69.950

M.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára í smáhýsi með 2 svefnherbergjum í viku 21. eða 28. janúar. Netverð á mann með 10.000 kr. afslætti.

Kr. 80.300

M.v. 2 saman í stúdíóíbúð á Parquemar í viku 21. eða 28. janúar. Netverð á mann með 10.000 kr. afslætti.

Kr. 94.500
- hálft fæði

Hjón með 2 börn, 2-11 ára, í fjölskylduherbergi á Hotel Rondo með hálfu fæði í viku, 21. eða 28. janúar. Netverð á mann með 10.000 kr. afslætti

Beint morgunflug til Salzburg

Frá 39.990 kr.
Flugsæti með sköttum. Fargjald A.

22. des. – 12 nætur
3. jan. – 11 nætur
14. jan. – 10 nætur
24. jan. – vika
31. jan. – vika
7. feb. – vika
14. feb. – vika
21. feb. – vika
28. feb. – vika

Skíðaveisla

í Austurríki - Flachau - Zell am See - Lungau o.fl.

Heimsferðir bjóða beint morgunflug til Salzburg, skammt frá bestu skíðalöndum Austurríkis. Í ár bjóðum við m.a. skíðaparadísina Flachau sem er í miðju Ski-amadé svæðisins auk okkar vinsælu skíðaferða til til Zell am See, Lungau o.fl. Kynntu þér framboð okkar á skíðaferðum og sannfærstu um að það er glæsilegra og á bestu kjörum sem bjóðast.

Frábært verð
Kr. 89.950
– vikuferð með hálfu fæði
Hjón með 2 börn, 2-11 ára, í herbergi á Hotel Speiereck eða Hotel Stranachwirt í Lungau með hálfu fæði, vikuferð 24. janúar. Netverð á mann með 10.000 kr. afslætti.

Bókaðu núna!

Ferðaskrifstofa Leyfishafi Ferðamálastofu

Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Fax 595 1001 • Akureyri, sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

ENNEMM / SÍA / NM34438

SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000		
HANCOCK D HJÓÐ & MYND	kl. 3.45 - 5.50 - 8 - 10.10	12
HANCOCK LÚXUS D HJÓÐ & MYND	kl. 3.45 - 5.50 - 8 - 10.10	
KUNG FU PANDA D HJÓÐ & MYND	kl. 3.45 - 5.50 ÍSL. TAL	
BIG STAN	kl. 5.40 - 8 - 10.20	12
THE INCREDIBLE HULK	kl. 5.30 - 8 - 10.30	12
ZOHAN	kl. 8 - 10.30	10
	5%	

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919		
HANCOCK	kl. 6 - 8.30 - 10.30	12
KUNG FU PANDA	kl. 6 - 8 - 10 ENSKT TAL	
BIG STAN	kl. 5.40 - 8 - 10.20	12
SEX AND THE CITY	kl. 6 - 9	14
	5%	

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 650 kr. SUMARTILBOÐ		
THE INCREDIBLE HULK	kl. 5.30 - 8 - 10.30	12
HAPPENING	kl. 8 - 10.10	16
MEET BILL	kl. 5.50 - 8	7
SEX AND THE CITY	kl. 7 - 10	14
ZOHAN	kl. 5.30	10
INDIANA JONES 4	kl. 10.20	12
allar myndir - allar sýningar - alla daga í allt sumar		

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500		
HANCOCK	kl. 6 - 8 - 10	12
BIG STAN	kl. 8 - 10	7
THE INCREDIBLE HULK	kl. 5.50	12
	5%	

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR

LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR		
HANCOCK	kl. 4, 6, 8 (D) og 10.10(D)	12
KUNG FU PANDA	kl. 4 (D) og 6(D)	L
WANTED	kl. 8 og 10.10	16
NARNIA: PRINCE CASPIAN	kl. 4	7
SEX AND THE CITY	kl. 10.10	14

ÁLFABAKKA		
KUNG FU PANDA m/ísl. tali	kl. 4D - 6D DIGITAL	L
KUNG FU PANDA M/ENSKU	kl. 4 - 6 - 8 - 10:10	L
HANCOCK	kl. 4 - 6 - 8D - 10:10D	12
HANCOCK	kl. 8 - 10:10	VIP
WANTED	kl. 5:30 - 8 - 10:20 - 10:40	16
NARNIA 2	kl. 5 - 8	7
INDIANA JONES 4	kl. 8 - 10:20	12

KRINGLUNNI		
WANTED DIGITAL	kl. 8:30D - 10:50D	16
KUNG FU PANDA m/ísl. tali	kl. 6:30D	L
NARNIA 2 DIGITAL	kl. 6D	7
SEX AND THE CITY	kl. 6 - 9	14
THE BANK JOB	kl. 9 - 11:10	16

SELFOSS		
HANCOCK	kl. 8 - 10:10	12
KUNG FU PANDA m/ísl. tali	kl. 8	L
WANTED	kl. 10:10	16

AKUREYRI		
KUNG FU PANDA m/ísl. tali	kl. 6	L
WANTED	kl. 8 - 10	16
NARNIA 2	kl. 6	7
THE BANK JOB	kl. 9	16

KEFLAVÍK		
KUNG FU PANDA m/ísl. tali	kl. 8	L
HANCOCK	kl. 8 - 10	12
INCREDIBLE HULK	kl. 10	12

Umboðsmaður UMTBS í haldi

Það gengur allt annað en þrautalaust fyrir Ultra Mega Technóbandið Stefán (Umtbs) að koma út fyrstu plötunni sinni. Það hefur allt gengið á afturfótunum og síðasta áfallið reið yfir þegar umboðsmaður hljómsveitarinnar var settur í gæsluvarðhald.

„Við vöknuðum nú bara einn morguninn og sáum þetta í blöðunum," segir Sigurður Á. Árnason Olsen, söngvari Umtbs og aðallagahöfundur. Eins og komið hefur fram á Vísi verður Þorsteinn Kragh, umboðsmaður sveitarinnar, í gæsluvarðhaldi til 24. júlí fyrir meinta aðild að smygli á 190 kílóum af hassi og fleiru sem fannst í húsbíl um borð í Norrænu. Þorsteinn hafði hrifist af tónlist strákanna og hafði ýmsar metnaðarfullar áætlanir fyrir hönd hljómsveitarinnar. Meðal annars hafði hljómsveitin verið á forsíðu Myspace.

„Allt í kringum þessa plötu minnir á sápuóperu sem er lengri en Leiðarljós, allt sem hefur getað klikkað hefur klikkað," segir Sigurður og dæsir. Nú er platan loksins komin í framleiðslu erlendis. „Eins lengi og verksmiðjan brennur ekki – sem væri alveg eftir öðru – get ég lofað að platan kemur út núna í júlí. Við erum orðnir mjög spenntir en um leið stóískir."

Umtbs vakti mikla athygli í fyrra fyrir lagið Story of a Star og stóra platan, Circus, átti upphaflega að koma út í febrúar. „Okkur fannst platan bara ekki tilbúin þá. Við viljum skapa alveg nýtt sánd og erum haldnir fullkomnunarárátttu. Við bættum alls konar rugli við og sjáum ekki eftir því í dag, þetta er frábær plata. Við erum að sameina pönkið og diskóið á súrrealískan og vandaðan hátt. Við erum alveg hressir enn þá, en líka fágaðir." **- glh**

STUTT Í FYRSTU PLÖTU UMTBS Nema verksmiðjan brenni til grunna.

Bjórinn dýr á Hróarskeldu

Einhver helsti sérfræðingur Íslands um Hróarskeldu-hátíðina – Óli Palli útvarpsmaður – segir hana hafa tekist einkar vel að þessu sinni en fall krónunnar togaði í pyngjuna.

„Þetta er þrettánda árið í röð sem ég fer á Hróarskeldu. Og þetta er heitasta hátíðin. Ólíkt erfiðara var í fyrra en nú var þetta eins og best verður á kosið: Flott músík, góður maður, frábært veður en dýr bjór," segir útvarpsmaðurinn Ólafur Páll Gunnarsson – eða Óli Palli.

Óli Palli má heita sérfróður um tónlistarhátíðina á Hróarskeldu í Danmörku sem lauk nú um helgina. Og þeir fundu fyrir því, íslenskir Hróarskeldufarar, að krónan hefur fallið um tugi prósenta að undanförnu. En hátíðin tókst vel að sögn Óla Palla – hundrað þúsund gestir og leiðindaatvik, slagsmál og læti, voru teljandi á fingrum annarrar handar. Útvarpsmaðurinn furðar sig á spurningunni hvað hafi staðið upp úr?

„Hvurskonar bjánaspurning er þetta? Neil Young að sjálfsögðu. Ég las einhvers staðar að þetta hefðu líklega verið bestu tónleikar á Hróarskeldu í tíu ár. Þetta er alvöru," segir Óli Pall sem þekktur er fyrir aðdáun sína á Young og hefur séð hann í ófá skiptin. Óli Palli lýkur einnig upp miklu lofsorði á frammistöðu Mugison og hljómsveitar sem tróðu upp í sex þúsund manna tjaldi.

„Mugison var algerlega frábær. Þetta er orðið svo vel spilandi og skemmtilegt band, kraftmikið og gaman að sjá íslenska hljómsveit komna á þetta stig. Eðlilega hafa íslenskar hljómsveitir ekki tækifæri til að spila sig í svo gott form en Mugison er búinn að túra núna um skeið. Þeir eru í Prag núna, í þessum orðum töluðum og í Dresden í kvöld. Þetta er orðið smurt eins og það gerist best," segir Óli Palli.

Auk Mugison kom íslenska hljómsveitin Bloodgroup fram á hátíðinni og stóð sig vel að sögn útvarpsmannsins. Margir Íslendingar voru mættir á staðinn bæði á Bloodgroup-tónleikunum sem og á Mugison til að styðja sína menn.

jakob@frettabladid.is

ÓLI PALLI MILLI ATRIÐA Íslendingarnir stóðu sig vel á Hróarskeldu og þarna er Óli Palli í keppnisgallanum að gera sig kláran í slaginn.

Jude með fyrirsætu

Jude Law er sagður vera kominn með nýja kærustu upp á arminn, en það mun vera engin önnur en ofurfyrirsætan Lily Cole. Hin tvítuga Lily sást yfirgefa íbúð leikarans í vesturhluta London síðastliðinn laugardag eftir að hafa eytt föstudagskvöldinu með honum, en þá sást parið haldast í hendur og láta vel hvort að öðru á veitingastað í Covent Garden í London.

Þetta mun ekki vera í fyrsta sinn sem sést til parsins því fyrir stuttu síðan voru þau á Radiohead-tónleikum þar sem þau virtust náin á meðan þau nutu tónlistarinnar.

NÝTT PAR Reglulega berast fréttir af ástarlífi Jude Law og nú virðist sem hann sé kominn með ungu ofurfyrirsætuna Lily Cole upp á arminn.

ÁSTFANGNAR Lindsay og Samantha eru komnar út úr skápnum með samband sitt.

Lindsay komin út úr skápnum

Lindsay Lohan og Samantha Ronson virðast nú vera hættar að reyna að fela samband sitt. Lindsay sagði fyrir stuttu í útvarpsviðtali að það eina sem hún óskaði sér í afmælisgjöf væri hamingja og að fá að vera með manneskjunni sem henni þykir vænst um. Nú hefur Samantha birt mynd á MySpace-síðu sinni sem sýnir hana og Lindsay kyssast innilega. Áður hafa náðst myndir af þeim vinkonum þar sem þær eru í faðmlögum og kossaflensi.

Einhver alvara virðist vera komin í sambandið því samkvæmt heimildum heimsækir Samantha hana Lindsay sína í vinnuna daglega, en Lindsay er nú við tökur á myndinni Labor Pains.

Madonna vill Britney

Orðrómur um að Britney Spears muni troða upp á tónleikaferðalagi Madonnu gengur nú fjöllunum hærra. Madonna er sögð hafa boðið Britney að ganga til liðs við sig í von um að hjálpa henni, en Britney er nú að reyna að koma söngferli sínum aftur á skrið eftir undangengna erfiðleika.

Samkvæmt heimildum breska dagblaðsins The Sun hittust stöllurnar í New York á sunnudaginn var til að taka upp myndband sem síðan verður varpað upp á breiðtjald og notað sem bakgrunnur á tónleikaferðalagi Madonnu, Stick and Sweet. Þá er Britney sögð ætla að troða upp með henni á nokkrum stöðum. Ferðalagið hefst 23. ágúst næstkomandi.

TÓNLEIKAFERÐALAG Í VÆNDUM Madonna og Britney eru vanar að troða upp saman, en á MTV-tónlistarhátíðinni 2003 kysstust þær eftirminnilegum kossi á sviðinu.

Segist ekki vera gullgrafari

Fyrrverandi kærasta Vernes Troyers, leikarans smáa sem er betur þekktur sem Mini Me, hefur nú viðurkennt að hún hafi látið kynlífsmyndbandið af henni og Verne á Netið. Ekki nóg með það heldur hefur hin tuttugu og tveggja ára Ranae Shrider einnig verið iðin við að tjá sig um sambandið við slúðurblöðin þar vestra. „Kynlífið var ólíkt því sem ég hef vanist og ég lýg því ekki að oft var erfitt að láta allt ganga áfallalaust fyrir sig. Þegar við sváfum saman þá kitluðu tærnar á honum hnén á mér."

Þau kynntust í teiti hjá Hugh Hefner fyrir stuttu og segir Ranae að Verne hafi eftir það boðið henni á stefnumót. „Við hlógum allt kvöldið og ég tók eftir því hversu falleg augun hans eru, eftir það var ég orðin skotin í honum," sagði Ranae um stefnumótið. „Þegar við sváfum saman fyrst þá var ég mjög stressuð en ég gat ekki kvartað yfir neinu. Við elskuðumst þrisvar sinnum á tuttugu mínútum. Það var þó skrítið að sofa hjá manni sem getur ekki kysst mann á meðan, nema þá bara á magann."

Ranae hefur neitað öllum ásökunum um að hún hafi aðeins verið með Verne til þess að ná frægð og frama. Líklega þykir mörgum það ótrúlegt með hliðsjón af því að hún sjálf lét kynlífsmyndbandið á Netið í von um gróða.

KÆRASTAN LAK KYNLÍFSMYNDBANDI Ranae og Verne á góðri stundu.

NÚTÍMASEKT Beck á afmæli í dag.

Beck með afmælisplötu

Í dag, á 38 ára afmæli Becks, kemur út áttunda platan hans, Modern Guilt. Tvö ár eru síðan síðasta platan hans kom út. Á nýju plötunni nýtur Beck meðal annars liðsinnis tónlistarkonunnar Cat Power, sem spilaði á Innipúkanum fyrir þremur árum, og Dangermouse, sem hljóðvann plötuna. Þetta er síðasta platan sem Beck gerir fyrir útgáfuna Interscope, en samningur hans við fyrirtækið er nú útrunninn.

Drukkið afmælisbarn

Það var ekki aðeins Lindsay litla Lohan sem hélt upp á afmæli sitt um helgina því Baywatch-skutlan fyrrverandi, Pamela Anderson, hélt einnig veislu í tilefni 41 árs afmæli síns. Pamela, sem virtist hafa drukkið einum of mikið, spjallaði lengst af við töframanninn Criss Angel. Nýlega heyrðist sá orðrómur að Pamela og rokkarinn Tommy Lee hefðu tekið enn og aftur saman, en Tommy var þó hvergi sjáanlegur þetta kvöld.

HAUKUR OG HRÚTURINN hér sjást þeir félagar á gangi um miðbæ Vestmannaeyja. MYND/ÓSKAR

Wenger mætti á Shell-mótið

Haukur Guðjónsson vekur alltaf athygli þegar hann þrammar um göturnar í Vestmannaeyjum með hrút sér við hlið. Nú beitir Haukur sér fyrir því að fá að grafa upp fyrstu rafstöð Vestmannaeyja.

Vörubílstjórinn og útvegsbóndinn Haukur Guðjónsson er einn þeirra sem vann við uppgröftinn eftir Vestmannaeyjagosið árið 1973. Í dag, 35 árum eftir gos, er á ný verið að grafa hús undan hrauninu og hefur Haukur unnið að því að fá leyfi til þess að grafa upp fyrstu rafstöð eyjarinnar.

„Vélasalurinn gamli er undir götunni og það eru ekki nema tíu metrar í gamla Tuxon-skipsvél sem er inni í húsinu. Ég hef spurt þá sem þekkja til, gamla vélstjóra, og þeir eru sannfærðir um að hægt sé að gangsetja vélina samdægurs ef hægt er að grafa hana upp. Þetta eru hundrað ára gamlar vélar og því um merkar minjar að ræða," segir Haukur en hann hefur haft samband við formann ferðamálaráðs Vestmannaeyja og kynnt honum hugmyndir sínar.

„Ég hef kost á að fá mjög ódýrt vinnuafl og uppgröfturinn ætti ekki að taka meira en viku með réttum vélakosti. Gömlu refirnir hjá Ístaki, þeir sömu og unnu að uppgreftrinum eftir gos, hafa sýnt áhuga á verkefninu og eru tilbúnir til þess að aðstoða." Haukur vonast til þess að geta hrint verkefninu í framkvæmd fyrir næstu goslokahátíð.

Haukur segist vera útvegsbóndi í frístundum sínum þar sem hann stundar bæði sjó og fjárbúskap. Haukur er einnig mikill fótboltaáhugamaður en ásamt því að vera heiðursfélagi í Arsenal-klúbbnum á Íslandi á hann hrútinn Arséne Wenger, sem er eyjamönnum vel kunnugur. „Ég var á leið út til Englands á fótboltaleik þegar hann fæddist og því fannst mér við hæfi að nefna hann í höfuðið á þjálfara Arsenal. Wenger hefur verið hjá mér hér í miðbænum núna í vetur ásamt fjórum öðrum kindum. Ég þurfti að tína ofan í hann hvönn og baldursbrá og gefa honum pela yfir veturinn en þegar voraði þá kunni greyið ekki að bíta gras sjálfur því hann hafði aldrei þurft að gera það áður," segir Haukur um heimalinginn Wenger. Hrúturinn virðist ekki hafa minni áhuga á fótbolta en eigandinn og fékk að mæta á leik á Shell-mótinu í sumar og vakti þá mikla lukku hjá keppendum. „Hann er mjög gæfur og við erum miklir félagar," segir Haukur að lokum.

sara@frettabladid.is

HAMINGJUSÖM Nicole og Keith eignuðust sitt fyrsta barn á mánudaginn.

Eignuðust dóttur

Nicole Kidman og eiginmaður hennar, Keith Urban, eignuðust sitt fyrsta barn saman á mánudaginn var. Hjónunum fæddist dóttir sem hefur fengið nafnið Sunday Rose Kidman Urban og samkvæmt talsmanni hjónanna heilsast bæði móður og barni vel. „Hún hefur sjaldan verið jafn hamingjusöm. Hún ljómar öll og nýtur þess að búa sér og fjölskyldunni heimili," var haft eftir fjölskylduvini. Nicole á fyrir börnin Isabellu og Connor sem hún ættleiddi með fyrrum eiginmanni sínum Tom Cruise.

Skemmtir sér í sólinni

Ofurfyrirsætan Kate Moss er komin í stutt sumarfrí og nýtur sólarinnar um borð í snekkju sinni í Kyrrahafinu. Fyrirsætan virtist skemmta sér vel þar sem hún flatmagaði á dekki og drakk og reykti. Kærasti hennar, tónlistarmaðurinn Jamie Hinche, var þó fjarri góðu gamni því hann var að spila á The Boosh-hátíðinni í Kent í Englandi.

Veikar lagasmíðar

Bergmann er fyrsta sólóplata Sverris Bergmann, en hann hefur lengi þótt efnilegur söngvari og var m.a. meðlimur í hljómsveitinni Daysleeper. Það var mikið lagt í þessa plötu. Hún var þrjú ár í vinnslu og var tekin upp í London undir stjórn James Hallawell sem m.a. hefur unnið með Wet Wet Wet.

Tónlistin á Bergmann er mikið unnið popp. Lögin eru mishröð, allt frá ballöðum upp í rokk, stemningin minnir stundum á Coldplay. Það heyrist strax við fyrstu hlustun að platan er faglega unnin. Hljómurinn er tær og nútímalegur og platan er mjög vel hljóðblönduð. Hljóðfæraleikurinn er líka til fyrirmyndar og söngur Sverris kemur oft ágætlega út. Það eru hins vegar tvö stór vandamál við plötuna. Útsetningarnar eru ófrumlegar og iðnaðarlegar og það sem verra er, lagasmíðarnar eru flestar mjög veikar. Og án góðra lagasmíða á poppplata eins og þessi ekki mikla möguleika. Fagleg vinnubrögð gagnast lítið ef efniviðurinn er ekki til staðar.

Trausti Júlíusson

TÓNLIST

Bergmann

Bergmann

★★

Þó að mikil vinna og metnaður hafi farið í að gera þessa plötu þá veldur hún vonbrigðum - útsetningar eru ófrumlegar og lagasmíðarnar eru veikar.

Anita Briem falleg eins og jökull

Gagnrýnendur í Bandaríkjunum eru nokkuð sammála um að bíómyndin Journey to the Center of the Earth sé góð skemmtun og þeir hallast á þá skoðun að þrívíddin í myndinni auki mjög á skemmtanagildið. Sem kunnugt er var hluti myndarinnar tekinn á Íslandi og Anita Briem fer með eitt af aðalhlutverkunum ásamt Brendan Fraser og Josh Hutcherson, sem leika feðga. Anita leikur leiðsögumanninn Hönnu Ásgeirsson (ekki dóttir?!) sem fer með feðgunum að munna eldfjallsins og þaðan niður í iður jarðar. Hún tekur ekki nema 5.000 krónur á dag fyrir leiðsögnina enda var myndin gerð fyrir gengishrun. Þremenningarnir lenda svo auðvitað í alls konar hremmingum á leið sinni.

FALLEG Anita Briem fær góða dóma.

Myndin var frumsýnd fyrir helgi í Bandaríkjunum og fær Anita góða umsögn í fjölmiðlum vestra. Hún þykir standa sig vel og vera glæsileg, en stórblaðinu Variety þykir hún þó aðeins of stíf. „Hún er falleg, eins og jökull," segir tímaritið. Þetta er stærsta hlutverk Anitu til þessa, en hún hefur leikið í sjónvarpsþáttunum The Evidence og The Tudors. Næst leikur hún í myndinni The Storyteller sem Robert A. Masciantonio leikstýrir. Sá er lærlingur Kevins Smith.

Journey to the Center of the Earth verður frumsýnd á Íslandi 12. september og auðvitað í þrívídd.

STEFNT Á TOPPINN Anita Briem með 66°N bakpoka.

> Hafa haldið hreinu í 417 mínútur

Heil umferð fer fram í Landsbankadeild kvenna í kvöld og þar mætast fjögur efstu lið deildarinnar í tveimur leikjum. Topplið Vals sækir Stjörnuna heim á gervigrasið í Garðabæ. Á sama tíma taka bikarmeistarar KR á móti Aftureldingu sem er í 4. sæti. Brett Elizabeth Maron, markvörður Aftureldingar, hefur nú haldið hreinu í fjórum síðustu leikjum og í samtals 417 mínútur. Það verður því spennandi að sjá hvort KR-konur finni leiðir fram hjá henni í kvöld. Aðrir leikir kvöldsins eru Keflavík-Þór/KA, Fylkir-HK/Víkingur og Breiðablik-Fjölnir og allir hefjast leikirnir klukkan 19.15.

sport
sport@frettabladid.is

FRÁBÆR DAGUR GRINDVÍKINGSINS JÓHANNS HELGASONAR: Á SKOTSKÓNUUM Í FJÓRÐA ÚTISIGRI LIÐSINS Í RÖÐ

Fagnaði frumburðinum með því að skora sigurmarkið

Jóhann Helgason kom inn á sem varamaður og tryggði Grindvíkingum fjórða útisigurinn í röð þegar liðið vann 2-1 sigur á ÍA upp á Akranesi. Þetta var ótrúlegur dagur fyrir Jóhann sem varði pabbi fyrr um daginn. Skagamenn eru því áfram í fallsæti og hafa ekki unnið leik síðan 20. maí.

Skagamenn hófu þó leikinn af krafti og það var því sanngjarnt þegar Stefán Þórðarson kom þeim yfir úr vítaspyrnu á 28. mínútu sem Kristinn Jakobsson dæmdi eftir að Jón Vilhelm Ákason var felldur í teignum. Eftir markið færðu Skagamenn sig aftar á völlinn og á 59. mínútu leiksins jafnaði Jósef Kristinn Jósefsson metin með góðu marki. Grindvíkingar efldust við þetta og Jóhann Helgason kom þeim yfir á 68. mínútu, en hann hafði einungis verið inni á vellinum í um hálfa mínútu þegar hann skoraði. Grindvíkingar héldu út til leiksloka og fögnuðu gríðarlega þegar Kristinn Jakobsson flautaði.

Jósef Kristinn Jósefsson átti frábæran leik í liði Grindavíkur og var vitaskuld sáttur í leikslok. „Þetta er okkar besti seinni hálfleikur í sumar. Við höfum alltaf verið ömurlegir í seinni hálfleik eftir að hafa átt ágætan fyrri hálfleik en nú snerist þetta við. Við komum dýrvitlausir til leiks eftir leikhlé og gjörsamlega yfirspiluðum þá í seinni hálfleik," sagði Jósef og bætti við. „Þetta er sigur liðsheildarinnar. Vörnin var fantagóð og allt liðið var hreint frábært í síðari hálfleik. Það er heil seinni umferð eftir af mótinu og það munar engu á okkur og liðunum fyrir neðan. Það eru bara tveir leikir og þá eru þeir búnir að ná okkur og þetta er klárlega ekki búið."

Jóhann Helgason átti góða innkomu en hann hafði tvöfalda ástæðu til að fagna. „Það var ljúft að skora og í seinni hálfleik stigum við upp og vorum ákveðnari í öllum návígum og pökkuðum þeim saman. Þetta er besti dagur í lífi mínu því ég eignaðist son í morgun og maður gleymir þessum degi seint," sagði Jóhann kampakátur í leikslok.

- sjj

Tæpar 400 mínútur Fylkis án marks

Fylkismenn eru í frjálsu falli niður töfluna eftir fimmta tapið í röð í gær. Léttleikandi Blikar fóru með 2-0 sigur í Árbænum og þeir gátu leyft sér að vera í hlutlausum gír allan seinni hálfleikinn.

FÓTBOLTI Fylkir hefur tapað fimm leikjum í röð og staða þeirra á botninum er ekki góð. Það sem veldur líklega meiri áhyggjum er spilamennska liðsins en liðið var slakt í gær þegar það tapaði fyrir sprækum Blikum, 2-0.

Fyrri hálfleikur var eign Blika. Þeir spiluðu vel fram völlinn enda fengu þeir nægan tíma til þess frá heillum horfnum Fylkismönnum. Jóhann Berg og Marel náðu vel saman í framlínunni og fyrsta færi leiksins varð að marki. Það skoraði Nenad Zivanovic með þrumuskoti eftir að Fylkismanni mistókst að hreinsa aukaspyrnu frá og Marel skallaði boltann til hans.

Það hafði Marel einnig gert vel fram að því. Þrátt fyrir að honum hafi gengið illa, eða reyndar ekkert, að skora í sumar stóð hann sig vel í því að finna samherja sína en hann virðist enn skorta eittvað til að pota boltanum inn. Jóhann Berg kom Blikum svo í 2-0 með glæsilegu marki, þrumuskoti í stöngina og inn. Frábært mark.

Fylkismenn voru slakir í fyrri hálfleiknum. Þeim gekk illa að halda boltanum og skot þeirra voru léleg utan eins sem Casper varði frá Jóhanni. Það vantaði grimmd og ákveðni í Árbæinga sem voru sjálfum sér verstir. Staðan var 2-0 í hálfleik.

Árbæingar sóttu ögn í sig veðrið í síðari hálfleiknum án þess að ógna marki Blika að neinu viti. Ungt lið þeirra átti ekkert í Blikana sem gátu leyft sér að vera í hlutlausum gír allan síðari hálfleikinn. Þeir höfðu lítið fyrir hlutunum en voru samt nær því að bæta við marki en Fylkir að minnka muninn.

Fylkismenn bættu vafasamt félagsmet í leiknum. Þeir höfðu ekki skorað frá því 5. júní þegar Jóhann skoraði gegn Þrótti og ekki tókst þeim það í gær. Þeir hafa aldrei beðið lengur eftir marki í efstu deild en nú eru komnar 389 mínútur frá því Jóhann skoraði. Fyrra metið, 331 mínúta, er frá árinu 1989.

Ólafur Kristjánsson, þjálfari Blika, hugsaði sig um í nokkrar sekúndur áður en hann kvað upp dóm um leikinn. „Mér fannst þetta öruggt. Boltinn flaut mjög vel hjá okkur en það dró kannski aðeins af okkur í seinni hálfleik. Leikmenn kvörtuðu reyndar undan miklum hita þá. En við klárúðum leikinn og mér leið bara mjög vel," sagði Ólafur.

Eins og áður sagði vann Marel vel fyrir liðið þrátt fyrir að hann hafi enn ekki skorað í sumar. „Það sjá það allir sem hafa vit á fótbolta að Marel er að vinna mjög vel fyrir liðið. Hann er mikilvægur leikmaður fyrir okkur," sagði Ólafur. Kollegi hans hjá Fylki, Leifur Garðarsson, var ekki jafn brosmildur.

„Staðan í deildinni er ekki góð og vissulega veldur hún mér áhyggjum. Við þurfum að fá sigur og það styttist í hann. Ég ætla að vona að allir sem koma að liðinu hafi sama metnað til að snúa stöðunni við. Okkur skortir kannski sjálfstraust eftir slæmt gengi en það verður fljótt að koma þegar við snúuum skútunni við," sagði Leifur sem kveðst ekkert hugsa um sína stöðu. „Ég tek ekki ákvörðun um framtíð mína, ég held bara áfram að leggja mig fram í mínu starfi, fram undan er undirbúningur fyrir næsta leik."

hjalti@frettabladid.is

MIKILVÆGUR Marel Baldvinsson á enn eftir að skora fyrir Blika í sumar en er engu að síður mjög mikilvægur fyrir Kópavogsliðið að mati þjálfarans Ólafs Kristjánssonar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

ÍA 1-2 Grindavík

Akranesvöllur, áhorf.: 972 — Kristinn Jakobsson (8)

1-0 Stefán Þórðarson, víti (28.)
1-1 Jósef Kristinn Jósefsson (59.)
1-2 Jóhann Helgason (68.)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	13–18 (5–10)
Varin skot	Madsen 8 – Simunic 4
Horn	3–4
Aukaspyrnur fengnar	8–12
Rangstöður	1–1

ÍA 4–3–3		GRINDAV. 4–5–1	
Esben Madsen	7	Zankarlo Simunic	6
Heimir Einarsson	4	Ray Anthony Jónsson	6
Árni Thor Guðmunds.	5	(79. Sveinn Þór Steingr.	-)
Dario Cingel	5	Zoran Stamenic	7
(71. Árni Ingi Pjetur.	5)	Marinko Skaricic	6
Igor Bilokapic	5	***Jósef Kr. Jósefss.**	**8**
Jón Vilhelm Ákason	7	Scott Ramsay	7
(79. Aron Pétursson	-)	Orri Freyr Hjaltalín	6
Guðjón Heiðar Sveins.	5	Andri Steinn Birgiss.	5
Helgi Pétur Magnúss.	6	(34., Bogi Rafn Einarss.	6)
(87. Guðm. Guðjónss.	-)	Eysteinn Hauksson	6
Andri Júlíusson	5	Alexander Veigar Þór.	7
Stefán Þórðarson	6	(67. Jóhann Helgason	7)
Björn Bergmann Sig.	6	Tomasz Stolpa	7

*Maður leiksins

HK 1-6 Fjölnir

Kópavogsvöllur, áhorf.: 860 — Eyjólfur M. Kristinsson (7)

0-1 Gunnar Már Guðmundsson (21.)
0-2 Magnús Ingi Einarsson (32.)
0-3 Ólafur Páll Johnson (38.)
0-4 Ólafur Páll Snorrason (40.)
0-5 Pétur Georg Markan (82.)
1-5 Rúnar Már Sigurjónsson (90.+1)
1-6 Pétur Georg Markan (90.+2)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	9–16 (4–11)
Varin skot	Gunnleifur 5 – Þórður 2
Horn	6–2
Aukaspyrnur fengnar	9–17
Rangstöður	2–4

HK 4–5–1		FJÖLNIR 4–3–3	
Gunnleifur Gunnleifs.	5	Þórður Ingason	6
Atli Valsson	2	Gunnar Valur Gunnars.	6
(56. Hermann Geir	5)	Óli Stefán Flóventss.	7
Ásgrímur Albertsson	3	Kristján Hauksson	7
Finnbogi Llorens	3	Magnús Ingi Einarss.	8
Hörður Árnason	2	Ágúst Gylfason	8
Rúnar Már Sigurjónss.	3	(76. Ásgeir Aron	-)
Þorlákur Hilmarsson	2	Ólafur Páll Johnson	8
(46. Damir Muminovic	5)	(83. Illugi Þór	-)
Mitja Brulc	4	Gunnar Már Guðm.	8
Stefán Eggertsson	5	Ómar Hákonarsson	8
Aaron Palomares	4	Tómas Leifsson	7
(68. Hörður Már	4)	(76. Pétur Georg	7)
Iddi Alkhag	4	***Ólafur Páll Snorr.**	**8**

*Maður leiksins

STAÐAN Í LANDSBANKADEILD:

1. FH	**10**	**7**	**1**	**2**	**21-10**	**22**
2. Keflavík	10	7	1	2	23-15	22
3. KR	**10**	**6**	**0**	**4**	**18-11**	**18**
4. Fjölnir	10	6	0	4	17-10	18
5. Valur	**10**	**5**	**1**	**4**	**16-13**	**16**
6. Breiðablik	10	4	3	3	17-15	15
7. Fram	**10**	**5**	**0**	**5**	**10-9**	**15**
8. Grindavík	10	4	1	5	13-17	13
9. Þróttur	**10**	**3**	**3**	**4**	**13-18**	**12**
10. Fylkir	10	3	0	7	10-18	9
11. ÍA	**10**	**1**	**4**	**5**	**8-15**	**7**
12. HK	10	1	2	7	11-26	5

Markahæstu leikmenn deildarinnar:

1. Björgólfur Takefusa (KR)	**9 mörk**
2. Guðmundur Steinarsson (Keflavík)	7
2. Pálmi Rafn Pálmason (Valur)	**7**
4. Atli Viðar Björnsson (FH)	6

FYLKIR 0-2 BREIÐABLIK

0-1 Nenad Zivanovic (12.)
0-2 Jóhann Berg Guðmundsson (24.)

Fylkisvöllur, áhorf.: 768
Garðar Örn Hinriksson (8)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	12–10 (3–5)
Varin skot	Fjalar 3 – Jacobsen 3
Horn	2–5
Aukaspyrnur fengnar	13–18
Rangstöður	2–8

Fylkir 4–4–2 Fjalar Þorgeirsson 5 - Björn Orri Hermannsson 3 (64. Ólafur Stígsson 4), Kristján Valdimarsson 4, Þórir Hannesson 4, Kjartan Ágúst Breiðdal 3 - Andrés Már Jóhannesson 4, Ian Jeffs 3, Valur Fannar Gíslason 4, Halldór Hilmisson 3 (45. Viðir Leifsson 5) - Kjartan Andri Baldvinsson 4, Jóhann Þórhalsson 4 (75. Haukur Ingi Guðnason -).

Breiðablik 4–3–3 - Casper Jacobsen 6 - Kristinn Jónsson 7, Srjdan Gasic 7, Finnur Orri Margeirsson 7, Arnór Sveinn Aðalsteinsson 6 - Nenad Petrovic 5 (57. Prince Rajcomar 6), Arnar Grétarsson 7, Nenad Zivanovic 7 (80. Steinþór Freyr Þorsteinsson -) - Guðmundur Kristjánsson 6, ***Jóhann Berg Guðmundsson 7**, Marel Baldvinsson 7 (68. Magnús Páll Gunarsson 5).

Fjölnismaðurinn Ólafur Páll Snorrason átti þátt í fimm mörkum í stórsigri Fjölnis í Kópavoginum í gærkvöldi:

HK-ingum var slátrað á heimavelli sínum

FÓTBOLTI Ekkert annað en fall blasir við HK-ingum sem steinlágu fyrir liprum Fjölnismönnum 1-6 á Kópavogsvelli í gær. Heimavöllurinn reyndist dýrmætur fyrir Kópavogsliðið í fyrra en Fjölnismönnum leið þar ansi vel í gær. Þeir léku sér að mótherjum sínum í fyrri hálfleik í gær og gerðu út um leikinn með fjórum mörkum fyrir hlé. HK-ingar voru niðurlægðir.

Gunnar Már Guðmundsson, leikmaður Fjölnis, sagði að sigurinn hefði verið jafn auðveldur og hann leit út fyrir að vera. „Eftir að fyrsta markið kom var þetta aldrei spurning. Svo í seinni hálfleik urðum við værukærir en við erum hættulegastir þegar það er sótt á okkur. Við dettum oft í gírinn og þá erum við helvíti góðir," sagði Gunnar Már.

Yfirburðir Fjölnis í fyrri hálfleik voru algjörir meðan ekki stóð steinn yfir steini í spilamennsku HK. Vörn HK átti ekkert roð við snöggum og liprum sóknarmönnum Fjölnis og þá var miðja heimamanna ansi götótt og gestirnir fengu að leika lausum hala.

Fjölnismenn byrjuðu leikinn af miklum krafti og náðu völdunum strax í byrjun. Þeir tóku forystuna á 21. mínútu þegar Gunnar Már Guðmundsson var einn og óvaldaður í teignum, fékk mikinn tíma og skaut boltanum af krafti í netið.

Varnarleikur HK-ingar var oft og tíðum vandræðalegur, gott dæmi um það var þegar fyrirliðinn Magnús Ingi Einarsson skoraði annað markið. Eftir að boltinn hafði þvælst milli varnarmanna barst hann til Magnúsar sem skaut föstu skoti í hornið.

Ólafur Páll Johnson skoraði þriðja mark Fjölnis eftir sendingu frá nafna sínum Ólafi Páli Snorrasyni sem skoraði sjálfur fjórða markið. Hann fylgdi þá eftir vítaspyrnu frá Gunnari Má Guðmundssyni sem Gunnleifur Gunnleifsson varði.

HK-ingar náðu að bæta leik sinn í seinni hálfleik enda annað varla hægt en það spilaði eitthvað inn í að Fjölnismenn virtust vera nokkuð saddir. Heimamenn áttu sláarskot áður en varamaðurinn Pétur Georg Markan skoraði eftir sendingu frá Ólafi Páli Snorrasyni. Rúnar Sigurjónsson náði að minnka muninn með laglegu marki í viðbótartíma en í næstu sókn á eftir rak Pétur Georg Markan sjötta og síðasta naglann í kistuna.

Leikur sem HK-ingar vilja líklega gleyma sem fyrst. Talað hefur verið um liðið sem eitt það slakasta sem leikið hefur í efstu deild og miðað við leikinn í gær er margt til í því.

- egm

MAÐUR DAGSINS Ólafur Páll Snorrason fagnar hér marki sínu í gær en hann lagði upp fjögur önnur fyrir félaga sína. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Fiskisaga

GALLERÝ KJÖT

...TVÆR GÓÐAR ÁSTÆÐUR TIL FYRIR FJÖLSKYLDUNA AÐ SAMEINAST VIÐ MATBORÐIÐ

Björgvin Mýrdal meistarakokkur
og meðlimur Bocuse'dor akademíunnar mælir með:

...að brjóta upp heðina og setja fiskibollurnar í súrsæta sósu með góðu grænmeti, s.s. vorlauk, brokkolí og paprikku. Bera svo fram með hrísgrjónum og sojasósu. Einfallt og ljúffengt fyrir alla fjölskylduna.

En fyrir þá sem vilja enga ævintýramennsku þegar kemur að góðum fiskibollum þá er aðferðin hennar mömmu alltaf klassísk!

Rétt er að mynna á sérvöruna í sælkeraverslunum Gallerý kjöt og Fiskisögu. Þar eru m.a. bæði heitar og kaldar sósur sem henta vel með fiskibollunum.

Verði ykkur að Góðu!

Bocuse d'Or
AKADEMIA ICELAND

RADAR

Á HÖFUÐB.SVÆÐINU: GRENSÁSVEGI • BÚÐARKÓR • DALVEGI HAMRABORG • HÖFÐABAKKA • SUNDLAUGARVEGI • NESVEGI HÁALEITISBRAUT • TJARNARVÖLLUM • BITRUHÁLSI

Á AKRANESI: ÆGISBRAUT 29

Í REYKJANESBÆ: VERSLUNARMIÐSTÖÐINNI FITJUM

Verslanir Gallerý kjöt og Fiskisögu eru opnar sem hér segir:
Virka daga 10:00 – 18:30 **(á Dalvegi frá 11:30 – 18:30)**
Laugardaga 11:00 – 17:00 í Búðakór, Dalvegi, Grensásvegi, Höfðabakka, Tjarnarvöllum, Sundlaugarvegi og Fitjum.
(á Dalvegi laugardögum frá 12:00 – 17:00)

dagskrá

> Jessica Simpson

„Mér er sama fyrir hvað ég er fræg svo lengi sem ég fæ kvikmyndahlutverkin sem ég vil og fæ að gera þá tónlist sem ég vil.“ Simpson leikur í „Employee of the Month“ sem sýnd er á Stöð 2 bíó í kvöld.

VIÐ TÆKIÐ VIGDÍS ÞORMÓÐSDÓTTIR SKEMMTIR SÉR MEÐ SMELLUM FORTÍÐAR

Þegar poppið var einhvers virði

Meiri snilldin er þessi útvarpsstöð sem kennir sig við gull og bylgju og býður hlustendum sínum upp á smelli frá liðnum tímum. Allt frá því að loðnir forfeður okkar ærsluðust í Afríku og börðu jörðina með prikum hefur mannkynið haft í sér óstjórnlega þörf til að hrífast með takti og jafnvel raula með laglínu í leiðinni. Þessi þörf okkar hefur leitt af sér margt meistaraverkið og ótal merk tímabil í tónlistarsögunni, en líkast til ekkert sem toppar gullaldartímabilið í sögu poppsins, frá sjötta áratug tuttugustu aldarinnar og alveg fram á þann níunda. Gullbylgjan, sem er FM 90,9 í viðtækjum landsmanna, sér manni fyrir áhyggjulausum dögum með því að leika glaðværa og hressandi tónlist þessara áratuga í belg og biðu þannig að engin leið er út úr kætinni og vinnugleðin helst órofin. Nema öðru hvoru þegar auglýsingar frá Rizzo-pizzum eða Olís-bensínstöðvum ryðja sér til rúms, en þær eru svosem hressandi og gerðar til þess

að létta manni lundina enn frekar. Sælan nær hæstu hæðum þegar meistarar á borð við Deep Purple, Elvis Presley eða The Supremes kyrja fyrir mann söngva um fjölbreytt viðfangsefni á borð við kalda stríðið, skó eða ástarsorg. Fyrirrennari Gullbylgjunnar, hin framúrskarandi Gull 90,9, spilaði aldrei nýrri lög en frá áttunda áratugnum. Gullbylgjan hefur hins vegar séð að ótvíræð fortíðarþrá gagnvart afurðum níunda áratugarins hefur gripið um sig í hjörtum þjóðarinnar því meir sem við fjarlægjumst það vafasama tímabil og hefur því gripið til þess ráðs að kasta einu og einu lagi með Toto inn í kássuna. Það er vel þegið, enda er Toto eðalsveit, en óhjákvæmilega spyr maður sig hvort þess sé langt að bíða að Gullbylgjan bjóði hlustendum sínum upp á gersemar tíunda áratugarins, til að mynda lagið Spaceman með hljómsveitinni Babylon Zoo. Í það minnsta er ólíklegt að aðrar útvarpsstöðvar taki að sér þetta verðuga verkefni.

EKKI MISSA AF

▶ 20.15 Stjörnugolf STÖÐ 2 SPORT

▶ 20.30 Ally McBeal STÖÐ 2 EXTRA

▶ 21.30 Traveler STÖÐ 2

▶ 21.50 The Real Housewives of Orange County SKJÁREINN

▶ 22.25 Raðmorðinginn 2 (Messiah II) SJÓNVARPIÐ

SJÓNVARPIÐ

16.05 Sportið (e)
16.35 Leiðarljós
17.20 Táknmálsfréttir
17.30 Púkka Suður-kóresk teiknimyndasyrpa um slynga stelpu.
18.00 Geirharður bojng bojng
18.25 Fiskur á disk í Argentínu (Fisk & Sushi i Argentina) (2:6) Í þessari dönsku þáttaröð ferðast fluguveiðimaðurinn Dan Karby og sushi-kokkurinn Sebastian Jørgensen um Argentínu, veiða fisk og matreiða hann.
19.00 Fréttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
19.55 Everwood (3:22) Bandarísk þáttaröð um heilaskurðlækni og ekkjumann sem býr ásamt tveimur börnum sínum í smábænum Everwood í Colorado. Aðalhlutverk: Treat Williams, Gregory Smith, Emily Van Camp, Debra Mooney, John Beasley og Vivien Cardone.
20.40 Kraftaverk í móðurkviði (Miracles In the Womb) Bresk heimildamynd um þróun fjölburafóstra í móðurkviði, frá getnaði til fæðingar.
22.00 Tíufréttir
▶22.25 Raðmorðinginn 2 (Messiah) (2:2) Spennumynd í tveimur hlutum sem fjallar um rannsóknarlögreglumanninn Red Metcalfe og starfslið hans sem eru að reyna klófesta kaldrifjaðan fjöldamorðingja. Aðalhlutverk: Ken Stott, Frances Grey, Neil Dudgeon og Art Malik.
23.55 Kastljós (e)
00.20 Dagskrárlok

BÍÓ

08.00 De-Lovely
10.05 The Perfect Man
12.00 Employee of the Month
14.00 Eight Below
16.00 De-Lovely
18.05 The Perfect Man
20.00 Employee of the Month Rómantísk gamanmynd með Jessicu Simpson, Dane Cook og Dax Shepard í aðalhlutverkum.
22.00 Constantine
00.00 Dog Soldiers
02.00 Die Hard II
04.00 Constantine
06.00 Jackass Number Two

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2 Sylvester og Tweety, Tommi og Jenni og Camp Lazlo.
08.15 Oprah
08.55 Í fínu formi
09.10 Bold and the Beautiful
09.30 La Fea Más Bella
10.15 Missing (2:19)
11.10 Tim Gunn's Guide to Style (3:8)
12.00 Hádegisfréttir
12.30 Neighbours
12.55 Les triplettes de Belleville (Belleville-þríburarnir)
14.35 Derren Brown. Hugarbrellur
15.00 Friends (8:24)
15.25 Sjáðu
15.55 Ginger segir frá
16.18 Justice League Unlimited
16.43 Kringlukast
17.08 Shin Chan
17.28 Bold and the Beautiful
17.53 Neighbours
18.18 Markaðurinn og veður
18.30 Fréttir
18.49 Íþróttir
18.55 Veður
19.10 The Simpsons (14:22)
19.35 Friends
20.00 The Moment of Truth (5:25) Nýr spurningaþáttur þar sem þáttakendur leggja heiðarleika sinn að veði og svara afar persónulegum spurningum um sjálfa sig til þess að vinna háar peningaupphæðir.
20.45 Las Vegas (1:19)
▶21.30 Traveler (6:8) Tveir skólafélagar standa skyndilega frammi fyrir því að vera hundeltir af alríkislögreglunni og eru hafðir fyrir rangri sök um að hafa valdið hryðjuverkasprengju á safni.
22.15 Silent Witness (2.10) Ellefta þáttaröð. Við fylgjumst með störfum Dr. Sam Ryan réttarmeinafræðings og félaga hennar sem aðstoða lögregluna við rannsókn á flóknustu morðmálum sem upp koma.
23.10 60 minutes
23.45 Medium (13:16)
00.30 Big Love (10:12)
01.25 ReGenesis (4:13)
02.10 Taxi 3
03.35 Les triplettes de Belleville
04.55 Las Vegas (1:19)
05.45 Fréttir

SPORT *besta sætið*

07.00 Landsbankadeildin 2008 HK - Fjölnir.
17.25 Landsbankadeildin 2008 HK - Fjölnir
19.15 Landsbankamörkin 2008 Allir leikirnir, öll mörkin og bestu tilþrifin í umferðinni skoðuð í þessum magnaða þætti.
▶20.15 Stjörnugolf 2008 Sýnt frá Stjörnugolfi 2008 en þangað mæta margir þjóðþekktir einstaklingar en tilgangur mótsins er að safna fé til góðs málefnis.
20.55 The Science of Golf Í þessum þætti er farið yfir hvernig kylfingar nú til dags eiga að æfa til að halda sér í góðri þjálfun. Farið yfir allt nútímaþjálfun í golfinu.
21.20 Kraftasport 2008 Sýnt frá keppninni um Sterkasta mann Íslands en þangað mæta allir helstu kraftajötnar landsins.
21.50 PGA Tour 2008 - Hápunktar Farið er yfir það helsta sem er að gerast á PGA mótaröðinni í golfi.
22.45 Champions of the World -Argentina Í þessum þætti verður fjallað um knattspyrnuna í Argentínu út frá ýmsum sjónarhornum. Við fræðumst um sögu íþróttarinnar í landinu og áhrif hennar á íbúa landsins.
23.40 Ultimate Blackjack Tour

SPORT 2

18.20 Premier League World Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum hliðum.
18.50 PL Classic Matches Nottingham Forest - Man. Utd., 98/99. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.
19.20 Football Icon Enskur raunveruleikaþáttur þar sem ungir knattspyrnumenn keppa um eitt sæti í herbúðum Englandsmeistara Chelsea.
20.05 Bestu bikarmörkin Bikarveisla að hætti Liverpool en félagið hefur sex sinnum sigrað í keppninni (FA Cup).
21.00 10 Bestu - Eiður Smári Guðjohnsen Sjötti þátturinn í þáttaröð um tíu bestu knattspyrnumenn Íslandssögunnar.
21.50 Football Rivalries Í þættinum í kvöld verður fjallað um ríg Arsenal og Tottenham ásamt því að kíkt verður til Króatíu og Zagreb skoðuð.
22.45 Premier League World
23.15 Bestu leikirnir Tottenham - Chelsea

SKJÁREINN

07.15 Rachael Ray (e)
08.00 Dr. Phil (e)
08.45 Dynasty (e)
09.30 Vörutorg
10.30 Óstöðvandi tónlist
15.10 Vörutorg
16.10 Everybody Hates Chris (e)
16.35 Girlfriends Gamanþáttur um vinkonur í blíðu og stríðu.
17.00 Rachael Ray Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.
17.45 Dr. Phil Dr. Phil McGraw hjálpar fólki að leysa vandamál og gefur góð ráð.
18.30 Dynasty Blake Carrington stýrir olíufyrirtæki og er umkringdur konum sem eru óhræddar við að sýna klærnar.
19.20 Are You Smarter than a 5th Grader? (e)
20.10 Kid Nation (12:13) Bandarísk raunveruleikasería þar sem 40 krakkar á aldrinum 8 til 15 ára flytja inn í yfirgefinn bæ og stofna nýtt samfélag. Þar búa krakkarnir í 40 daga án afskipta fullorðinna.
21.00 Age of Love (7:8) Bandarísk raunveruleikasería þar sem ástin er í aðalhlutverki. Í þættinum í kvöld fær Mark að kynnast fjölskyldum kvennanna fjögurra sem eftir eru og býður síðan tveimur stúlkum með sér í danskennslu.
▶21.50 The Real Housewives of Orange County (6:10) Raunveruleikasería þar sem fylgst er með lífi fimm húsmæðra í ríkasta bæjarfélagi Bandaríkjanna. Það er engin lognmolla hjá húsmæðrunum. Jo er að íhuga framtíð í skemmtanabransanum, Lauri veltir fyrir sér hvort hún eigi að byrja í nýjum bransa, Tammy skreppur úr bænum og á meðan heldur dóttir hennar partí.
22.40 Jay Leno Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á létta strengi.
23.30 The Evidence (e)
00.20 Dynasty (e)
01.10 Girlfriends (e)
01.35 Vörutorg
02.35 Óstöðvandi tónlist

N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

18.15 Fréttir og Að norðan Endurtekinn á klst. fresti til kl. 12.15 daginn eftir.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

Í KVÖLD

STÖÐ 2 SPORT 2 KL. 21.00

10 bestu – Eiður Smári

Er Eiður Smári Guðjohnsen besti knattspyrnumaður Íslendinga fyrr og síðar? Þegar stórt er spurt er fátt um svör en áhorfendur geta dæmt sjálfir eftir þátt kvöldsins. Í þessum þætti verður fjallað um margt áhugavert á ferli Eiðs Smára. Allt frá erfiðum tímum þegar ferillinn var í hættu og til glæstra sigra hjá Chelsea. Hvernig varð Eiður Smári einn sá besti? Fjölmörgum spurningum verður svarað í þessum magnaða þætti í kvöld.

▸ VIÐ MÆLUM MEÐ

Las Vegas

Stöð 2 kl. 20.45

Í kvöld hefst fimmta og síðasta þáttaröðin af Las Vegas. Þar fylgjumst við með lífi og störfum öryggisvarða í Montecito-spilavítinu þar sem freistingarnar eru óheyrilega margar fyrir spilafíkla, glæpahyski, fjárglæpamenn og aðrar veikgeðja sálir.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.05 Morgunvaktin
06.50 Bæn
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.30 Fréttayfirlit
09.05 Okkar á milli
09.45 Morgunleikfimi
10.13 Dalakofinn
11.03 Samfélagið í nærmynd
12.00 Fréttayfirlit
12.02 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.50 Dánarfregnir og auglýsingar
13.00 Útvarpsleikhúsið: Prinsessukjóll handa bestu móður veraldar
13.15 Á sumarvegi
14.03 Tónlistargrúsk
15.03 Útvarpssagan: Múrinn í Kína
15.30 Dr. RÚV
16.00 Síðdegisfréttir
16.13 Flækingur
17.03 Víðsjá
18.00 Kvöldfréttir
18.25 Spegillinn
18.50 Dánarfregnir og auglýsingar
19.00 Á sumarvegi
20.00 Leynifélagið
20.30 Sumarást
21.10 Listin og landafræðin
22.12 Orð kvöldsins
22.15 Kvöldsagan: Pan
22.45 Dragspilið dunar
23.30 Saga til næsta bæjar
00.07 Næturtónar

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

2 EXTRA

16.00 Hollyoaks Bresk unglingasápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester.
16.30 Hollyoaks
17.00 Seinfeld (21:22) Stöð 2 Extra sýnir nú þessa sígildu gamanþáttaröð eins og hún leggur sig, fjóra daga vikunnar og svo aftur um helgar.
17.30 Ally McBeal (3:23)
18.15 The Class (14:19) The Class er bráðskemmtilegu nýr gamanþáttur úr smiðju þeirra sem framleiddu Friends og Mad About You. Við fylgjumst með bekkjarmóti skrautlegra skólafélaga sem mörg hver hafa ekki sést í 20 ár. Með aðalhlutverk fer hjartaknúsarinn Jason Ritter.
18.35 The War at Home Hjónin Vicky og Dave halda áfram daglegri baráttu sinni við unglingana á heimilinu. Þar er alltaf líf og fjör enda sjá foreldrarnir ekki hlutina með sömu augum og unglingarnir.
19.00 Hollyoaks
19.30 Hollyoaks
20.00 Seinfeld (21:22)
20.30 Ally McBeal (3:23) Frábærir gamanþættir sem unnu til fjölda verðlauna á sínum tíma. Þættirnir fjalla um lögfræðinginn Ally McBeal og samstarfsfólk hennar, en einkalíf þeirra og ástarmál eru drepfyndin og stórfurðuleg.
21.15 The Class (14:19)
21.35 The War at Home
22.00 So you Think you Can Dance (3:23)
23.25 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV

ÍNN

20.00 Hrafnaþing Umsjón: Ingvi Hrafn Jónsson. Gestur: Eiríkur Jónsson formaður Kennarasambandsins.
21.00 Mér finnst... Spjallþáttur í umsjón Kolfinnu Baldvinsdóttur og Ásdísar Olsen. Gestir: Guðlaug Elísabet Ólafsdóttir, Björk Jakobsdóttir, Guðrún Bergmann.
Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.

DR 1

11.00 Saras køkken **11.30** Hammerslag **12.00** Det lille hus på prærien **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.05** Last Exile **13.30** SommerSummarum **15.05** Monster allergi **15.30** Lille Nørd **16.00** Sommertid **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** SommerVejret **17.05** Hercule Poirot **18.00** Hokus Krokus **18.30** Smag på Danmark - med Meyer **19.00** TV Avisen **19.25** Sommervejret på DR1 **19.35** Aftentour 2008 **20.00** Blodspor **21.05** Mistænkt 2 **22.50** Seinfeld

NRK 1

9.55 Country jukeboks **10.55** Du skal høre mye jukeboks **12.00** Vitenskap jukeboks **13.00** Norsk på norsk jukeboks **13.55** Skadeskutt **15.20** Landgang **15.50** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Postmann Pat **16.15** Eddy og bjørnen **16.25** Wassi, gutten fra Etiopia **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Grønn glede **17.55** Jordmødrene **18.25** Litt som deg **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Krigen **20.20** Extra-trekning **20.35** I kveld **21.00** Kveldsnytt **21.15** Den store eventyrar **22.55** Lydverket presenterer **23.30** Autofil jukeboks

SVT 1

10.00 Rapport **10.05** Strömsö **10.35** Landgång **11.05** Så länge skutan kan gå **12.35** Påhittiga Johansson **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **15.00** Anslagstavlan **15.05** På luffen i Norden **15.30** Bergen - Kirkenes t/r **16.00** Lilla blåa draken **16.10** Evas sommarplåster **16.20** Byggare Bob - Projekt: Bygg framtiden **16.30** Hej hej sommar **16.31** Philofix **16.50** Det femte väderstrecket **17.00** Unge greve Dracula **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Allsång på Skansen **19.00** Morden i Midsomer **20.35** Hollywoodredaktionen **21.00** Rapport **21.10** Berlinerpopplarna **22.00** Kringkastingsorkestret möter Vamp **23.00** Sändningar från SVT24

BESTI BITINN Í BÆNUM



„Súpan á Asíu er aðalmálið, ég borða hana nokkrum sinnum í viku og síðan er það föstudagspítsan hjá Geira 3d.“

Magnús Leifsson, grafískur hönnuður

Davíð Þór aftur í Gettu betur

„Ég hef lúmskt gaman af þessu þó að það hafi oft verið erfitt og ýmis spjót staðið á manni þá var þetta eftir á að hyggja þokkalega gaman,“ segir Davíð Þór Jónsson, þýðandi og skemmtikraftur. Hann hefur verið ráðinn til að taka að sér dómgæslu og semja spurningar í Gettu betur – spurningakeppni framhaldsskólanna sem verður að venju á dagskrá Ríkissjónvarpsins næsta vetur.

Davíð Þór þekkir Gettu betur mæta vel. Hann var spyrill á árunum 1996, 1997 og 1998 og var dómari árið 2007. Davíð Þór kannast mæta vel við að miklar kröfur eru gerðar til dómara keppninnar. Hann segir það eðlilegt miðað við hversu mikla vinnu framhaldsskólanemar sem í liðunum eru leggi í þetta sé sjálfsagt að framkvæmd keppninnar sé eins óaðfinnanleg og hægt er af hálfu þeirra sem standa að henni. „En, aðeins einn er óskeikull og hann kemur ekki nálægt Gettu betur. Óhjákvæmilegt er annað en að upp komi mistök. Ég held að það hafi ekki gerst enn í sögu keppninnar að menn hafi komist hjá því.“

Í fyrra var oft heitt undir Páli Ásgeiri Ásgeirssyni sem að mati kappsfullra menntskælinga var ekki nógu nákvæmur. Davíð Þór býr sig þessa dagana undir að semja gríðarlegt magn spurninga, segir það ekki eitthvað sem menn geri á kvöldin og um helgar viku fyrir keppni - þetta sé full vinna. Auk þess vinnur Davíð nú að BA-ritgerð sinni í guðfræði við Háskóla Íslands. Þórhallur Gunnarsson, dagskrárstjóri sjónvarps, segir að enn sé ekki búið að finna spyril en undanfarin ár hefur Sigmar Guðmundsson, aðstoðarritstjóri Kastljóssins, verið sá. „Ég fagna því að fá Davíð Þór, sem er reynslubolti, til liðs við okkur. Og frábær sjónvarpsmaður,“ segir Þórhallur sem gerir ekki ráð fyrir breytingum á keppninni - enda hvers vegna að breyta því sem virkar?

- shs

DAVÍÐ ÞÓR JÓNSSON Spyrill á ný í Gettu betur og býr sig nú undir að semja aragrúa spurninga. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



LÁRÉTT
2. bauti, **6.** guð, **8.** fornafn, **9.** angan, **11.** gelt, **12.** slagorð, **14.** urga, **16.** kúgun, **17.** ennþá, **18.** að, **20.** tveir eins, **21.** sjúkdómur.

LÓÐRÉTT
1. fjúk, **3.** kringum, **4.** gróðrahyggja, **5.** af, **7.** sambandsríkis, **10.** skraf, **13.** atvikast, **15.** sál, **16.** munda, **19.** í röð.

LAUSN

LÁRÉTT: **2.** bull, **6.** ra, **8.** mér, **9.** ilm, **11.** gá, **12.** frasi, **14.** iskra, **16.** ok, **17.** enn, **18.** til, **20.** dd, **21.** asmi.

LÓÐRÉTT: **1.** drif, **3.** um, **4.** fégirnd, **5.** frá, **7.** alríkis, **10.** mas, **13.** ske, **15.** andi, **16.** ota, **19.** lm.

VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8

1. Paul Ramses.
2. Á Akranesi.
3. Des Browne.



BALTASAR KORMÁKUR: GAMALL DRAUMUR RÆTIST

Sam Shepard í mynd Balta

„Hann er goðið. Þetta er gamall draumur,“ segir Baltasar Kormákur kvikmyndaleikstjóri.

Baltasar var að ganga frá því nú fyrir fáeinum dögum að ráða sjálfan Sam Shepard til að leika stórt hlutverk í kvikmynd sem hann leikstýrir úti í Nýju-Mexíkó – á verndarsvæði indíana. Um er að ræða Hollywood-myndina Run for her Live. Myndin kostar 80 milljónir dollara og er þetta í fyrsta skipti sem íslenskur leikstjóri gerir mynd af þessari stærðargráðu á erlendri grund.

Í aðalhlutverkum eru Dermot Mulrony og þýska leikkonan Diane Kruger en auk þeirra fara Vincent Perez og Jordi Maalá með hlutverk í myndinni ásamt Shepard.

„Þetta er stórt hlutverk en einangrað að því leyti að það er tekið upp sér. Hann er að leika Jim Harrisson, pólitíkus frá New-Mexico, sem er tvöfaldur í roðinu. Mig hefur lengi dreymt um að vinna með honum. Bæði er hann frábær leikari og mikið leikskáld. Hann stendur fyrir svo margt,“ segir Baltasar. Og ekki lítið hrós sem hann fékk frá Shepard sem hrósaði handritinu sem Baltasar hefur endurskrifað. „Þannig að það hlýtur eitthvað að vera í þessu.“

Baltasar lýgur engu um það: Sam Shepard er eitthvert virtasta núlifandi leikskáld heimsins auk þess sem afrekaskrá hans sem leikari á hvíta tjaldinu er tilkomumikil lesning: Frances, Homo Faber, The Pledge, The Right Stuff svo handahófskennd dæmi séu nefnd.

Baltasar var nýverið hér á landi, skrapp á Landsmót hestamanna meðan Bandaríkjamenn héldu upp á 4. júlí, segist hafa þurft að athuga með ræturnar þótt hann láti vel af sér í Nýju-Mexíkó.

SAM SHEPARD Gamla goðið hans Baltasars hefur fallist á að leika í myndinni Run for her Live. NORDICPHOTOS/GETTY

BALTASAR KORMÁKUR Ekki á hverjum degi sem íslenskur handritshöfundur fær hrós frá manni á borð við Sam Shepard.

„Þarna er mikill hiti. Og ég að breytast í súkkulaðisósu. En þetta gengur rosalega vel. Við erum tæplega hálfnaðir í tökum en fyrirhugað er að þeim ljúki í byrjun ágúst. Ég er á leiðinni aftur,“ segir Baltasar. Hann nefnir einnig mikinn hvalreka á fjörur þeirra sem að myndinni koma, en þar er um að ræða manninn sem stjórnaði öllum hasaratriðunum í Bourne-myndunum þar sem Matt Damon var í aðalhlutverki. „Já, munar um minna. Darrin Prescott er „stunt coordinator“. Bourne-myndirnar eru flottustu „action“-myndir sem gerðar hafa verið í Ameríku,“ segir Baltasar sem nú heldur utan til að ljúka tökum. Og er ekki lítið ánægður með það að vera að fara að starfa með sjálfum Sam Shepard.

jakob@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Sjónvarpsstjarnan **Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir** sneri á sunnudag heim úr mikilli reisu. Ragnhildur Steinunn var í mánuð í Bandaríkjunum ásamt góðvinkonu sinni **Sigrúnu Ósk Kristjánsdóttur**, ritstjóra Skessuhorns. Þær dvöldu í tvær vikur í Los Angeles en heimsóttu líka Las Vegas og New York. Auk þess notuðu þær ferðina og kíktu yfir til Nýju-Mexíkó þar sem þær fylgdust með tökum á Hollywood-mynd leikstjórans **Baltasars Kormáks**.



Sigríður Dögg Auðunsdóttir verðlaunablaðamaður er mætt til starfa á ný eftir fæðingarorlof og skrifar um þessar stundir í Mannlíf þar sem ræður ríkjum hennar fyrrverandi yfirmaður, **Sigurjón Magnús Egilsson**. Þau eru einmitt tvíeykið sem stóð í eldlínunni á Fréttablaðinu þegar **Jónínu Benediktsdóttur**-mál og tölvupóstur hennar kom upp og málarekstur varð í kjölfarið þannig að búast má við látum. Sigríður Dögg hyggst þó ekki staldra lengi við og hættir störfum í haust hjá Birtíngi en þaðan hvarf **Valdimar Birgisson,** auglýsingastjóri og eiginmaður, hennar fyrir nokkru.

Á götum Kópavogs hefur **Prince Rajcomar**, leikmaður Breiðabliks í knattspyrnu, sést aka um á splunkunýjum hvítum Range Rover. Hafa menn velt fyrir sér hvort laun knattspyrnumanna í Landsbankadeildinni séu orðin svo há að menn geti leyft sér að kaupa slíkt tryllitæki. Sú mun ekki vera raunin því bílinn á **Gylfi Gylfason**, sölufulltrúi hjá Remax Lind, og góður vinur Prinsins. Prince fær hann hins vegar lánaðan stöku sinnum þegar hann vill fara út að leika, ef svo má að orði komast.

-hdm/jbg/shs

Kannabis-auðkýfingur á Íslandi

Það var dýrari gerðin af lystisnekkju sem lagði að Reykjavíkurhöfn í gær. Um var að ræða snekkjuna Lone Ranger Hamilton sem er í eigu auðkýfingsins Peters Lewis. Peter þessi er stjórnarformaður í Progressive Corporation sem er tryggingafélag sem sérhæfir sig í tryggingum ökutækja. Fyrirtækið hefur aðsetur í Cleveland og var stofnað árið 1937 af föður Peters, Joseph Lewis. Snekkjan er stór í sniðum, það stór að önnur snekkja var flutt með henni.

Peter lagði af stað frá Narsarsuaq á Grænlandi hinn 20. júní og stefndi þá að því að eyða tveimur vikum í siglingar við Grænland.

Peter er dyggur stuðningsmaður Demókrataflokksins í Bandaríkjunum og annarra vinstri afla. Þá hefur hann einnig barist fyrir löglei ðingu marijúana árum saman. Hann er stórvinur auðkýfingsins George Soros. Báðir studdu þeir samtökin America Coming Together sem höfðu það að leiðarljósi að hindra endurkjör George W. Bush árið 2004.

-shs

LONE RANGER HAMILTON Lystisnekkja Peters Lewis lá í Reykjavíkurhöfn í gærdag. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ný kynslóð af Slendertone System tækjum ... mun öflugri en áður!

Flott í sumar...

stinnari líkami á aðeins 4 vikum

Áratuga reynsla og rannsóknir sýna að Slendertone virkar.
4 vikna þjálfunaráætlun fylgir - fáðu stinnari og fallegri líkama á aðeins 4 vikum...

pakki 1

Slendertone belti
+ buxur eða pils
þjálfar rass og læri og kviðvöðva

kr. 34.950.-

pakki 2

Slendertone belti
+ armar
þjálfar kviðvöðva og upphandleggsvöðva

kr. 30.900.-

pakki 3

Slendertone buxur
eða pils + armar
þjálfar rass og læri
og upphandleggsvöðva

kr. 34.950 .-

pakki 4

Tilboðsverð fyrir dömur
- alhliða pakki
Slendertone belti
+ buxur eða pils + armar
þjálfar og stinnir allan líkamann

kr. 42.900.-

nuddtæki

6 nuddkerfi
- Kneading Massage
- Swedish Massage
- Shiatsu Massage
- Deep Tissue Massage
- Athletes Massage
- Power Massage

Slökun - vellíðan - innri ró

verð kr. 18.900

SLENDERTONE™
System belti
fyrir kviðvöðva
dömu / herra
kr. 24.900,-

Eitt stjórntæki með hleðslubatterí, sem þú getur notað við allar tegundir Slendertone System

SLENDERTONE System

Tími til að líta vel út ...!

allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717
www.hreysti.is
Opið virka daga 10-18 - Lokað á laugardögum í sumar

Sendum í póstkröfu

KORTER.IS

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**

MEST LESIÐ:

Læknavakt á Suðurnesjum lokað vegna fjárskorts
Ramses meðhöndlaður eins og fangi á Ítalíu
Jón ákærður fyrir hundraða milljóna króna skattsvik
Hópslagsmál í Reykjanesbæ

BAKÞANKAR
Karenar D. Kjartansdóttur

Fólk eins og Jónína

Ég hef mig grunaða um að vera að eldast ískyggilega núna og jaðrar stundum við að mér þyki ég vera miðaldra íhaldsseggur. Ég get til dæmis ekki fyrir mitt litla líf fyllst heilagri vandlætingu á störfum Útlendingastofnunar og Björns Bjarnasonar þessa dagana vegna meðferðarinnar á Kenýumanninum Pauls Ramses, enda málið langt frá því að vera einsdæmi.

VISSULEGA þykir mér sérlega kaldranalega hafa verið staðið að málinu og hallærislegt hvernig vitnað er í Dyflinnarsáttmálann af fullkominni hentugleikastefnu (held meira að segja að einhverjir embættismenn sjái sér leik á borði og vitni nú í sáttmálann til að sleppa við húsverk heima hjá sér).

SJÁLFRI finnst mér sjálfsagt að Paul, kona hans og sonur fái athvarf hér á landi. Mér finnst meira að segja hið besta mál að allt gott fólk fái að setjast að á Íslandi – og það jafnvel án þess að það segist vera á dauðalista. Ég á erfitt með að hneykslast þegar fréttir berast af því að ófremdarástandinu sé lokið í Keníu og hættan kannski ekki eins mikil og fjölmiðlar vilja vera láta í máli Pauls.

ÞETTA á samt auðvitað ekki að skipta máli fyrir Paul eða þann fjölda annars fólks sem hér hefur leitað hælis. Þar sé ég ekki betur en að mannúð sé undantekning, frekar en venjan.

ÞAÐ er af sem áður var. Einu sinni náði umhyggjan fyrir flóttamönnum svo langt að umhverfisráðherra landsins mætti í Kastljós og veifaði reiðilega bæklingum framan í þáttagerðarmann og alþjóð sem innihéldu upplýsingar um mannréttindabrot gegn konum í Venesúela. Núna virðist öllum sama um flóttamenn – þangað til blöðin komast í málið. Alveg eins og enginn reyndi að bjarga ísbjörnum fyrr en blöðin voru búin að sýna einn dauðan.

VANTAR ekki bara fleira fólk eins og Jónínu Bjartmarz? Hún veitir flóttamönnum skjól. Hún hefði aldrei skotið ísbjörn.

GÓÐAN DAG!

Í dag er þriðjudagurinn 8. júlí, 191. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
Reykjavík	3.22	13.33	23.41
Akureyri	2.28	13.17	0.03

Heimild: Almanak Háskólans